


skoðun 16

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Háskólar
Lífið




Matur í Magna
*Gísli Matthías Auðunsson opnar veitingastað í Magnahúsinu í Vestmannaeyjum.*
**allt**




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
27. janúar 2012
23. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Fjör á jeppa í snjónum
*Útvarpsmaðurinn Svali blótar ekki ofankomunni.*
**lífsstíll 30**

## Tískufyrirmyndir úr fortíðinni
*Steinunn Sigurðardóttir er sýningarhönnuður kjólasýningar í Þjóðminjasafninu.*
**menning 26**



## Engin kraftaverk á Króknum
*Bárður Eyþórsson er að gera frábæra hluti með Stólana í körfunni.*
**sport 34**

## veðrið í dag




**HVESSIR** Í dag hvessir af suðaustri með úrkomu fyrst SV-til. Má búast við 13-20 m/s V-til seinnipartinn. Hlýnar í veðri um allt land fram á kvöldið.
**VEÐUR 4**

# Vilja endurskoða búvörulög

**Samkeppniseftirlitið telur það neytendum og þjóðfélaginu öllu til bóta ef búvörulög yrðu endurskoðuð. Steingrímur J. Sigfússon ætlar ekki að kollvarpa núverandi landbúnaðarkerfi en útilokar ekki breytingar.**

**SAMKEPPNI** Samkeppniseftirlitið (SE) vill að búvörulög verði tekin til endurskoðunar til að auka samkeppni hér á landi. Eftirlitið telur að slíkt yrði neytendum og öllu þjóðfélaginu til bóta. Þetta kemur fram í tillögum sem SE leggur fram í nýrri skýrslu um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði sem kynnt var í gær.

Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra landbúnaðar- og samkeppnismála, segir ekki standa til að kollvarpa landbúnaðarstefnunni vegna samkeppnislegra ástæðna. Þó komi til greina að gera breytingar á gildandi fyrirkomulagi.

Í skýrslu SE segir að mikilvægt sé að stjórnvöld grípi til aðgerða til að efla samkeppni. Það eigi ekki „síst við um málefni er varða vinnslu og sölu landbúnaðarafurða. Ljóst er að yfirvöld hafa ekki dregið fullnægjandi lærdóm af þeim jákvæðu áhrifum sem reynslan sýnir að heilbrigð samkeppni getur haft á ýmis svið landbúnaðar.[...]Með hliðsjón af ofangreindu telur Samkeppniseftirlitið m.a. mjög mikilvægt að búvörulög verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að jafna samkeppnisstöðu og auka virka samkeppni á mörkuðum fyrir landbúnaðarafurðir neytendum og þjóðfélaginu öllu til hagsbóta“.

> Ég sé því ekki fyrir mér að við förum að kollvarpa landbúnaðarstefnunni bara vegna þess að það yrði jákvætt í samkeppnislegu tilliti.
>
> **STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**
> SJÁVARÚTVEGS - OG LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA

Steingrímur segist ánægður með skýrsluna en að ekki standi til að kollvarpa þeirri landbúnaðarstefnu sem er við lýði þrátt fyrir tillögur SE. „Þarna vegast á ýmsir ólíkir hagsmunir. Frá hreinu samkeppnislegu sjónarmiði má færa rök fyrir slíkri endurskoðun. Hinum megin frá koma sjónarmið sem snúa að fæðuöryggi og byggð í landinu. Landbúnaður ætti sér ekki tilverugrundvöll á Íslandi ef innflutningur væri óheftur. Ég sé því ekki fyrir mér að við förum að kollvarpa landbúnaðarstefnunni bara vegna þess að það yrði jákvætt í samkeppnislegu tilliti. Það getur komið til greina að gera breytingar á fyrirkomulaginu en þá þarf líka að ná fram öðrum markmiðum til að við getum staðið vörð um innlenda framleiðslu og innlendan matvælaiðnað. Við verðum að geta staðið undir 50% af matvælaframleiðslu til að stuðla að fæðuöryggi.“ **- þsj/****sjá síðu 10**



**ILLFÆRT AÐ TUNNUNUM** Það mæðir mikið á sorphirðumönnum Reykjavíkurborgar eins og öðrum sem þurfa að athafna sig úti við í fannferginu þessi dægrin. Snjóþyngslin hafa valdið ýmiss konar töfum um land allt og sumir týndu heilu bílunum í sköflum. **sjá síðu 6** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






Flugstjóri telur köfunarkunnáttu Eiríks Inga Jóhannssonar hafa skipt sköpum:

# Augnablik eins og klukkutímar

**SLYS** „Í huga sjómannsins hljóta þessar mínútur að hafa verið eins og margir klukkutímar. Í raun tók það samt ekki nema þrjár til fjórar mínútur að ná honum um borð eftir að við sáum hann fyrst,“ segir Olve Arnes, flugstjóri björgunarþyrlunnar sem fann og bjargaði Eiríki Inga Jóhannssyni, bátsverja á Hallgrími SI 77, á miðvikudag. „Hann er afar sterkur maður, sérstaklega andlega, tel ég.“

Arnes segir í viðtali við Fréttablaðið að björgunin hafi gengið ákaflega vel miðað við aðstæður, en komið hefur fram að aftakaveður var á slysstað.

Arnes segir að það fyrsta sem Eiríkur Ingi sagði eftir að hann kom um borð í þyrluna voru skilaboð um að halda leitinni áfram. Gaf hann fljótt og vel mjög nákvæmar upplýsingar sem einfölduðu aðgerðir á slysstað. „Hann gaf strax upplýsingar sem hann taldi að gætu leitt til þess að félagar hans myndu finnast.“

Arnes segir að Eiríkur hafi verið í afar góðu ásigkomulagi. „Við ætluðum varla að trúa þessu, enda voru aðstæður hrikalegar. Sjórinn ískaldur og öldurnar búnar að færa hann aftur og aftur á kaf“, segir Arnes.

> Við ætluðum varla að trúa þessu, enda voru aðstæður hrikalegar. Sjórinn ískaldur og öldurnar búnar að færa hann aftur og aftur á kaf.
>
> **OLVE ARNES**
> FLUGSTJÓRI

Eiríkur Ingi er köfunarkennari, eins og hann greindi þyrluáhöfninni frá. „Það er engin spurning að það hefur haft mikið að segja um björgun hans enda ekki fyrir hvern sem er að komast frá þessu,“ segir Arnes.

Arnes segir að endurskin af björgunargalla Eiríks Inga hafi orðið til þess að áhöfn þyrlunnar veitti honum athygli. Þá hélt Eiríkur sér í olíutunnu en náði að veifa til þyrlunnar og gera vart við sig.

Hann segir að engin tilviljun hafi ráðið því að Eiríkur Ingi fannst svo fljótt eftir að þyrlan kom á vettvang. Nákvæm staðsetning lá fyrir um slysstað vegna upplýsinga frá neyðarsendi skipsins. Rek á braki úr skipinu hafi síðan ákvarðað leitarsvæðið, sem leiddi til þess að áhöfnin kom auga á Eirík í sjónum. **- shá**


Maxi
Jurtaolia með smjörbragði



Smjörbragð án transfitu.
Frábær í Bearnaise og til steikingar á flestum mat.
www.maxi.is

## SPURNING DAGSINS



*Guðrún Eva, varstu vakin með kossi í morgun?*

„Já, ég fékk koss á báðar kinnar.“

Guðrún Eva Mínervudóttir hlaut á miðvikudag Íslensku bókmenntuverðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir bókina Allt með kossi vekur.

Hafrannsóknastofnun leggur til 765 þúsund tonna hámarksafla í loðnu:

# Útlit fyrir stærstu loðnuvertíð í áratug

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnunin leggur til að leyfilegur hámarksafli á loðnuvertíðinni verði 765 þúsund tonn, að meðtöldum þeim afla sem búið var að veiða þegar mælingar fóru fram. Um 590 þúsund tonn af loðnu munu falla til íslenskra útgerða. Útflutningsverðmætið er um 30 milljarðar króna, segir á heimasíðu LÍÚ.

Í janúar hefur rannsóknaskipið Árni Friðriksson verið við rannsóknir og mælingar á stærð loðnustofnsins frá sunnanverðum Austfjörðum, norður um og allt að Norðvesturmiðum. Fyrstu dagana komu jafnframt 11 veiðiskip að því að kanna útbreiðslu loðnunnar út af Austfjörðum og Norðurlandi. Útreikningar á stærð veiðistofnsins sýna að alls mældust 1.065 þúsund tonn af kynþroska loðnu í fyrri mælingunni, en 1.020 þúsund tonn í þeirri síðari.

Í ljósi gildandi aflareglu um að skilja 400 þúsund tonn eftir til hrygningar hefur Hafrannsóknastofnunin nú lagt til að leyfilegur hámarksafli á vertíðinni 2011/2012 verði ákveðinn 765 þúsund tonn, eins og áður sagði.

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, segir fréttirnar afar ánægjulegar enda verði loðnuvertíðin í ár sú stærsta í um áratug og gefi góðar vonir um framhaldið. Hann segir þetta ekki síður mikilvægt fyrir lífríkið í hafinu vegna fæðuöflunar annarra nytjastofna. **- shá**



**Á NÖSUNUM Í VESTMANNAEYJAHÖFN** Það styttist óðum í að loðnuvertíðin fari á fullt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



**MEISTARAEINVÍGI** Friðrik og Nancy Íslandsmeistari að tafli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Friðrik Ólafsson heiðraður:

## Jafnt hjá barnameistaranum

**SKÁK** Skákdagur Íslands var haldinn í fyrsta sinn í gær. Stórmeistarinn Friðrik Ólafsson var heiðraður í tilefni dagsins, en Friðrik átti einmitt 77 ára afmæli.

Margs konar uppákomur tengdar skák voru um allt land í tilefni dagsins, en meðal annars var athöfn á Bessastöðum þar sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fór í ávarpi yfir afrek Friðriks og áhrif hans á skákíþróttina og þjóðina alla.

Að lokinni ræðu forseta tefldi Friðrik við Nancy Davíðsdóttur Íslandsmeistara barna. Skákinni lyktaði með jafntefli. **- þj**

Fjögurra ára fangelsi:

## Þyngri dómur fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur þyngt fangelsisdóm yfir Grétari Torfa Gunnarssyni, 31 árs, úr þremur árum í fjögur. Grétar nauðgaði konu sumarið 2010.

Grétar þröngvaði konunni til munnmaka, samræðis og endaþarmsmaka í heimahúsi en bar að það hefði verið með fullu samþykki hennar. Líkamlegir áverkar og andlegt ástand hennar þóttu hins vegar næg sönnun þess að svo hefði ekki verið.

Hæstiréttur telur að með hliðsjón af einbeittum brotavilja Grétars beri að þyngja refsinguna. Honum er eftir sem áður gert að greiða konunni 1,2 milljónir í miskabætur. **- sh**

# Þvinga á fram gögn um brjóstastækkanir

**Velferðarráðherra ætlar að beita sér fyrir lagabreytingum ef lýtalæknar afhenda ekki upplýsingar um brjóstastækkanir. Landlæknir undirbýr aðgerðir í málinu og undrast afstöðu lýtalækna, sem nú hafa leitað til Persónuverndar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Velferðarráðherra mun beita sér fyrir lagabreytingum til að krefja lýtalækna um að afhenda landlæknisembættinu upplýsingar, leysist málin ekki á næstunni. Hópur lýtalækna neitar landlækni enn um upplýsingar varðandi brjóstastækkanir sem þeir hafa gert á sjúklingum sínum frá árinu 2000. Þeir hafa leitað með málið til Persónuverndar.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir afstöðu sína í málinu afar skýra.

„Ef við ætlum að hafa eftirlit með því hvað fagfólk með lögvarin starfsréttindi er að gera við líkama fólks, án þess að vera hluti af hinu opinbera heilbrigðiskerfi og skilmálunum þar, þá virkar þetta kerfi aldrei,“ segir hann. „Það getur ekki verið svo að við megum vita minna um mannslíkamann heldur en bílana okkar ef fréttist af galla aðri vöru. Við munum því skoða þetta mjög alvarlega og ef þar vantar lagastoð til að fylgja því eftir, þá þarf að skoða hvernig við getum breytt þeim lögum.“

Guðbjartur segir það algerlega óhugsandi að heilbrigðisyfirvöld geti ekki gripið til tafarlausra aðgerða með fullum stuðningi lækna til að vernda íbúa landsins þegar mál eins og það í kringum PIP-púðana koma upp.

„Því þetta eru ekki bara fyrirtæki, þetta eru menn sem starfa undir læknaeiði og eru með réttindi umfram alla aðra til að sinna ákveðnum verkum,“ segir hann. „Það er eins gott að þeir standi undir því og ég treysti á að þeir muni gera það.“

Tveir lýtalæknar af þeim tólf sem landlæknir krafði um upplýsingar fyrir lok síðustu viku, hafa skilað inn gögnum. Að sögn Geirs Gunnlaugssonar landlæknis eru þau gögn þó „ekki fullkomin“.

Hann er ekki sammála túlkun læknanna, sem telja að trúnaður milli læknis og sjúklings vegi þyngra en réttur landlæknisembættisins til upplýsinga til að sinna eftirlitsskyldu sinni.

„Við erum að vinna í því að grípa til aðgerða til að fá þessar upplýsingar og munum skilgreina ferlið mjög vel,“ segir hann. „Allar upplýsingar um heilbrigðisþjónustu á landinu eiga að vera aðgengilegar á hverjum tíma til að vita hvað fer fram í heilbrigðiskerfinu og það er fjöldi lækna sem styður okkur í þeirri afstöðu. Við munum fá niðurstöðu í þessu máli.“

Ekki náðist í Ottó Guðjónsson, formann Félags lýtalækna.

sunna@frettabladid.is



**SÍLÍKONPÚÐI** Formaður Læknafélagsins vill fá leiðbeiningar frá Persónuvernd um hvernig upplýsingarnar um brjóstastækkanir skuli meðhöndlaðar.

### Bráðliggur ekki á brjóstastækkunarskrá

Formaður Læknafélags Íslands, Þorbjörn Jónsson, segir hóp kvenna hafa hringt til lýtalæknanna og óskað eftir því að nafn þeirra birtist ekki á skrám landlæknis. „Það setur þá í ákveðna klemmu,“ segir Þorbjörn. „Þeir leituðu því til okkar og niðurstaðan var sú að við ætluðum að bíða eftir áliti Persónuverndar.“ Hann segir málið snúast um skráarhald og heimild landlæknis til að halda „brjóstastækkunarskrá“ annars vegar, og trúnaðarskyldu lækna gagnvart sjúklingum hins vegar.

„Það má segja að það bráðliggi ekkert á að gera einhverja brjóstastækkunarskrá fyrir allar konur á Íslandi. Það er betra að þetta sé á traustum grunni reist.“

Í lögum um landlækni frá árinu 2007 eru tilteknar átta tegundir heilbrigðisskráa sem embættinu er heimilt að skrá upplýsingar um sjúklinga án þeirra samþykkis, til dæmis fæðingaskrá, krabbameinsskrá, slysaskrá, samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga og skrá um sykursýki.

## Fórust í sjóslysi

Mennirnir þrír sem eru taldir af eftir sjóslys í Noregshafi í gærdag þegar togarinn Hallgrímur SI-77 fórst eru Einar Gísli Gunnarsson, fæddur 1944, búsettur í Grafarvogi. Hann lætur eftir sig eiginkonu og fjórar uppkomnar dætur og eitt barnabarn.



**EINAR G. GUNNARSSON**

Magnús Þ. Daníelsson, fæddur 1947, búsettur í Njarðvík. Hann lætur eftir sig eiginkonu, þrjú uppkomin börn og fimm barnabörn.



**MAGNÚS Þ. DANÍELSSON**

Gísli Garðarsson, fæddur 1949, búsettur í Keflavík. Hann lætur eftir sig eiginkonu.



**GÍSLI GARÐARSSON**

Bænastundir vegna sjóslyssins á miðvikudag verða haldnar í dag klukkan 18.00 í Grafarvogskirkju og í Ytri-Njarðvíkurkirkju.

**STJÓRNMÁL**

### Jóhann til ríkisstjórnarinnar

Blaðamaðurinn Jóhann Hauksson hefur verið ráðinn til forsætisráðuneytisins sem upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar. Hann er ráðinn samkvæmt lagaheimild með sama hætti og aðstoðarmenn ráðherra, að því er segir í tilkynningu frá ráðuneytinu, og hefur þegar tekið til starfa. Jóhann er menntaður félagsfræðingur og hefur starfað við fjölmiðla frá 1986.






Lífið, nýtt vikublað um lífsstíl, fylgir Fréttablaðinu í fyrsta sinn í dag:

# Leggja áherslu á jákvæðar fréttir

**FJÖLMIÐLAR** Lífið, nýtt fylgirit Fréttablaðsins um lífsstíl og dægurmál, kemur út í fyrsta sinn í dag í ritstjórn Ellýjar Ármannsdóttur og Kolbrúnar Pálínu Helgadóttur.

„Við vorum búnar að ganga með þá hugmynd í maganum um nokkurt skeið að gera létt og skemmtilegt lífsstílsblað fyrir konur sem yrði laust við alla æsifréttamennsku,“ segir Kolbrún Pálína um nýja verkefnið. „Við erum því afar ánægðar með að það sé orðið að veruleika.“

Ellý og Kolbrún búa að talsverðri reynslu af skrifum um lífsstíl – Ellý hefur um hríð verið umsjónarmaður Lífsins á Vísi og Kolbrún Pálína ritstýrði Nýju lífi í rúmt ár þar til í fyrrasumar.

Lífið mun koma út alla föstudaga og leysir af hólmi vikublaðið Föstudag.

Í fyrsta tölublaðinu er meðal annars að finna viðtal við Manuelu Ósk Harðardóttur, sem er flutt til Íslands eftir að hafa staðið í ströngu í Bretlandi undanfarin fjögur ár.

Þá má jafnframt lesa um skoðanir nokkurra þjóðþekktra kvenna á því að þær hafi verið orðaðar við embætti forseta Íslands.



**ÁNÆGÐIR RITSTJÓRAR** Kolbrún og Ellý eru engir nýgræðingar í lífsstílsblaðamennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kolbrún Pálína segir að þær Ellý ætli að hafa jákvæðnina að leiðarljósi við ritstjórnina.

„Í þessu blaði verða eingöngu jákvæðar og skemmtilegar fréttir af fólki, viðtöl við sterkar íslenskar konur úr öllum stéttum þjóðfélagsins og uppbyggileg umfjöllun um lífsstíl.“ **- sh**




# Það er gott að njóta öryggis í vetrarfærðinni á fjórhjóladrifnum Suzuki.



**SUZUKI GRAND VITARA**
**Mest seldi jeppinn á Íslandi s.l. 3 ár**
Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Með öflugur og sparneytinni 2,4L vél sem gerir góðan bíl enn betri. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur.
**Grand Vitara Premium+**
2,4L 169 hö, beinskiptur kr. **5.350 þús.**
2,4L 169 hö, sjálfskiptur kr. **5.650 þús.**



**NÝR SUZUKI SWIFT 4x4**
**Stærri , rúmbetri og með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.**
Verð kr. **3.150 þús.**
Meðaleyðsla 5,5L/100 Km.



**SX4 SPORTJEPPLINGURINN**
Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.
Með 1,6L vél. Verð kr. **3.690 þús.**
Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur

## Komdu og reynsluaktu

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

Hugtök Markaðsráðgjöf, jan 2012

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

## GENGIÐ 26.01.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,34 | 122,92 |
| Sterlingspund | 192,11 | 193,05 |
| Evra | 161,01 | 161,91 |
| Dönsk króna | 21,655 | 21,781 |
| Norsk króna | 21,001 | 21,125 |
| Sænsk króna | 18,140 | 18,246 |
| Japanskt jen | 1,5769 | 1,5861 |
| SDR | 189,19 | 190,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,1523

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Verjandi Geirs krefst sýknu vegna óljósra og matskenndra refsiheimilda:

# Ekki heimild til að minnka bankana

**DÓMSMÁL** Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, segist ekki hafa haft heimild í lögum til að grípa inn í starfsemi bankanna með það að augnamiði að minnka starfsemi þeirra. Þá hafi stærð bankakerfisins heyrt stjórnarfarslega undir annan ráðherra. Þetta kemur fram í greinargerð verjanda Geirs.

Þar er öllum ákæruliðum Alþingis hafnað og þess krafist að Geir verði sýknaður og allur málskostnaður, þar með talin þóknun til verjanda og útlagður kostnaður, auk virðisaukaskatts, verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerðin er ítarleg, tæpar 90 síður. Krafist er sýknu á ákærunni í heild þar sem refsiheimildir sem hún byggist á séu svo óljósar og matskenndar að þær brjóti gegn meginreglu stjórnarskrárinnar um skýrleika refsiheimilda.

Þá segir að án tillits til þess að skýrar lagaheimildir hafi skort til þess að stuðla að minnkun bankakerfisins segir að ósannað sé að það hafi verið hægt. Veigamikil rök mæli gegn því að sala eigna eða flutningur úr landi hafi verið raunhæf á þeim tíma. **- kóp**



**GEIR H. HAARDE** Í greinargerð sem verjandi forsætisráðherrans fyrrverandi vann er öllum ákæruliðum hafnað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Illa skafnir bílar vekja eftirtekt:

## Sektað ef ekki sér út fyrir snjó

**LÖGREGLA** Nokkuð ber á því að ökumenn hirði ekki um að skafa af bílrúðum áður en lagt er af stað að því er fram kemur á vef lögreglunnar.

Bent er á að 5.000 króna sekt liggi við, en ökumenn leggi með þessu sjálfa sig og aðra vegfarendur í hættu með takmörkuðu útsýni.

„Lögreglan hefur haft afskipti af mörgum ökumönnum fyrir áðurnefndar sakir í gegnum árin," segir á vefnum. **- óká**



**ENDURGREIÐA SKILVÍSUM** 33 þúsund viðskiptavinir Arion banka eiga von á endurgreiðslu frá bankanum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skilvísir lánþegar fá til baka:

## 33 þúsund viðskiptavinir fá endurgreitt

**FJÁRMÁL** Arion banki mun í dag endurgreiða um 33 þúsund „skilvísum lánþegum" vegna afborgana af lánum á síðasta ári.

Aðallega er um að ræða afslátt vegna íbúðalána þar sem endurgreiðsla er miðuð við tvo gjalddaga síðasta árs, eða um 16,7%, en einnig er gert ráð fyrir 30% afslætti af vaxtagreiðslum yfirdráttarlána. Meðalgreiðslur vegna íbúðalánanna eru um 125 þúsund á hvern viðskiptavin, en um 13 þúsund vegna yfirdráttarlána. Kostnaður vegna þessa er áætlaður um 2,5 milljarðar.

Í tilkynningu frá bankanum segir að yfirtöku á lánasafni þrotabús Kaupþings sé nýlokið, auk þess sem átaki bankans gagnvart viðskiptavinum í skuldavanda sé að ljúka. **- þj**

### LEIÐRÉTT

Ekki var rétt farið með nöfn þeirra sem sátu í dómnefnd Íslensku bókmenntaverðlaunanna í blaðinu í gær. Í nefndinni sátu Árni Matthíasson, Þorgerður Einarsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson.

Ranglega var farið með föðurnafn Marteins Þórssonar í myndatexta á forsíðu blaðsins í gær. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Engin efnisleg rök fyrir afturköllun

**Saksóknari Alþingis segir ekkert hafa komið fram efnislega sem styðji afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde. Alþingi hafi hins vegar vald til að hætta við ákæru. Mikilvægt sé að fá ákvörðun sem fyrst. Vitnaleiðslur hefjast í mars.**

**ALÞINGI** Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, segir engar forsendur hafa breyst í málinu gegn Geir H. Haarde sem styðji afturköllun ákæru á hendur honum. Það sé hins vegar Alþingis að taka þá ákvörðun og ef það, sem ákæruaðili, hafi skipt um skoðun í málinu, hafi vissulega orðið veigamikil breyting.

Sigríður sat fyrir svörum á opnum fundi stjórnkerfis- og eftirlitsnefndar í gær ásamt Helga Magnúsi Gunnarssyni aðstoðarsaksóknara. Sigríður sagði skýrt í þeirra huga að engar forsendur hafi breyst í málinu.

„Í þingsályktunartillögunni er talað um að að það hafi verið vísað frá einhverjum höfuðákæruliðum. Við erum ekki sammála því að þannig sé staðan.

Málið hefur ekkert breyst í sjálfu sér út af því. Og að það að þetta kosti einhverja peninga eða tefji Hæstarétt, það eru ekki efnisrök í málinu heldur. Og að það hafi bara verið einn ákærður, en ekki fjórir eða þrír eða hvernig menn vildu hafa það, var ekki brot á jafnræðisreglunni. Það er búið að fjalla um það í fómi Landsdóms og það var svo sem vitað fyrirfram. Þetta gerist nú í sakamálum þegar tekin er ákvörðun um að ákæra einn en ekki annan, hvernig sem mönnum líður svo með það."

Helgi Magnús tók undir að engar efnislegar forsendur hefðu breyst. Ef ákærandinn efaðist hins vegar um að ákæran væri rétt væru það vissulega breyttar forsendur.

Saksóknararnir lögðu þó áherslu á að Alþingi færi með ákæruvaldið og gæti hvenær sem er dregið ákæruna til baka. Þau sögðust ekki sammála túlkunum á aðra lund, svo sem frá Ólafi Jóhannessyni, enda ættu þær sér enga stoð í lögum.

Sigríður sagði mikilvægt að fá á hreint hvaða örlög tillaga Bjarna fær sem fyrst, en vitnaleiðslur eru fyrirhugaðar 5. mars. Mjög óþægilegt væri að halda saksókn áfram meðan óvissa ríkti um hvort ákæra yrði afturkölluð. Erfitt væri um vik með að hnika vitnaleiðslum í svo yfirgripsmiklu máli.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**SETIÐ FYRIR SVÖRUM** Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, og Helgi Magnús Gunnarsson varasaksóknari sátu fyrir svörum hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Er venjulegt sakamál

Saksóknararnir lögðu áherslu á að um venjulegt sakamál væri að ræða. Það væru ekki rök í málinu að sakborningi væri fyrir bestu að fá að svara fyrir mál sitt. Slíkt ætti ekki við í sakamálum. Sigríður sagði þá sem sitja undir ákæru eiga rétt á skjótri og gegnsærri málsmeðferð.

Helgi Magnús sagði að í grunninn snerist málið um meint brot einstaklings. Ekki mætti missa sjónar á því að um manneskju væri að ræða sem sætti ákæru sem þyrfti að meðhöndla eins og lögin segja til um.

Tveir Malasíubúar dæmdir:

## Hugðust svíkja út tvö Rolex-úr

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt tvo Malasíubúa í níu mánaða fangelsi, þar af sex skilorðsbundna, fyrir að reyna að svíkja út rándýr Rolex-úr á fölsuð greiðslukort. Sex mánuðir refsingarinnar eru skilorðsbundnir.**

**Tvímenningarnir framvísuðu haganlega fölsuðum greiðslukortum á eigin nafni í verslun Franks Michelsen við Laugaveg í desember síðastliðnum og freistuðu þess að kaupa með þeim tvö úr fyrir rúmar 2,2 milljónir. Posinn gaf til kynna að um vákort væri að ræða og lögregla var kölluð til. - sh**

Danir streyma til Noregs:

## Hærri laun og lægri skattar

**NOREGUR** Sífellt fleiri Danir leita nú vinnu í Noregi. Samkvæmt upplýsingum frá danska sendiráðinu í Ósló eru 50 til 60 þúsund Danir við störf í Noregi. Laun þar eru hærri en í Danmörku og skattarnir lægri. Atvinnuleysi í Danmörku er nú 6 prósent en 2,4 í Noregi.

Þótt fjöldi Dana starfi í Noregi eru Svíarnir fleiri. Pólverjar eru næstflestir, að því er segir á vef Aftenposten.

Í fyrra fengu 80.700 Svíar skattkort í Noregi, 70.800 Pólverjar, 25.500 Litháar og 22 þúsund Danir. **- ibs**

### SAMGÖNGUR

**Undirgöng fyrir hjólastíg**

Samgöngustjóri Reykjavíkurborgar vill að gerð verði göng undir Reykjaveg skammt frá gatnamótunum við Suðurlandsbraut til að bæta öryggi hjólreiðamanna. Segir hann leiðina um Suðurlandsbraut og Laugaveg á milli Hlemms og Sæbrautar eina fjölförnustu hjólaleið borgarinnar.


**Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins fer fram föstudaginn 27. janúar í Iðnó við Tjörnina í Reykjavík.**

**Dagskrá:**
20:00: Húsið opnað, pönnukökur og kaffi.
20:40: Dagskrá hefst:

Ræðumaður kvöldsins verður Haraldur Leifsson.
Tónlistin verður að vanda í höndum heimamanna og veislustjórinn er sjálfur tónlistarmaðurinn, bóksalinn og fyrrum varabæjarfulltrúinn Kristján Freyr Halldórsson.

**22:30: Dansleikur.**
**Miðaverð: 2500**
**Miðasala við innganginn og í Iðnó í síma 562 9700.**

Ísfirðingafélagið.


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**BLAUT HELGI** S- og V-til. Hvessir fyrst SV- og V-til í dag en nokkuð bjart NA-til fyrripart dags. Fremur hægur vindur á morgun en hvessir annaðkvöld með úrkomu S- og V-til. Strekkingur á sunnudag og kólnar lítillega aftur.



Á MORGUN
Fremur hægur vindur, hvessir annað kvöld.

SUNNUDAGUR
8-15 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 0° |
| Billund | 0° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 0° |
| Kaupmannahöfn | 0° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 8° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 12° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | -1° |
| París | 9° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




# MOZZARELLA OG SKINKUFYLLT KJÚKLINGALÆRI MEÐ SPÍNATSALATI fyrir 4

*að hætti Rikku*

800 g úrbeinuð kjúklingalæri
1 1/2 msk ólífuolía
1 skalottlaukur, saxaður
100 g sveppir, sneiddir
50 g spínat
50 g silkiskorin skinka
1 stór mozzarellakúla, sneidd
salt og nýmalaður pipar

3 egg, hrærð
100 g hveiti
100 g brauðrasp
olía til steikingar

Hitið ofninn í 180°C. Setjið lærin í glæran plastpoka og fletjið þau út með kökukefli eða kjöthamri. Kryddið þau með salti og pipar. Steikið skalottlaukinn á pönnu ásamt sveppunum og spínatinu. Fyllið lærin með 1 tsk af lauk- og spínatblöndunni, smá skinku og mozzarellaosti og vefjið upp í rúllu. Veltið rúllunum upp úr hveiti og þaðan í hrærð egg og að lokum upp úr brauðraspi. Steikið í 2-3 mínútur á hvorri hlið og bakið áfram í ofninum í 20 mínútur.

SALAT
200 g spínat
6 stór jarðarber, söxuð
60 ml ólífuolía
1 tsk sterkt sinnep
1 tsk balsamedik
1 1/2 msk límónusafi
1 tsk rifið engifer
salt og nýmalaður pipar

Hrærið ólífuolíu, sinnepi, balsamediki, límónusafa og engiferi saman, kryddið með salti og pipar og hellið yfir spínatið og jarðarberin.




Restaurant style **hamborgarar**
2 x 120g með brauði




**Nauta ribeye**




**Lambalæri**
marinerað




**Heill kjúklingur**
ferskur




## EINGÖNGU Í HAGKAUP
## EKTA AMERÍSKUR ÍS

*- þennan verður þú að smakka!*

























**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 29. janúar á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Þingmenn gistu í flugrútu

**Hópur þingmanna á leið til landsins í fyrrakvöld komst ekki heim vegna ófærðar. Eftir hrakninga sváfu tveir þeirra í flugrútunni en aðrir gistu í Keflavík. Margir hírðust við illan leik á steingólfinu í Leifsstöð.**

„Ísland stóð svo sannarlega undir nafni þegar það tók á móti okkur,“ segir Siv Friðleifsdóttir alþingismaður sem lenti í hrakningum ásamt fleiri þingmönnum við komuna til landsins í fyrrakvöld.

Með Siv í för voru Álfheiður Ingadóttir, Bjarni Benediktsson, Helgi Hjörvar, Jón Gunnarsson og Lúðvík Geirsson. Auk þeirra voru síðan nokkrir starfsmenn þingsins í föruneytinu sem var að skila sér heim frá Ósló að loknum fundum hjá Norðurlandaráði. Þingmaðurinn Höskuldur Þórhallsson kom einnig til landsins í fyrrakvöld annars staðar frá.

Siv segir hópinn hafa verið fastan í flugrútunni hér og þar í og við Keflavík áður en leikurinn barst aftur upp í Leifsstöð eftir um tvo klukkutíma. Jón Gunnarsson hafi þó verið fljótur í gegn um flugstöðina og náð að fara Reykjanesbrautina á eigin bíl rétt í þann mund sem veginum var lokað.

„Við gátum brotist upp í flugstöð aftur og þar hófst bið. Sumir komu sér síðan á hótel í Keflavík eða til vina og vandamanna,“ segir Siv sem eins og Álfheiður Ingadóttir og Bjarni Benediktsson gisti á Hótel Keflavík.

Siv segir að þótt mannskapurinn hafi tekið öllu af æðruleysi hafi sumir ferðamennirnir ekki vitað hvaðan á þá stóð veðrið. „Einn hélt víst að hann væri að koma til Reykjavíkur þegar við vorum að koma upp í flugstöð aftur,“ segir Siv sem hrósar bílstjóra rútunnar fyrir mikla færni í blindhríð og ófærð.

Lúðvík Geirsson segir að það hafi einmitt verið umhyggjusamur rútubílstjóri Kynnisferða sem bauð farþegunum sínum að láta fara þokkalega um sig í heitri rútunni í stað þess að hírast í flugstöðinni. Hann og Helgi Hjörvar ásamt tveimur starfsmönnum Alþingis hafi náð að dotta þar til morguns. Hann furðar sig hversu lítill viðbúnaður sé vegna tilviks eins og þessa þegar fjöldi manna verður innlyksa í flugstöðinni. Fólk þar hafi þó fengið vatn og teppi um miðja nótt.

„Mér þótti sárt og aumt að horfa upp á þetta gagnvart mörgu fólki sem var með börn og gat litla björg sér veitt. Fólk lá bara á beru steingólfinu út um alla flugstöð. Ég kvarta ekki en nóttin var erfið hjá mörgum,“ segir Lúðvík Geirsson.

gar@frettabladid.is



**ÞINGMENN Í LEIFSSTÖÐ** Eftir tveggja klukkutíma ferð um illfærar slóðir sneri flugrútan aftur með farþega sína í Leifsstöð. Þingmennirnir Helgi Hjörvar, Álfheiður Ingadóttir og Lúðvík Geirsson spá í spilin ásamt tveimur starfsmönnum Alþingis. MYND/SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

> Einn hélt víst að hann væri að koma til Reykjavíkur þegar við vorum að koma upp í flugstöð aftur.
>
> **SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**
> ALÞINGISMAÐUR



**ÚTLITIÐ SVART** Öngþveiti blasti við út um framrúðuna á flugrútunni.



**INNLYKSA** Það þyrfti ansi hraustan mann með skóflu til að moka sig út úr þessum aðstæðum á heimavistinni á Laugarvatni. MYND/ HANNES Þ. ÖFJÖRÐ

Nemendur ML lokaðir inni:

## „Fundum útganginn upp úr hádegi“

„Við fundum útganginn upp úr hádegi og komumst þá út um glugga á gömlu hliðarherbergi,“ segir Ægir Freyr Hallgrímsson, nemandi við Menntaskólann á Laugarvatni, sem snjóaði bókstaflega inni á heimavistinni í gær.

Á meðfylgjandi mynd má sjá að snjórinn lokaði útidyrunum gjörsamlega og það sama gilti um önnur hús í götunni. Vegna þess var skólahaldi í menntaskólanum frestað fram yfir hádegi í gær, að því er fram kemur á vef skólans. - sh

BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



## Víða ófært

? Óvissustig vegna snjóflóða
! Hættustig vegna snjóflóða




**64cm**

Sólarhringsúrkoma við Bolungavík var 64 sentímetrar í gærmorgun.

### Snjóflóðahætta!

Hættuástandi vegna snjóflóða á Ísafirði og Hnífsdal var aflýst um hádegisbil í gær. Lögreglan á Ísafirði hafði samband við íbúa á þeim svæðum sem höfðu verið rýmd á miðvikudag og þeim leyft að fara heim. Veðurstofan lýsti þó enn yfir óvissustigi á norðanverðum Vestfjörðum og Norðurlandi.

### Ógnaði björgunarsveitarmanni

Maður veittist að björgunarsveitarmanni í **Reykjanesbæ** í gærmorgun. Maðurinn var ósáttur við að fá ekki að fara brautina áleiðis til Reykjavíkur þegar snjóplógur lagði í hann. Lögreglan hafði metið það sem svo að flugrúta og fleiri bifreiðar sem þurftu að komast til höfuðborgarinnar fengju að fara í kjölfar snjóplógs en aðrir þyrftu að bíða. Björgunarsveitarmaðurinn flúði inn í bíl og læsti að sér. Þá barði maðurinn í rúðu bílsins og kallað var á lögregluna.

### Hundrað manns í snjóhreinsun

Yfir hundrað manns unnu að snjóhreinsun og hálkuvörnum í **Reykjavík** í gær á 66 tækjum. Unnið var allt frá því klukkan fjögur í gærmorgun. Allar stofnleiðir og helstu umferðargötur voru því orðnar færar seinni partinn í gær og þá var unnið að því að hreinsa íbúagötur í öllum hverfum fram á kvöld. Þegar símaveri borgarinnar lokaði í gær höfðu 560 ábendingar verið skráðar yfir daginn. Flestar vörðuðu snjóruðning í tiltekinni götu eða bílastæði, nokkrar ábendingar lutu að bílastæðum við fjölbýlishús, en slíkt er í verkahring húsfélaga og íbúa.

### Horfinn í snjó

Maður tilkynnti bílstuld til lögreglunnar í **Reykjavík** á miðvikudagsmorgun. Um var að ræða fólksbíl sem hafði horfið af bílastæði við fjölbýlishús í Breiðholti og boðaði maðurinn komu sína á lögreglustöð vegna málsins. Stuttu síðar hafði maðurinn aftur samband við lögreglu og afboðaði komu sína, því bíllinn var fundinn. Í tilkynningu frá lögreglu segir að bíllinn hafi þá staðið óhreyfður á áðurnefndu bílastæði. Hins vegar hafði snjóað svo mikið að maðurinn hafði einfaldlega ekki fundið bílinn fyrst í stað og því álitið að honum hefði verið stolið.

FÍR
FÉLAG ÍSLENSKRA RAFVIRKJA

**Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs**

*Samkvæmt 32. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.*

*Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12.00 þriðjudaginn 28. febrúar 2012 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.*

*Hverjum framboðslista skulu fylgja skriflegt meðmæli minnst 179 fullgildra félagsmanna*

*Reykjavík 27. janúar 2012.*

*Stjórn Félags íslenskra rafvirkja*

# Landsbankinn lækkar vexti á bílasamningum

**Landsbankinn kynnir hagstæð kjör** á óverðtryggðum bílasamningum. Vextir lækka í 8,50% og eru fastir fyrstu 36 mánuðina. Það þýðir að greiðslur eru fastar fyrstu 3 ár samningstímans.

- » **Fastir 8,50% vextir** fyrstu 36 mánuðina
- » **Hámarkslánstími er 7 ár** að frádregnum aldri bíls
- » **Lánshlutfall allt að 70%**
- » **Engin stimpil- eða þinglýsingargjöld**

**8,50%**

**Þessir vextir gilda aðeins til 24. febrúar.**

**Skilmála og nánari upplýsingar** má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4800

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir ný plata Leonards Cohen sem kemur út í næstu viku?
2. Hver hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta?
3. Hvaða leikmaður íslenska landsliðsins var valinn bestur í tveimur síðustu leikjunum?

SVÖR:
1. Old Ideas 2. Guðrún Eva Mínervudóttir 3. Rúnar Kárason

Eigandi Poly Implant Prothese var eftirlýstur á vef Interpol vegna glæpa sinna:

# Handtekinn í húsi vinar síns

**FRAKKLAND** Jean-Claude Mas, eigandi og framkvæmdastjóri franska fyrirtækisins Poly Implant Prothese (PIP), var handtekinn á heimili vinar síns í Suður-Frakklandi í gærmorgun.

Mas hefur verið eftirlýstur af Interpol eftir að í ljós kom að iðnaðarsílíkon hafði verið notað í brjóstafyllingar sem fyrirtækið seldi til hundruð lýtalækna um allan heim.

Talið er að á bilinu 400 til 500 þúsund konur séu með fyllingarnar í brjóstum sínum, þar af um 440 hér á landi. Franskir læknar hafa skráð 20 tilfelli krabbameins hjá konum með púðana, þar af voru 16 þeirra með brjóstakrabbamein.

Þó hefur ekki tekist að sýna fram á beint orsakasamband á milli PIP-púðanna og sjúkdómsins.

Íslenska ríkið hefur nú sent öllum þeim konum sem hafa PIP púðana í brjóstum sínum bréf þar sem þeim er boðið að fara í ómskoðun.

Séu púðarnir lekir mun ríkið taka þátt í greiðslu á kostnaði við að fjarlægja þá. **- sv**



**MAS EFTIRLÝSTUR AF INTERPOL** Myndin var tekin í júní árið 2010 og birt á vef Interpol á aðfangadag í fyrra. Jean-Claude Mas hafði þá verið eftirlýstur af yfirvöldum í Costa Rica. NORDICPHOTOS/AFP

Skoðun sögð ganga vel:

# TF-LÍF væntanleg með vorinu

**ÖRYGGISMÁL Áætlað er að TF-LÍF, þyrla Landhelgisgæslunnar, verði að nýju orðin útkallshæf í byrjun apríl, að því er fram kemur á vef Landhelgisgæslunnar. Þyrlan hefur frá 13. janúar verið í Noregi þar sem fram fer á henni skoðun.**

**Framkvæmdin hefur gengið vel fram til þessa segir á vef Gæslunnar. „Þyrlan er öll tekin í sundur, skrokkur hennar og fylgihlutir skoðaðir af nákvæmni og viðgerðir með tilliti til sprungumyndana og tæringar. Í lok skoðunar er vélin svo máluð.“** **- óká**

Euroweek verðlaunar Ísland:

# Skuldabréfaútgáfa í öðru sæti

**STJÓRNSÝSLA** Fagtímaritið Euroweek hefur verðlaunað ríkissjóð Íslands fyrir vel heppnaða skuldabréfaútgáfu í júní síðastliðnum.

Fjallaði Euroweek í síðasta tölublaði sínu um skuldabréfaútgáfur síðasta árs og var útgáfa ríkissjóðs valin sú næstbesta í flokki alþjóðlegra útgáfna í Bandaríkjadölum.

Í fyrsta sæti varð útgáfa Englandsbanka og í því þriðja var útgáfa ríkissjóðs Finnlands.

Euroweek er fagtímarit sem fjallar um viðskipti á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Sagði tímaritið um íslensku útgáfuna að það væri mikið afrek að Ísland væri komið aftur á skuldabréfamarkað svo stuttu eftir bankahrunið. **- mþl**

Talsmaður neytenda auðveldar upplýsingagjöf:

# Fyrirtæki upplýsi hvert þeirra notaði iðnaðarsalt

**NEYTENDAMÁL** Upplýsingar um það hvaða fyrirtæki notuðu iðnaðarsalt og í hvaða vörum verða aðgengilegar á vef talsmanns neytenda á næstu dögum. Þegar hafa einhver fyrirtæki sett sig í samband við embættið.



GÍSLI TRYGGVASON

Til að auðvelda fyrirtækjunum sem keyptu iðnaðarsalt að upplýsa um það hvort þau notuðu það í matvæli og þá hvaða, hefur verið útbúið sérstakt vefviðmót á heimasíðu talsmanns neytenda.

Talsmaður neytenda tilkynnti í síðustu viku að hann hygðist krefjast upplýsinga um málið. Nú þegar hafa nokkur fyrirtæki upplýst um notkun sína á saltinu, ýmist opinberlega eða með erindi til talsmanns neytenda.

Eðalfiskur hefur þegar tilkynnt að ekkert iðnaðarsalt hafi verið notað í matvæli, og MS innkallaði allar vörur sem innihéldu það.

Á næstu dögum mun svo birtast listi yfir fleiri fyrirtæki, sem verður uppfærður eftir því sem upplýsingar berast. Þau fyrirtæki sem keyptu iðnaðarsalt en bregðast ekki við tilmælum embættisins um upplýsingagjöf munu fá send formleg erindi.

Matvælastofnun hefur upplýst að engar vísbendingar séu um hættu af völdum iðnaðarsalts í matvælum. **- þeb**



**AUÐLINDIR** Talið er að um þrettán prósent ónýttra náttúruauðlinda á borð við olíu og gas í heiminum í dag sé að finna á norðurslóðum. Lífríkið er afar viðkvæmt og hætta á umhverfisslysum vekur ugg. NORDICPHOTOS/AFP

# Alþjóðleg samvinna lykill að árangri Íslands

**Ísland verður að fylgjast með því sem er að gerast á norðurslóðum og tryggja sína hagsmuni að mati sérfræðinga í öryggismálum. Hernaðarlegt öryggi tryggt en leggja þarf áherslu á borgaralegt öryggi.**

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Ísland verður að taka aukinn þátt í alþjóðlegri samvinnu um framtíð norðurslóða ætli íslensk stjórnvöld sér að hafa áhrif á öryggismál í þessum heimshluta í framtíðinni. Um þetta voru fyrirlesarar á fundi um borgaralegt öryggi og norðurslóðir sem haldinn var í gær sammála. Þó að friðsamlegt sé um að litast á norðurslóðum og stöðugleiki hafi ríkt þar lengi hafa þau ríki sem þar hafa ítök hug á að tryggja eigin hagsmuni vegna nýtingar á auðlindum og siglingarleiðum sem kunna að opnast, sagði Margrét Cela, doktorsnemi við Háskólann í Lapplandi í gær.

Margrét var annar fyrirlesaranna á fundi sem Varðberg, samtök um vestræna samvinnu og alþjóðamál, héldu í Þjóðminjasafninu í gær.

Ísland verður að fylgjast með því sem er að gerast á norðurslóðum, taka þátt eftir því sem við á og reyna að hafa áhrif, sagði Margrét. Til þess að hafa sem mest áhrif verða stjórnvöld að móta vel skilgreind markmið og forgangsraða því sem þau vilja ná fram, segir Margrét.

Öryggi ríkja er gjarnan skipt í borgaralegt öryggi og hernaðarlegt öryggi, þó að mörkin þar á milli séu oft óljós, sagði Ellisif Tinna Víðisdóttir, fyrrverandi forstjóri Varnarmálastofnunar. Með borgaralegu öryggi er til dæmis átt við ógn af völdum hryðjuverka, skipulagðri glæpastarfsemi, netárásum, umhverfisslysum og hlýnun af mannavöldum.

Ellisif Tinna sagði það traust sem ríkir um þessar mundir milli þeirra átta þjóða sem helst eigi hagsmuna að gæta á norðurslóðum þýða að hægt sé að leggja minni áherslu á hernaðarlegt öryggi. Þar með megi leggja meiri áherslu á borgaralegt öryggi.



ELLISIF TINNA VÍÐISDÓTTIR



MARGRÉT CELA

Lykillinn að því að takast á við borgaralegar ógnir er aukið alþjóðlegt samstarf, sagði Ellisif Tinna. Þar verði ríkin öll að taka þátt, enda sé almennt ekki litið hýru auga þegar ríki taki þátt í alþjóðlegu samstarfi án þess að taka réttlátan skerf af verkefnum.

„Stríð morgundagsins verða ekki eins og stríð gærdagsins,“ sagði Ellisif Tinna. Ríki verði að tileinka sér nýja hugsun þar sem nýjar ógnir kalli á óhefðbundin meðul til að verjast. „Alþjóðlegt samstarf eykur friðinn, ekki einangrunarhyggja.“

Hún sagði mikilvægt fyrir Ísland að vinna áfram með Atlantshafsbandalaginu, þrátt fyrir að það hafi ekki mótað sérstaka stefnu bandalagsins fyrir norðurslóðir.

Margrét Cela tók undir þetta, en benti einnig á mikilvægi þess að starfa áfram náið með Norðurskautsráðinu til að hafa áhrif á þróun svæðisins, þar með talið nýtingu náttúruauðlinda. Talið er að um þrettán prósent ónýttra auðlinda á borð við olíu og gas í heiminum í dag sé að finna á norðurslóðum.

Margrét lagði áherslu á að tal um hernaðaruppbyggingu ríkja á borð við Bandaríkin, Kanada og Rússlands á norðurslóðum sé orðum aukin. Réttara væri að tala um endurnýjun á herafla.

**brjann@frettabladid.is**




markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör




**KJÚKLINGABRINGUR**
FERSKAR
**1.990** kr/kg
áður 2.398 kr/kg

# GLEÐJUMST SAMAN **Á ÞORRA**




**ÞORRABAKKI**
SÚRIR PUNGAR
SOÐIÐ SLÁTUR
SVIÐASULTA
**1.199** kr/pk.
áður 1.598 kr/pk.




**SVIÐASULTA**
NÝ
**2.298** kr/kg
Þorraverð!




**LIFRARPYLSA**
SOÐIN 490 G
**449** kr/pk.
Þorraverð!




**GRÍSAMÍNÚTUSTEIK**
FERSK
30% afsláttur
**1.399** kr/kg
áður 1.998 kr/kg




**KJÚKLINGAVÆNGIR**
TEX-MEX
**496** kr/kg
áður 598 kr/kg




**PÍTUBUFF**
M/BRAUÐI
6 x 60 G
**798** kr/pk.
áður 998 kr/pk.



**MANGÓ**
Í LAUSU
50% afsláttur
**225** kr/kg
áður 449 kr/kg



**VÍNARBRAUÐSLENGJA**
*BAKAÐ Á STAÐNUM
· SPARAÐU · 250 KR ·
**299** kr/stk
áður 549 kr/stk.
*GILDIR EKKI Í NETTÓ SALAVEGI



**SÓDAVATN**
1 LTR
38% afsláttur
**49** kr/stk
áður 79 kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

**Tilboðin gilda 26. - 29. jan.**
eða meðan birgðir endast

**FRÉTTASKÝRING:** Skýrsla Samkeppniseftirlitsins um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði

# Þrjár samstæður með 90% hlutdeild

**Hagar, Kaupás og Samkaup eru samtals með 90% markaðshlutdeild á dagvörumarkaði. Aðgangshindranir eru inn á markaðinn og hlutdeild lágvöruverslana á markaðnum þrefaldaðist á áratug.**



**MATVARA** Verð á dagvöru hefur hækkað um 60% á síðustu sex árum á sama tíma og kaupmáttur almennings hefur rýrnað. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Samkeppniseftirlitið (SE) hvetur birgja til að taka verðstefnu sína til athugunar og láta kjör sín styðjast við málefnaleg sjónarmið. Það telur mjög mikilvægt að búvörulög verði tekin til endurskoðunar til að auka virka samkeppni og vill að aðilar á dagvörumarkaði skoði vel starfshætti sína og stefnumörkun með það í huga að efla samkeppni. Þá vill eftirlitið að stjórnvöld grípi til aðgerða til að efla samkeppni á dagvörumarkaði. Þetta kemur fram í tillögum sem SE leggur fram í nýrri skýrslu um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði sem kynnt var í gær.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að verslunum á markaðnum bjóðast afar mismunandi kjör frá birgjum sem mynda aðgangshindranir fyrir nýja aðila inn á markaðinn. Minni verslanir á dagvörumarkaði greiða að meðaltali um 15% hærra verð fyrir vörur frá birgjum en Hagar, stærsta dagvörukeðja á Íslandi. Í nokkrum vöruflokkum er lægsta smásöluverð Haga lægra en það innkaupsverð sem minni verslunum býðst hjá birgjum. Minni verslanirnar verða því að keppa á grundvelli annars en verðs þegar þær eru að reyna að laða til sín viðskiptavini.

### Þrjár samstæður með 90%

Skýrslan byggir á ítarlegri rannsókn SE á þróun dagvörumarkaðar á undanförnum árum. Niðurstöðurnar sýna að á árinu 2010 voru 174 verslanir starfandi á þeim markaði sem seldu dagvöru (innflutt og innlend matvara og hreinlætis- og snyrtivörur)fyrir samtals 100 milljarða króna. Rannsóknin leiddi í ljós að Hagar, sem reka verslanir Bónus og Hagkaupa, voru með 53% markaðshlutdeild á dagvörumarkaði á árinu 2010. Samstæðan er langstærsti aðilinn á þeim markaði og hefur staðfesta markaðsráðandi stöðu í skilningi samkeppnislaga. Það þýðir að samstæðan hefur „þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á markaðnum og geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda“.

Þrjár stærstu samstæðurnar (Hagar, Kaupás og Samkaup) á markaðnum eru samanlagt með 90% markaðshlutdeild. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins (SE) um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði sem kynnt var í gær.

### Í miklum vexti

Hlutdeild Haga hefur vaxið gríðarlega á síðastliðnum áratug. Hún var 29% um aldamótin en náði því að verða 55% árið 2009. Hún hefur síðan lækkað lítillega, meðal annars eftir að 10-11 verslanirnar voru seldar út úr samstæðunni á árinu 2011 en hlutdeild þeirra mælist á bilinu 3-4%. Kaupás, sem rekur meðal annars Krónuna og Nóatún, er með 21% markaðshlutdeild og Samkaup, sem rekur meðal annars Nettó og Samkaupsverslanir, eru með 16%.

Aðrar og minni verslanir voru því með tæplega 10% markaðshlutdeild. Hlutdeild þeirra á markaðnum hefur lækkað töluvert frá árinu 1999, þegar hún var 22%.

Þegar horft er til einstakra verslanakeðja, ekki samstæða, kemur í ljós að Bónus, sem rekur 28 verslanir, er með um 40% markaðshlutdeild. Krónan kemur þar á eftir með um 16% og Hagkaup er með um 10% af markaðnum. Aðrar einstakar keðjur eru með minni hlutdeild.

### Allsráðandi í höfuðborginni

Þegar horft er einvörðungu til höfuðborgarsvæðisins var markaðshlutdeild Haga um 60% og Kaupáss um 26% á árinu 2010. Þessir tveir aðilar voru því með um 86% af allri dagvöruverslun á því svæði. Á landsbyggðinni eru Hagar líka sterkastir allra með 42% markaðshlutdeild. Í skýrslunni kemur fram að samstæðan hafi aukið umfang sitt á þeim markaði fyrst og síðast með því að opna nýjar verslanir. Samkaup eru mun sterkari á landsbyggðinni en í þéttbýlinu á suðvesturhorninu. Markaðshlutdeild samstæðunnar þar er 35% og hefur aðallega aukist við að Samkaup hafa yfirtekið kaupfélög og aðrar dagvöruverslanir.

Í skýrslunni er sagt að skráning Haga á markað, sala 10-11 út úr Högum og innkoma aðila á borð við Kost og Víði inn á dagvörumarkaðinn á allra síðustu misserum beri vott um jákvæða þróun á honum.

### Lágvöruverslanir taka fram úr

Rannsókn SE sýnir fram á að algjör eðlisbreyting hefur átt sér stað á þeim tegundum verslana sem draga að sér mest viðskipti. Árið 1999 voru lágvöruverslanir með um fimmtungsmarkaðshlutdeild en í lok árs 2010 var hún orðin 63%. Viðbótin kemur nánast öll frá stórmörkuðum á borð við Hagkaup og Nóatún. Þá hefur hlutdeild svokallaðra klukkubúða skroppið saman um helming og litlar matvöruverslanir eru nú einungis með um 1% af markaðnum.

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@fréttabladid.is



## Markaðshlutdeild dagvöruverslana og verð birgja til þeirra

**MARKAÐSHLUTDEILD Á DAGVÖRUMARKAÐI**




**DAGVÖRUVERSLANIR EFTIR TEGUNDUM**




**VERÐ BIRGJA TIL VERSLANASAMSTÆÐNA**




## Dagvara hækkað um 60% og hagur neytenda versnað

Hagur neytenda hefur versnað á síðustu sex árum. Á þeim tíma hefur kaupmáttur almennings rýrnað og hlutfall matar- og drykkjarvara í neysluútgjöldum hækkað. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins (SE).

Þar segir að verð á dagvöru hafi hækkað um tæp 60% í smásölu frá ársbyrjun 2006 og fram að síðustu áramótum. Sú verðhækkun sem orðið hefur skýrist fyrst og fremst af ytri ástæðum, gengishruni íslensku krónunnar og hækkun á heimsmarkaðsverði á hrávöru. Matvöruverðið hefur lækkað umtalsvert ef það er mælt í evrum en hækkað gífurlega þegar það er mælt í krónum.

Íslenska krónan féll um 112% gagnvart evru á tímabilinu ef miðað er við gengi Seðlabanka Íslands. Á sama tíma hefur heimsmarkaðsverð á mikilvægri hrávöru á borð við hveiti hækkað um 70% þegar hún er mæld í íslenskum krónum. Verð á hrísgrjónum og kaffi hefur þrefaldast og sykur hefur fjórfaldast í verði. Allt þetta hefur orðið til þess að verð á bæði innfluttri og innlendri dagvöru hefur hækkað á sama tímabili.

Verulegur munur er þó á verðþróun innlendra og erlendra dagvara. Verðhækkun innlendra vara, sem eru um tveir þriðju allra slíkra, nam um það bil 50% en innfluttra vara um 80%.

Í skýrslunni segir: „eftir gengislækkun krónunnar hefur matvöruverð á Íslandi farið frá því að vera hlutfallslega mun hærra til þess að vera því sem næst jafnt meðalmatvöruverði í ESB löndum mælt í evrum á skráðu gengi. Í krónum talið hækkaði matvöruverð hins vegar gífurlega eftir hrunið. Ráðstöfunartekjur á Íslandi hafa hins vegar lækkað enn meira í hlutfallslegum samanburði við meðaltal í ESB löndunum. Kaupmáttur launa hefur dregist saman frá hruni og hlutfall mat- og drykkjarvara af neysluútgjöldum hefur hækkað. Hagur neytenda hefur því versnað.“

## Bankarnir taka skammtímagróða fram yfir langtímahagsæld

Samkeppniseftirlitið (SE) álítur að bankar hefðu átt að nýta það tækifæri sem hrunið veitti þeim til þess að „skipta upp stórum, mikilvægum fyrirtækjum og fjölga með þeim hætti keppinautum á mörkuðum“. Þetta kemur fram í skýrslu þess um dagvörumarkaðinn. Hagar, stærsta samstæðan á dagvörumarkaði, lenti í fangi Arion banka á árinu 2009. Bankinn seldi 10-11 verslanakeðjuna, sem er með 3-4% markaðshlutdeild, út úr Högum en að öðru leyti er samstæðan sú sama og var fyrir hrun. Heildarmarkaðshlutdeild Haga er um 53% samkvæmt skýrslunni.

SE telur að slík uppskipting hefði stuðlað að aukinni samkeppni og þannig leitt til meiri hagsældar til lengri tíma litið. Það er einnig mat eftirlitsins að það hefði falið í sér meiri ávinning fyrir bankana „heldur en skammtímaviðhorf um hærra söluandvirði stærri einingar“.

Í skýrslunni segir að færa megi rök fyrir því að ofangreint eigi við um Haga og ýmis önnur fyrirtæki á öðrum mörkuðum en að taka beri fram að sala verslana 10-11 út úr Högum á árinu 2011 hafi verið til bóta. Þó séu ekki vísbendingar uppi um að salan hafi í grundvallaratriðum breytt stöðu Haga á markaðinum.

## Skýrslunni verður fylgt eftir

Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra samkeppnismála, segir skýrsluna vera geysilega viðamikla og vandaða. Hann er afar ánægður með hana. „Mér finnst þetta gott verk hjá Samkeppniseftirlitinu. Ég fæ ekki betur séð en að þetta gefi nokkuð góða mynd af því sem þarna er undir. Verslunin, og ekki síst dagvöruverslunin, er þjóðarbúskap okkar afar mikilvæg. Niðurstaða skýrslunnar staðfestir hluti sem maður hefur oft heyrt um, meðal annars um mismunandi kjör sem dagvöruverslunum bjóðast hjá birgjum. Sá munur er dreginn mjög skýrt fram. Hann er skýranlegur upp að vissu marki, en í öðrum tilvikum finnst manni ansi langt gengið. Sá munur sem þarna er sýndur er ekki hollur í samkeppnislegu tilliti.“


**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Steingrímur segir jákvæðu tíðindin vera þau að samkeppnin virðist vera að styrkjast á þessum markaði. „Það er þó full þörf á að vakta þetta ástand vel. Skýrslunni verður örugglega fylgt eftir á ýmsan hátt. Verðþróunin sem hún dregur fram virðist skýrast fyrst og fremst af gengi krónunnar og öðrum ytri aðstæðum.“

# 4X4 Í SNJÓINN

VIÐ BJÓÐUM LANDSINS MESTA ÚRVAL
AF BÍLUM SEM HENTA VIÐ ALLAR AÐSTÆÐUR.
VELKOMIN Í HEIMSÓKN




**Nissan X-Trail – sjálfskiptur**
**Verð: 6.240 þús. kr.**

**4x4i** – X-Trail er með eitt fullkomnasta fjórhjóladrif sem völ er á.




**Nissan Qashqai**
Sjálfskiptur
Verð: 5.590 þús. kr.




**Hyundai ix35**
Sjálfskiptur
Verð: 5.790 þús. kr.
5 ÁRA ÁBYRGÐ – ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR



**Subaru Forester**
Sjálfskiptur
Verð: 5.890 þús. kr.




**Hyundai SantaFe**
Sjálfskiptur
Verð frá: 7.140 þús. kr.
5 ÁRA ÁBYRGÐ – ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR



**Subaru Outback**
Sjálfskiptur
Verð: 6.490 þús. kr.




**Nissan Pathfinder**
Sjálfskiptur
Verð: 8.890 þús. kr.



**VERIÐ VELKOMIN Í KAFFI OG REYNSLUAKSTUR**

Verið velkomin til okkar í kaffi og reynsluakstur og látið sölumenn okkar reikna út hvernig þú getur eignast nýjan fjórhjóladrifinn bíl og farið allra þinna leiða við allar aðstæður.



**INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000**

Umboðssalar Ingvars Helgasonar: Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533

# Það þarf að fjárfesta í landsliðinu

Landsliðsþjálfarinn **Guðmundur Þ. Guðmundsson** var nokkuð ánægður með leik íslenska landsliðsins á EM í Serbíu. *Henry Birgir Gunnarsson* settist niður með Guðmundi í Novi Sad og ræddi við hann um álagið sem fylgir því að þjálfa eitt af stóru liðunum í handboltanum í Þýskalandi, Evrópumótið, framtíðina, fjárveitingar til landsliðsins og hvort það þurfi að fækka stórmótum.



**LANDSLIÐSÞJÁLFARINN** Guðmundur Þórður Guðmundsson hefur stýrt íslenska karlalandsliðinu í handbolta síðustu fjögur ár með frábærum árangri. Samningur hans við HSÍ rennur út næsta sumar en Guðmundur segist ekki vera farinn að hugsa út í framhaldið með landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skrautlegu Evrópumóti í handknattleik er lokið hjá íslenska landsliðinu og líkt og svo oft áður skiptust á skin og skúrir hjá strákunum okkar. Liðið varð fyrir gríðarlegu áfalli fyrir mót þegar ljóst varð að þeir Ólafur Stefánsson og Snorri Steinn Guðjónsson myndu ekki taka þátt. Svo meiðast Alexander Petersson og Ingimundur Ingimundarson. Þetta eru allt lykilmenn og ekki mörg lið sem myndu höndla það að missa svo stóra bita úr sínu liði.

Ef mið er tekið af þessum áföllum þá er árangur strákanna okkar í Serbíu magnaður og þeir komu ansi mörgum á óvart með vasklegum leik. Það hefði ekki mikið þurft að falla með þeim til þess að liðið hefði farið enn lengra og jafnvel blandað sér í slaginn um undanúrslitasæti.

„Ef ég geri upp mótið þá er ég auðvitað svekktur að hafa ekki komist með nein stig í milliriðilinn. Mér fannst við vera með mjög góða stöðu. Burtséð frá því þá hefði ég viljað fá vörn og markvörslu fyrr í gang hjá okkur. Það fellir okkur að þessu sinni,“ segir Guðmundur þegar hann er beðinn um að greina hvað vantaði upp á.

Hann tók þá ákvörðun að senda Hreiðar Levý Guðmundsson markvörð heim á kostnað nýliðans Arons Rafns Eðvarðssonar og menn spyrja sig að því hvort landsliðsferli Hreiðars sé lokið?

„Það var erfið ákvörðun fyrir mig að senda Hreiðar heim því hann hefur oft bjargað okkur í erfiðum stöðum. Ég mun aldrei gleyma leiknum sem hann átti gegn Svíum þegar við tryggðum okkur inn á Ólympíuleikana árið 2008. Þar átti hann stórkostlegan leik og hann hefur átt fleiri góðar innkomur og við gleymum þeim ekki,“ sagði Guðmundur sem fagnar samkeppni um markvarðastöðurnar.

„Ég met stöðuna þannig í dag að við eigum þrjá frábæra markverði og það er mjög jákvætt. Það er gott að hafa getað bætt Aroni við og fínt að það sé samkeppni. Hreiðar verður að sjálfsögðu áfram í myndinni og landsliðsferli hans er ekkert lokið.“

### Lítið vantaði upp á

Þónokkrir nýliðar fengu tækifæri í Serbíu og nýttu allir sín tækifæri vel. Er breiddin í íslenska landsliðinu að aukast?

„Já, hún er að aukast að vissu leyti. Við eigum auðvitað menn inni. Það má ekki gleyma því að við vorum án Alexanders Petersson allan milliriðilinn. Við vorum líka án eins besta varnarmanns liðsins, eins besta hraðaupphlaupsmannsins og eins besta sóknarmannsins. Við náum samt mjög fínum úrslitum og mér finnst margt jákvætt við það sem við vorum að gera á þessu móti,“ segir þjálfarinn en ekki vantaði mikið upp á að liðið færi enn lengra á þessu móti.

„Ef markvarslan hefði verið betri í riðlinum þá hefðum við farið mjög langt í þessum milliriðli. Ég trúi því staðfastlega. Við töpum fyrir Króötum með tveim mörkum og leiðum í 56 mínútur. Ein varsla í hvorum hálfleiknum hefði getað riðið baggamuninn. Svona lítið vantaði upp á og ef við hefðum fengið markvörslu í Slóvenaleiknum hefði staðan orðið önnur. Þarna sitjum við eftir með sárt ennið. Varnarleikurinn var ekki eins góður og við viljum hafa hann en hann fór batnandi.“

Það var afar áhugavert hversu vel sóknarleikurinn gekk á mótinu í ljósi þess að hvorki Ólafur Stefánsson né Snorri Steinn Guðjónsson voru með liðinu. Þeir hafa borið uppi sóknarleik landsliðsins að mestu leyti á undanförnum árum.

„Landsliðið hefur ekki í langan tíma spilað eins góðan sóknarleik heilt yfir og á þessu móti. Það er frábært. Það hefur margt háð liðinu en ég get ekki annað en klappað strákunum á bakið,“ segir Guðmundur en það leynir sér ekki að hann er stoltur af strákunum sínum.

„Leikmenn eru að nýta sinn frítíma til að spila á stórmótum. Það er ekki sjálfgefið og þess vegna er ég svo þakklátur. Mér finnst líka að þjóðin eigi að vera þakklát leikmönnunum sínum sem eru að fórna sér. Þeir gera þetta líka ótrúlega faglega þessir strákar og eru atvinnumenn fram í fingurgóma. Það gerir það líka þess virði að standa í þessu. Menn skulu líka ekki gleyma því að það er ekki sjálfgefið að þetta haldi áfram svona endalaust,“ segir Guðmundur en hann er á meðal þeirra sem finnst dapurlegt hversu lítið er stutt við bakið á íslenska landsliðinu sem hefur borið hróður Íslands víða á síðustu árum.

### Þjóðin vill árangur

„Menn verða að átta sig á því að ef þeir vilja eiga gott landslið þá þarf að fjárfesta í því. Allt annað er ekki mögulegt. Það er meira og minna allt undir á hverju móti. Það liggur stundum nánast þannig að ef við komumst ekki inn á næsta stórmót þá þurfi að loka HSÍ.

Það liggur við að þetta sé þannig og hefur stundum verið. Íslenska þjóðin vill árangur og er oft stolt af þessu liði. Menn verða líka að fara að gera upp við sig hvort þeir vilji virkilega eiga svona heimsklassalið eða ætla menn bara að slá sér á brjóst á mannamótum þegar landsliðið hefur staðið sig vel? Ég vil sjá meiri fjárfestingu inn í þetta lið ef menn á annað borð vilja eiga það,“ segir Guðmundur en strákarnir okkar fá aldrei neinar greiðslur fyrir þátttöku sína með landsliðinu.

> Mér finnst líka að þjóðin eigi að vera þakklát leikmönnunum sínum sem eru að fórna sér. Þeir gera þetta líka ótrúlega faglega þessir strákar og eru atvinnumenn fram í fingurgóma.

Landsliðsmenn annarra þjóða skilja það ekki og hafa margoft sagt við þá að þeir myndu ekki nenna þessu ef þeir fengju ekki almennilega greitt.

### Þarf að fækka stórmótum

„Það er ómæld og endalaus vinna sem þessir strákar leggja á sig og þeir eiga ekkert nema hrós skilið fyrir það. Þeir eiga alla mína virðingu fyrir það sem þeir leggja á sig þessir drengir. Mér finnst þeir alveg frábærir.“

Það kom margt á óvart á þessu EM. Meðal annars að liðin sem léku til úrslita á HM fyrir ári – Frakkland og Danmörk – fóru stigalaus í milliriðli. Eins fór hjá íslenska liðinu.

Mikil umræða hefur verið um álag handboltamanna á síðustu árum. Það er að minnsta kosti eitt stórmót á ári ofan í erfiðar deildarkeppnir um allan heim og þetta mikla álag virðist vera að bíta sum liðin í afturendann.

„Það háir okkur meira en mörgum liðum því við erum ekki með eins marga háklassaleikmenn og þessi sterkustu lið. Við erum hægt og sígandi að reyna að nálgast þau en höfum ekki sömu breiddina og bestu liðin í dag. Við lentum svo í því núna að þurfa að fylla stór skörð og mér fannst við gera það mjög vel. Álagið er auðvitað gríðarlegt á öllum þessum leikmönnum. Mér persónulega finnst að það þurfi að fækka þessum stórmótum og hafa lengra á milli þeirra. Ég myndi vilja sjá að minnsta kosti þrjú ár á milli HM því þetta er rosalegt álag.“

## Mikið álag að vera í tveimur störfum

Guðmundur tók við landsliðinu þegar enginn vildi taka við því af Alfreð Gíslasyni eftir EM árið 2008. Uppgangur landsliðsins hefur verið með ólíkindum alla tíð síðan þá og liðið unnið tvenn verðlaun undir stjórn Guðmundar.

Alfreð hætti með liðið af því að álagið við að vera með félagslið og landslið var honum ofviða. Guðmundur er í nákvæmlega sömu stöðu því hann þjálfar eitt af stórliðum Þýskalands, Rhein-Neckar Löwen. Samningur Guðmundar við HSÍ rennur út eftir Ólympíuleikana næsta sumar. Mun Guðmundur halda áfram með liðið eftir það eða hætta?

„Ég er ekkert farinn að hugsa um það. Ég er að einbeita mér að því að hjálpa til eins og ég get og vinna mína vinnu. Ég gef alla þá orku sem ég á fyrir landsliðið. Því verður þó ekki neitað þetta er gríðarlegt álag og orkan er ekki endalaus. Ég geri mér grein fyrir því. Ég skil vel ákvörðun Alfreðs á sínum tíma,“ sagði Guðmundur, en hann nýtur þess þó að vera landsliðsþjálfari.

„Ég hef haft gríðarlega gaman af því að starfa með þessum strákum. Okkur hefur auðvitað gengið vel. Á meðan ég sé liðið vera á réttri leið og að þróast þá hef ég gaman af því að starfa sem landsliðsþjálfari. Hversu lengi það gengur er erfitt að segja.“




ÍSLENSKA SIA.IS NAT 57225 01/12

**FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 10 FÖSTUDAGUR OPNUM**

BÓNUS
SÚKKULAÐITERTA 1 KG.



998
KR. 1 KG.

KRISTJÁNS
DJÖFLATERTA 784GR




898
KR. 784 GR



198
KR. 4 STK

BÓNUS 4 STK. **KORNKUBBAR**



FERSKT SELLERI
FRÁ SPÁNI
195 KR. KG

## NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS



BAGUETTE BRAUÐ **129 KR.**STK



FERSKT ÍTALSKT
SPÍNAT 100G
259 PK.





LÁRPERA
AVOCADO ER OFURFÆÐA

Einómettuðu fitusýrurnar og næringarinnihald **avocado** hjálpa til við efnaskiptahraða líkamans og dregur úr þörfinni á ofáti. Einómettaðar fitusýrur hjálpa til við að lækka LDL kólesterólið sem oft er nefnt það slæma og þær stuðla einnig að hækkun á HDL kólesteróli sem er talið vera hið góða.

FERSKT AVOCADO
SÉRPAKKAÐ
498 KR. 750 GR



195
KR. KG

PERUR Í LAUSU



195
KR. KG

GRAPE / GREIP



195
KR. KG

APPELSÍNUR



159
KR. KG

JONAGOLD EPLI



195
KR. KG

GUL EPLI Í LAUSU



195
KR. KG

FERSKAR SÍTRÓNUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## KLUKKAN 10 FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 10




**298** KR. 250G

3JA STÖRNU DÖNSK SALAMIPYLSA
3 STJERNE SALAMI 250 GR
**200 KR.** VERÐLÆKKUN

FÍNN **POTTRÉTTUR** FYRIR FJÓRA




**Blå Band „Gryta" og 400g nautahakk er fínn matur fyrir fjóra.** Tekur aðeins 15 mín. að matreiða. Grytan inniheldur m.a. þurrkað grænmeti: oregano, tómata, lauk/hvítlauk, rauða papriku, baunir, chili pipar og spaghetti ! ***Aðeins 0.6% saltinnihald.***

**AÐEINS 598 KR.**
ALLUR PAKKINN / ***15 MÍN.*** MATREIÐSLA




**1198** KR. KG

ALI **BAYONNESKINKA**
ÚR LÆRI / 1.FLOKKUR




EUROSHOPPER
**NÚÐLUR Í POKA**
85 GR /BEEF
BEST FYRIR MARS 2012
**15 KR. PK**




**498** KR. 1 KG

**498** KR. 1 KG




**398** KR. 4 DÓSIR

HEINZ BEANZ
**FJÓRAR DÓSIR**
4 X 415 GR



**98** KR. STK

**NÚÐLUSKÁLAR** 110GR
ÞARF AÐEINS **SJÓÐANDI** VATN Í SKÁLINA:
***NÚÐLURÉTTURINN ER TILBÚINN !***




**498** KR. 1.2 KG






**198** KR. 570 GR

HEINZ **TÓMATSÓSA**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | 7 | | 6 | | |
| | 5 | 3 | | | 9 | | | |
| | | 6 | 8 | | | | 5 | |
| | 1 | | 3 | | | 8 | 2 | |
| 7 | 3 | | | | | | 6 | 4 |
| | 2 | 9 | | | 6 | | 1 | |
| | 6 | | | | 8 | 2 | | |
| | | | 6 | | | 1 | 8 | |
| | | 8 | | 4 | | | 3 | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 30 ER Á BONUS.IS 30

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS




**1995** KR. KG

KJÖRFUGL
**FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**




**249** KR. 1 KG

BARILLA
**SPAGHETTI 1.KG**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samkeppnisráðherrann þarf að tala við landbúnaðarráðherrann:

## Samkeppnin er allra hagur

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Samkeppniseftirlitið kynnti í gær mikla úttekt á verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði. Þar eru helztu nýmælin þau sem Fréttablaðið sagði frá í gær, að stofnunin beinir sjónum að birgjum og staðfestir það sem lengi hefur verið staðhæft, að þeir mismuna mjög verzlunum eftir stærð og umfangi.

Þannig borga smærri dagvöruverzlanir að jafnaði 15% hærra verð en Hagar, sem bera enn ægishjálm yfir dagvörumarkaðinn, þótt markaðshlutdeild fyrirtækisins hafi minnkað undanfarið, meðal annars vegna skilyrða sem Samkeppniseftirlitið hefur sett. Litlu búðirnar eiga enga möguleika á að vera samkeppnishæfar í verði við stóru lágvöruverðskeðjurnar.

Samkeppniseftirlitið dregur í efa að viðskiptakjör birgja til smásöluverzlana styðjist í öllum tilvikum við málefnaleg sjónarmið og telur að erfitt muni reynast að sýna fram á það, þótt ekki sé nema vegna þess að um 40% viðskiptasamninga á markaðnum séu ekki skriflegir. Það beinir því þeim tilmælum til birgjanna að þeir endurmeti verðstefnu sína og hugi að því hvort afsláttarkjörin markist af „eðlilegu magnhagræði eða samkeppnishamlandi kaupendastyrk“, þ.e. hvort stærstu keðjurnar geti knúið fram óeðlilegan afslátt, á kostnað smærri verzlana.

Full ástæða er til að Samkeppniseftirlitið beiti sér gagnvart birgjunum. Stofnunin telur hins vegar ekki síður mikilvægt að stjórnvöld grípi til aðgerða til að efla samkeppni og nefnir þar sérstaklega breytingar á búvörulögum og afnám innflutningstolla.

Eins og rakið er í skýrslu stofnunarinnar hafa stjórnvöld oftast nær látið tillögur samkeppnisyfirvalda um að efla samkeppni og frjáls viðskipti í búvörugeiranum sem vind um eyrun þjóta. Landbúnaðarráðherrar hafa áratugum saman ástundað grímulausa hagsmunagæzlu fyrir framleiðendur og afurðastöðvar í landbúnaði, á kostnað almennra neytenda.

Því miður virðist ekki ætla að verða mikil breyting á þessu, miðað við viðbrögð Steingríms J. Sigfússonar í Fréttablaðinu í dag. Er hann þó fyrsti ráðherrann sem fer bæði með samkeppnismál og landbúnaðarmál í stjórnarráðinu. Samkvæmt gamalli hefð velur hann sérhagsmunina fram yfir almannahagsmuni.

Ráðherrann réttlætir fyrirhugað aðgerðaleysi sitt með orðaleppnum fæðuöryggi, sem er oft dreginn upp þegar verja þarf einokun og viðskiptahömlur í landbúnaði. Í því ljósi er áhugavert að skoða dæmið, sem Samkeppniseftirlitið nefnir af nánast eina tilvikinu, þar sem farið var að tillögum þess og tollar á innfluttu grænmeti felldir niður, jafnframt því sem stuðningi við grænmetisbændur var breytt til að efla samkeppni. Niðurstaðan varð sú að verð á grænmeti lækkaði, hlutur innlendrar framleiðslu jókst, Íslendingar borða meira grænmeti og vöruþróun og sérhæfing í greininni jókst, sem þýðir að neytendur hafa meira úrval. Stríðir eitthvað af þessu gegn fæðuöryggi?

Það á ekki að stilla viðskiptafrelsi og samkeppni annars vegar og hagsmunum bænda og fæðuöryggi hins vegar upp sem andstæðum. Samkeppnisráðherrann hlýtur að geta komizt að skynsamlegu samkomulagi við landbúnaðarráðherrann í þessu máli.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

www.optima.is

Sjóðsvélar

Optima kynnir

SAM4S sjóðsvélar

Afar vandaðar sjóðsvélar, einfaldar í notkun.

Kynningarverð

kr. 43.990.-



STOFNAÐ 1953

OPTIMA

Optíma er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hefur svarað sjálfum sér

Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins, spurði Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra að því hvort hún hefði hugleitt stöðu sína á ráðherrastóli í ljósi ábyrgðar hennar á hruninu. „Hefur hæstv. forsætisráðherra hugleitt sína persónulegu stöðu sem forsætisráðherra þjóðarinnar eftir hrun í ljósi þess að hún átti sæti í þessari ríkisfjármálanefnd í aðdraganda hrunsins? Þetta er athyglisverð spurning, en Ásmundur Einar svaraði raunar hvað sjálfan hann varðaði þegar hann studdi Jóhönnu sem forsætisráðherra, þá þingmaður Vinstri grænna.



### Ég er að tala um þig

Nokkrir þingmenn spurðu forsætisráðherra í gær um undirskriftasöfnun gegn Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, og framtíð hennar í forsetastóli. Meðan á því stóð sat Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, fyrir aftan þingmenn, sló í bjöllu ef Jóhanna titlaði ekki rétt og bað um að orðum yrði beint til forseta.



### Eins og að drekka vatn

Steingrímur J. Sigfússon verður gestur á landsfundi Samfylkingarinnar og fetar þar í fótspor ekki ómerkari manna en Björgólfs Guðmundssonar og Styrmis Gunnarssonar, sem báðir hafa gert slíkt hið sama. Steingrímur á að ræða um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Lofsvert er þegar flokkar leita út fyrir eigin raðir eftir upplýsingum og Steingrímur fær hrós fyrir að mæta. Enda verður þessi fundur honum líklega mun auðveldari en landsfundir í hans eigin flokki.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hvetjum til húsnæðissparnaðar

Fjármál

Eygló Harðardóttir
alþingismaður



Sögulega hefur lítill sparnaður verið á Íslandi. Því hafði það alvarlegar afleiðingar þegar lög um sparnað vegna húsnæðis voru afnumin í lok síðustu aldar. Það unga fólk sem keypti sína fyrstu eign á árunum 2000 til 2008 átti lítið sem ekkert eigið fé. Til að koma til móts við takmarkað eigið fé stóðu því til boða lán með allt að 100% veðsetningu. Fáir valkostir buðust umfram séreign og eina leiðin sem margir sáu til að tryggja sér öruggt húsnæði var að taka lán og fá lánað veð hjá ættingjum og vinum.

Í dag stendur þessi hópur eftir með þunga skuldabyrði vegna mikilla hækkana á verðtryggðum lánum og lækkandi fasteignaverðs. Búsetuformum hefur ekki fjölgað, verðtryggingin tröllríður enn bókhaldi íslenskra heimila og enginn hvati er til sparnaðar vegna húsnæðiskaupa.

Því er ekki að furða að þeir sem hafa ekki enn drekkt sér í skuldum horfa með hryllingi til þátttöku á íslenskum húsnæðismarkaði. Úr þessu verður að bæta.

Undir minni forystu lagði meirihluti verðtryggingarnefndar efnahags- og viðskiptaráðherra til fjölmargar leiðir til að búa til betri húsnæðismarkað. Þar er lagt til að innleitt verði óverðtryggt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd, í stað verðtryggðra jafngreiðslulána. Brýnt væri að fjölga búsetuformum með því að styrkja rekstrarumhverfi leigufélaga og húsnæðissamvinnufélaga. Það væri hægt að gera með því að styðja við fjármögnun þeirra með stofnstyrkjum, ívilnunum og tímabundnum opinberum stuðningi og breytingum á húsnæðisbótakerfinu. Þegar er unnið að þessu.

Síðast en ekki síst þyrfti að hvetja til sparnaðar. Það verður að gera til að hraða eignamyndun, lækka fjármagnskostnað og minnka skuldsetningu heimilanna.

Því hyggst ég leggja fram frumvarp um skattaívilnun til ungs fólks sem vill leggja til hliðar peninga til að kaupa húsnæði eða búseturétt. Þar er lagt til að reglubundinn sparnaður til húsnæðisöflunar sem stofnað er til fyrir 34 ára aldur veiti 20% skattaafslátt af innleggi hvers árs, að hámarki 200 þús. kr. Sparnaðurinn yrði undanþeginn fjármagnstekjuskatti.

Þannig tryggjum við að börnin okkar steypi sér aldrei aftur í sömu skuldir og við.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Bændasamtökin: ríki utan ríkisins?

Landbúnaður



Þórólfur Matthíasson
hagfræðiprófessor

Í 15. gr. svokallaðs búnaðarlagasamnings sem gerður er á grundvelli laga nr. 70/1998 er kveðið á um að Bændasamtök Íslands skuli halda aðskildum fjármunum sem til samtakanna renna úr ríkissjóði og öðrum fjárreiðum sínum. Þá er í sömu grein kveðið á um að Bændasamtökin skuli afhenda sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu endurskoðaðan ársreikning sinn. Samþykktir Bændasamtakanna kveða einnig á um að fjárhagur starfsemi sem rekin er í umboði ríkissjóðs og á hans kostnað skuli aðskilinn frá annarri starfsemi Bændasamtakanna.

Ég hef nú, eftir talsverða eftirgangsmuni, fengið aðgang að rekstrarreikningshluta ársreiknings Bændasamtakanna fyrir nokkur undangengin ár. Reikningarnir bera ekki með sér að virtur sé sá skýri aðskilnaður ríkissjóðstekna og ríkissjóðsverkefna á einn veg, ráðgjafarþjónustu á annan veg og almennri félagsstarfsemi Bændasamtakanna á þriðja veg sem áskilinn er í samningi og samþykktum.

Reikningarnir bera með sér að velta Bændasamtakanna sé um 600 milljónir króna á ári. Félagsgjöld aðildarfélaganna eru heilar 250 þúsund krónur(!), auglýsingatekjur og áskriftargjöld Bændablaðsins um 45 milljónir, útseld skýrsluvélaþjónusta um 11 milljónir og hugbúnaðarsala um 30 milljónir. Beinar greiðslur úr ríkissjóði til Bændasamtakanna virðast nálægt 350 milljónum króna árlega. Ekki verður ályktað með því að skoða ársreikninginn hversu háar greiðslur Bændasamtökin fá frá ríkissjóði fyrir verktöku af ýmsu tagi. Framsetning ársreikningsins er því með þeim hætti að ekki er hægt að útiloka að greiðslurnar nemi allt að 400-500 milljónum króna á ári.

Ráðgjafaþjónusta Bændasamtakanna virðist niðurgreidd um ríflega 100 milljónir króna. Skýrsluvéla- og forritunarþjónusta virðist rekin með 70 milljóna króna halla. Hluti þeirrar ráðgjafar sem samtökin veita er hefðbundin rekstrarráðgjöf sem aðrir rekstraraðilar en bændur þurfa að kaupa fullu verði af endurskoðunarstofum eða öðrum sérhæfðum aðilum. Önnur fyrirtæki en þau sem rekin eru af bændum þurfa að greiða forritun og tölvuvinnslu fullu verði. Það er fyllsta ástæða til að velta fyrir sér hvort það sé skynsamleg ráðstöfun skattpeninga að nota þá til að veita bændum hefðbundna rekstrarráðgjöf og til að skrifa bókhaldsforrit. Reyndar má spyrja hvort slík ráðstöfun stangist ekki á við ákvæði samkeppnislaga.

Athygli vekur að Útgáfu- og kynningarsvið, sem m.a. sér um útgáfu Bændablaðsins, er rekið með 30-50 milljón króna halla árlega. Ljóst er að sá halli er ekki greiddur af aðildarsamtökum Bændasamtakanna, frekar en annar halli af einstökum starfssviðum. 250 þúsund króna árlegt framlag aðildarsamtakanna dugar ekki einu sinni til að dekka hallann af rekstri kaffistofunnar sem virðist 6-7 milljónir króna á ári. Sú spurning vaknar hvort Bændablaðið, sem dreift er víða um land og er þekkt af nokkuð eintóna, sumir segja sérlundaðri ritstjórnarstefnu, sé í raun kostað af skattgreiðendum.

Þá má og spyrja, með hliðsjón af lélegri rekstrarafkomu svokallaðra búreikningsbúa, hvort ekki sé hægt að bæta rekstrarráðgjöf sem bændur fá. Verður það ekki að nokkru leyti að skrifast á reikning ráðgjafanna að meðalsauðfjárbú á landinu nær því ekki að skapa tekjur til að greiða bændum og öðru starfsliði laun eða standa undir vaxtagreiðslum? Á ráðgjöfin ekki einhverja sök í því að skattgreiðendur greiða öll laun og allan fjármagnskostnað meðalsauðfjárbúsins? Þarf ekki að taka slíka ráðgjöf til endurskoðunar? Er ekki kominn tími til þess að fá erlenda úttektaraðila til að gera úttekt á gæðum þeirrar þjónustu og þeirri ráðgjöf sem Bændasamtökin veita?

Ekkert verður fullyrt með vissu um eignastöðu Bændasamtakanna nema hafa aðgang að efnahagsreikningshluta ársreiknings. En sú staðreynd að hreinar fjármunatekjur samtakanna eru allt að 150 milljónir króna bendir til þess að hreinar eignir Bændasamtakanna séu af stærðargráðunni 1 til 3 milljarðar króna. Hvorki rekstur Bændablaðsins á undangengnum áratugum, né aðildarfélagaframlögin eru af þeirri stærðargráðu að hafa byggt upp eiginfjárstöðu í milljarðaklassanum.

Löggjafinn gerir eðlilega strangar kröfur til meðferðar ríkisstofnana á skattfé. Fjársýsla ríkisins, fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun margmeta hvort tiltekin ráðstöfun fjármuna sé réttmæt. Sé ríkisstofnun ofhaldin í fé er henni ekki heimilt að byggja upp eigið fé eða ráðstafa fé til óskyldrar starfsemi, heldur er henni skylt að senda fjármunina aftur til ríkisféhirðis. Megnið af umsvifum Bændasamtakanna er í raun umsýsla með skattfé. Samtökin þurfa þó ekki að hlíta þeim ströngu reglum um réttmætt tilefni útgjalda sem ríkisstofnanir þurfa að gera. Ríkisstofnun myndi t.d. ekki komast upp með að gefa út vikurit um hugðarefni og hagsmunamál forstjóra stofnunarinnar. Hvað þá að prenta í risaupplagi og dreifa í sveitir og kaupstaði auk sundstaða og verslanamiðstöðva höfuðborgarinnar.

Búnaðarlagasamningur Bændasamtakanna og ríkisstjórnarinnar er á skjön við eðlilega stjórnsýslu og eðlilegt eftirlit með ráðstöfun ríkissjóðstekna. Bændasamtökin eru í raun ríki við hlið ríkisins sem virðast geta ráðstafað skatttekjum eftirlitslítið og án þess að virða ákvæði samninga og eigin samþykkta um framsetningu ársreiknings. Reglur eru til að fara eftir, ekki til að brjóta, þó annað megi sjálfsagt álykta út frá málum kenndum við iðnaðarsalt og kadmíumblandaðan áburð.

Megnið af umsvifum Bændasamtakanna er í raun umsýsla með skattfé. Samtökin þurfa þó ekki að hlíta þeim ströngu reglum um réttmætt tilefni útgjalda sem ríkisstofnanir þurfa að gera.

# Ekki eins og að stela bíl

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Ímyndum okkur skóframleiðanda sem rekur nokkrar verslanir í litlu landi. Skóframleiðandinn ákveður að hann ætli að hafa sumar búðir dýrari en aðrar. Fyrir því gæti hann haft ýmsar ástæður. Það gæti verið að flutningskostnaður væri mishár, að leigan væri sums staðar hærri eða fasteignagjöld breytileg eftir bæjum. Svo gæti hreinlega verið að hann mæti það svo að kúnnar sumra verslana væru almennt ríkari en kúnnar annarra og því mætti reyna að rukka þá um meira.

Það er ekkert að því að menn verðleggi framleiðslu sína eins og þeim sýnist. En fáum dytti í hug að lögin ættu ekki einungis að verja fræðilegan rétt skósalans til mishárrar verðlagningar, heldur ættu lögin beinlínis að tryggja grundvöll hennar. Og að þetta mætti verða á kostnað almennra mannréttinda.

Ef tvær búðir í nálægum bæjum selja eins skó á mjög ólíku verði mun fólkið keyra á milli og kaupa skóna þar sem þeir eru ódýrari. Eðlileg viðbrögð markaðar við þessu væru einfaldlega að selja skóna jafndýrt alls staðar. Í netumræðunni erum við hins vegar komnir á stað sem svipar til þess að verið væri að setja upp skóeftirlitsstöðvar á mörkum sveitarfélaga, og leitað væri í bílum til að sjá hvort nokkur væri að kaupa skó í búðum fjarri lögheimili sínu. Kæmi slíkur grunur upp væru menn klæddir úr skónum á staðnum og sendir berfættir heim, öðrum til varnaðar.

Netið er ekki eins og vegakerfi milli bæja. Netið er bær. Þetta geta þeir jafnan sextugu þingmenn heimsins sem oftast setja lög um netið trauðla skilið. Það virðist almennt sem þekking stjórnmálamanna á netinu og hagsmunum almennings af því sé annaðhvort af skornum skammti eða einungis komin frá hagsmunaaðilum. Ísland er hér engin undantekning. Af lestri frumvarpa til höfundarréttarlaga má sjá að undantekningarlítið eru menn eins og Eiríkur Tómasson, fyrrum framkvæmdastjóri STEFs, fengnir sem helstu ráðgjafar stjórnvalda í þessum málum. Án þess að ætla að lasta þann mæta mann þá geta allir dæmt um hvort heppilegt sé að hagsmunaaðilar hafi mjög ríka aðkomu að samningu laga sem varða þá sjálfa.

Lítið bendir til að þetta sé að breytast. Nú má lesa á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis að til standi að endurskoða höfundarlög. Það er orðað með þeim hætti að „Stjórnvöld og rétthafar“ ætli að „taka höndum saman“ og efla „virðingu fyrir höfundarrétti“. Það hljómar skelfilega.

Virðingu ávinna menn sér. Á meðan til staðar er alþjóðlegt net einkarekinna tollsvæða með tónlist og kvikmyndir er kannski eðlilegt að virðing manna fyrir höfundarrétti sé eftir því. Þessum málum er alltaf reynt að stilla upp sem „þjófnaði“ eða „sjóræningjastarfsemi“ þrátt fyrir að umrætt efni er í mörgum tilfellum ófáanlegt á skikkanlegan máta. Fjölmargir sjónvarpsþættir sem aðgengilegir eru, án endurgjalds, í Bandaríkjunum eru alls kostar ófáanlegir á Íslandi. Tónlistarverslanir eins og iTunes eru lokaðar Íslendingum þrátt fyrir fjórfrelsi EES-samningsins. Ástæða? Litið er á iTunes sem útvarpsstöð. Jú, það má vera að iTunes sé útvarpsstöð, í hugum sömu manna sem halda því blákalt fram að það að hlaða niður lagi sé í engu frábrugðið vopnuðu bílaráni.

Nú stendur yfir staðfestingarferli á skelfilegum alþjóðlegum samningi, ACTA, þar sem vestræn ríki lofa hvert öðru að beita eigin þegna mannréttindabrotum, skylda einkaaðila til að fylgjast með netnotkun fólks og loka á netaðgang grunaðra manna án dómsúrskurða. Samningurinn var saminn af hagsmunaaðilum bak við luktar dyr. Ísland er ekki aðili að honum og ætti aldrei að verða. En hættan er auðvitað sú að stjórnvöld skrifi undir hann eða innleiði allar meinsemdir hans, með vísan í „alþjóðlega þróun“.

Það er reynt er að hólfa netið niður og beita öllum ráðum til að þau hólf haldi. Það er vissulega alþjóðleg þróun en þeirri þróun þarf að snúa við. Stefna íslenskra stjórnvalda ætti að vera að tryggja að íslenskir neytendur hefðu sama aðgang að öllu efni á netinu og bandarískir, eða aðrir, neytendur.

Reykvíkingur og New-Yorkbúi eru íbúar sama netþorpsins og eiga að hafa sama aðgang að gæðum þess.



# Eftirlit – eftirlit!

Eftirlit



**Jón Bergsson**
lyfjafræðingur, vottaður úttektarstjóri og ráðgjafi

Undanfarna daga hefur umræða um kadmíum í áburði, díoxín í matvælum, iðnaðarsalt og brjóstapúða snúist að mestu um ábyrgð yfirvalda og eftirlitsstofnana þeirra sem eiga að gæta hagsmuna neytenda. Minna hefur verið rætt um ábyrgð framleiðanda vöru eða þjónustu gagnvart neytendum.

Það er nú einu sinni þannig, að sá sem býr til vöru eða þjónustu ber alla ábyrgð á að varan sé eins og til er ætlast (e. fit for purpose) og standist kröfur kaupandans. Til þess verður framleiðandinn að nota rétta uppskrift eða vörulýsingu, hráefni og önnur aðföng, þjálfað starfsfólk, o.s.frv. Þetta er stundum kallað „gæðastjórnun“.

Ekki er nokkur leið að varpa þessari ábyrgð allri eða að hluta á birgja framleiðandans, hvort sem þeir eru sjálfir framleiðendur, innflytjendur eða heildsalar. Því síður er hægt að varpa þessari ábyrgð á yfirvöld og opinberar stofnanir, nema þegar „hið opinbera“ er sjálft framleiðandi vöru eða þjónustu (skólar, sjúkrahús, o.s.frv.). Gera verður greinarmun á opinberu eftirliti með að lögum og reglugerðum sé framfylgt og gæðaeftirliti við framleiðslu á vöru eða þjónustu.

Að tryggja gæði vöru er eðlilegur hluti af framleiðsluferlinu, og betra er að stjórna ferlinu þannig að tryggt sé að varan standist kröfur frekar en að reyna að staðfesta það eftir á með sýnatökum og prófunum. Þeir sem hafa kynnt sér tölfræði og líkindareikninga kringum sýnatökur, prófanir og gæðamat vita að aldrei er hægt að segja með fullri vissu að öll framleiðslan sé í lagi þó það sýni sem prófað var sé í lagi. Það er t.d. ekki hægt að fullyrða að allir kjúklingar í tiltekinni slátrun séu ómengaðir af salmonellu þó þau sýni sem prófuð voru séu í lagi. Kjúklingarnir sem sýnin voru tekin úr eru í lagi og ákveðnar tölfræðilegar líkur eru þá á að allir hinir séu líka í lagi. Opinberar eftirlitsstofnanir geta augljóslega ekki verið með í framleiðslu á öllum vörum. Eftirlit þeirra verður að byggjast á sýnatökum og mati með þeirri óvissu sem því fylgir. Og kostnaði.

Eftirlit með loftgæðum, neysluvatni, frárennsli, umhverfismengun og þess háttar á augljóslega að vera á hendi opinberra eftirlitsstofnana og á kostnað skattgreiðenda. Þetta snertir okkur öll – samfélagið. Þessar upplýsingar ættu að vera aðgengilegar, t.d. á vefsíðum, enda safnað til að gæta öryggis almennings. Kostnaður við gæðastjórnun við framleiðslu á vörum og þjónustu á hins vegar að vera hluti af kostnaði vörunnar og á kostnað kaupandans. Hugsanlegt er að þeir sem aldrei borða kjúkling kæri sig ekkert um að greiða fyrir gæðaprófanir á honum með opinberu eftirliti.

En það er önnur leið til að tryggja að neytendur fái rétta vöru og þjónustu. Þetta er leið gæðastjórnunar, eða bara „góð stjórnun“. Gæðastjórnun er einfaldlega það að stjórnendur þeirra fyrirtækja sem selja vöru eða þjónustu taka fulla ábyrgð á því sem fyrirtæki þeirra skilar til neytenda. Það gera þeir með því að vera þátttakendur í öllu sem fram fer innan fyrirtækisins… ekki bara í fjármáladeildinni. Framkvæmdastjórinn ber ábyrgð á því fólki sem hann treystir fyrir ákveðnum verkum og ábyrgð; að búa til gott kaffi, stjórna vélasamstæðu eða prófa sýni á rannsóknarstofu. Lykilhugtök í nútímagæðastjórnun eru t.d.: Ábyrgð stjórnenda, rýni stjórnenda, áhættugreining, skráning,

> Hugsanlegt er að þeir sem aldrei borða kjúkling kæri sig ekkert um að greiða fyrir gæðaprófanir á honum með opinberu eftirliti.

samvinna við birgja, samvinna við neytendur, sjálfsmat og stöðugar úrbætur. Birgjar mega selja iðnaðarsalt til matvælafyrirtækja, en sá sem er ábyrgur fyrir matvælafyrirtækinu á að tryggja að iðnaðarsalt sé bara notað til að salta bílaplanið en ekki í matvöruna sem verið er að framleiða. Á sama hátt má sútunarverksmiðjan kaupa iðnaðarsalt og nota við að súta skinn. Sé það ekki ætlað í þorramatinn.

Það gefur auga leið að nauðsynlegu eftirliti sé best fyrir komið „á staðnum“ í formi framleiðslueftirlits og gæðaprófana. Þar við bætast innri úttektir og sjálfsmat til að sannreyna að öll ferli séu rétt og til að finna tækifæri til úrbóta.

Þetta er kallað eftirlit fyrsta aðila. Þá koma samningar við birgja og úttektir ef ástæða þykir, t.d. með tilliti til áhættugreiningar. Þetta er eftirlit annars aðila. Ef ég væri að kaupa brjóstapúða til að setja í konur mundi ég t.d. íhuga þetta. Eftirlit þriðja aðila er svo allt ytra eftirlit af hálfu opinberra stofnana, t.d. vegna framleiðsluleyfis eða starfsleyfis, og af hálfu viðskiptavina – óski þeir þess. Því betur sem fyrirtæki sinna eftirliti fyrsta og annars aðila því minni er vinna og kostnaður þriðja aðila við það eftirlit sem nauðsynlegt er.




# RARIK semur við samsærismenn

Viðskipti



**Árni Árnason**
framkvæmdastjóri hjá ÁRVÍK hf.

Samkvæmt reglum á EES svæðinu er opinberum aðilum óheimilt að semja við fyrirtæki sem hafa verið sakfelld fyrir þátttöku í skipulögðum brotasamtökum. Engu að síður fór hún hljótt fréttin sem birtist undir jólin að RARIK hefði samið um stórt hitaveituverkefni við erlent fyrirtæki sem hlotið hefur sekt fyrir gróft samkeppnisbrot. Með samningnum fer úr landi verkefni sem munar um í núverandi atvinnuástandi og verkefni sem hefði skilað töluverðum skatttekjum í opinbera sjóði. Útboð þetta hefði gjarnan mátt fá ítarlegri umfjöllun í fréttum.

Markaðurinn á meginlandi Evrópu fyrir rör og efni til fjarvarmaveitna á sér nokkra sérstöðu í samkeppnisrétti Evrópusambandsins. Í október 1998 var skýrt frá því að samkeppnisyfirvöld (European Commission) hefðu sektað tíu fyrirtæki um samtals 92,2 milljónir ECU fyrir að starfrækja leynilegt samstarf (cartel) sem gekk út á að skipta markaði, ná samkomulagi milli þátttakenda um verð á lagnaefni og skipta á milli sín hver aðila í samsærinu ætti að vera sigurstranglegastur í tilteknum útboðum á rörum til fjarvarmaveitna. Í samstarfinu fólust einnig tilraunir til þess að knésetja keppinaut, þ.e. fyrirtækið Powerpipe í Svíþjóð, sem vildi ekki taka þátt í samráðinu. Voru því greiddar skaðabætur sem námu a.m.k. 50 milljónum sænskra króna en aðilar samsærisins fengu háar sektir.

Svissneska fyrirtækið ABB Asea Brown Boveri Ltd., en aðalverksmiðja þess er í Danmörku, var í forsvari fyrir hópnum enda langstærst á markaðnum. Það hlaut sekt sem nam 70 milljónum ECU (ISK 11,2 milljarðar) en það næsta í röðinni, Løgstør Rør A/S í Danmörku hlaut sekt sem nam 8,9 milljónum ECU (ISK 1,4 milljarðar). ECU, Evrópumyntin, er forveri evrunnar.

Í ágúst 2007 tók gildi hér á landi reglugerð um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutning og fjarskipti (nr. 755/2007). Í 3. gr. hennar segir að nánar skilgreindir opinberir aðilar og fyrirtæki skuli „útiloka frá gerð opinbers samnings sérhvern þátttakanda eða bjóðanda, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi“ m.a fyrir „þátttöku í skipulögðum brotasamtökum“.

Þessi forsaga rifjaðist upp fyrir mér þegar sagt var frá því að RARIK hefði ákveðið að taka tilboði frá Løgstør Rør A/S upp á 465 milljónir ISK. Tilboðið var fyrir Hitaveitu Blönduóss og hitaveitu á Skagaströnd og í nærliggjandi dreifbýli. Í ljósi framanritaðs og forsögunnar vekur það nokkra undrun að RARIK, opinbert fyrirtæki, skuli velja röraframleiðanda með þessa forsögu til verksins. Íslenska ríkið hefur af því umtalsverða skattalega hagsmuni að innlendir aðilar sinni framleiðslunni og skatttekjur af vinnu og útgjöldum allra þeirra sem að verkinu koma renni í opinbera sjóði. Á tímum atvinnuleysis væri í grannlöndum okkar leitað leiða við undirbúning og framkvæmd verks sem þessa til þess að þarlendir aðilar hefðu forskot í samkeppninni.

Það var þess vegna með nokkurri forvitni að ég kynnti mér útboðsgögn til þess að kanna hvort sjá mætti þess merki að ætlunin hefði verið að færa innlendum aðilum verkið á silfurfati. Niðurstaðan var þveröfug. Ef eitthvað er má fremur segja að útboðið sé skrifað með hagsmuni erlendra bjóðenda að leiðarljósi. Hér bendi ég á að allt lagnaefnið á að afhendast í einu lagi ekki seinna en 1. júní 2012 sem gerir erlendum aðila sennilega kleift að fá leiguskip til flutnings á lagnaefninu. Þá er reiknað með að varan verði staðgreidd af kaupanda innan þriggja vikna eftir afhendingardag.

Þetta eru stífir greiðsluskilmálar. Þegar tveggja ára framkvæmdatími er hafður í huga er RARIK að taka á sig vexti á framkvæmdatíma vegna fjárbindingar í lagnaefni sem eru langt umfram þann verðmun sem fólst í boði lægstu bjóðenda. Munurinn á tilboðum var 7% en til samanburðar eru kjörvextir Íslandsbanka með 1% álagi nú 7%. Loks má nefna að áskilið var að boð aðila væri í evrum sem leysir marga erlenda aðila undan gengisáhættu en færir hana til kaupandans, RARIK. Innlendur framleiðandi tekur einnig gengisáhættu vegna innlends kostnaðar. Ef evran braggast, þó ekki sé nema í það horf sem var í lok síðasta sumars, hefur samningsfjárhæðin hækkað um 4%.

Með þessu er ég ekki að segja að útboðið hafi verið skrifað fyrir erlenda aðila. Það vakti hins vegar undrun mína að sá aðili, sem er ráðgjafi kaupanda, mun aldrei hafa heimsótt eina innlenda aðilann sem kom til greina, þ.e. Set ehf. á Selfossi, til þess að kynna sér starfsemi hans. Set er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu í sinni grein. Ég hef oft heimsótt fyrirtækið með erlendum sérfræðingum á sviði lagnamála og hafa þeir lokið upp miklu lofsorði á starfsemi þess.

Þá er í útboðsgögnum að finna nokkuð sérstæðar villur. Þar er vísað til laga sem eru ekki lengur í gildi. Einnig er vísað til DIN staðla í útboðslýsingu en þeir staðlar hafa vikið fyrir nýrri EN stöðlum.

Þetta er hins vegar nokkuð, sem þeir, sem hafa verið lengi í viðskiptum, kippa sér ekki mikið upp við enda eru úreltar lýsingar í útboðum algengari en ætla mætti.

Á löngum viðskiptaferli hef ég séð mikið af óvönduðum útboðslýsingum. Fullkomin aðferðafræði við opinber innkaup almennt verður seint fundin. Ef engar reglur gilda má stórlega mismuna aðilum. Reynslan hefur þó kennt mér að útboð sé ekki gefin leið til þess að allt sé uppi á borðinu og gegnsæi og heiðarleiki ríki í ferlinu. Þar með er ekki sagt að svo hafi ekki verið í þessu tilviki.

# Lokun St. Jósefsspítala niðurlægir Hafnarfjörð

Heilbrigðismál



**Árni Gunnlaugsson**
lögmaður

Sú hryggilega ákvörðun velferðarráðherra að loka St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði 1. des. sl. hefur valdið miklum vonbrigðum, reiði og sorg. Að svipta hátt í 27 þúsund íbúa Hafnarfjarðar öllum aðgangi að sjúkrahúsi bæjarins, sem veitt hafði bæjarbúum og mörgum öðrum í rúm 85 ár ómetanlega hjúkrunar- og sjúkraþjónustu er hið alvarlegasta mál og að mínu mati ekki hægt fyrir stjórnvöld að réttlæta. Að leggja niður alla hjúkrunarþjónustu á St. Jósefsspítala er stjórnvöldum til „ævarandi skammar“ eins og stendur í ályktun, sem Öldrunarsamtökin Höfn gerðu 8. des. sl. en með lokun spítalans hefur „Hafnarfjörður verið niðurlægður“ eins og segir í sömu ályktun.

Ennfremur er með lokun spítalans niðurlægð minning St. Jósefssystra, sem byggðu spítalann 1926 og seldu ríkissjóði og Hafnarfjarðarbæ fyrir lágt verð árið 1987 á þeim forsendum, „að spítalinn yrði rekinn áfram með svipuðu sniði og verið hafði“ eins og skráðar heimildir vitna um. Að leggja niður alla starfsemi spítalans eru því svik við St. Jósefssystur og einnig svik við fyrirheit velferðarráðherrans frá 31. jan. 2011 um áframhald þeirrar starfsemi, sem síðast var á spítalanum og nú hefur verið hætt.

### Hagsmunir sjúklinga ekki í forgangi

Á sama tíma og ríkisstjórnin tilkynnti afmælisgjöf til Háskóla Íslands kr. 1,5 milljarðar og síðar var samþykkt á Alþingi að veita stjórnmálaflokkunum styrki um kr. 300 milljónir og útvegað viðbótarframlag til tónlistarhússins Hörpu kr. 730 milljónir voru felldar á Alþingi tillögur um að falla frá niðurskurði í heilbrigðismálum. Þannig eru ársstyrkir til stjórnmálaflokkanna miklu hærri en hefði kostað að halda áfram á þessu ári þeirri starfsemi St. Jósefsspítalans, sem lauk 1. des. sl. Aðeins sex þingmenn greiddu atkvæði gegn þeim óþarfa að styrkja pólitíska starfsemi með fé skattgreiðenda og vildu fremur verja því til heilbrigðismála. – Eins og ráða má af framangreindum samanburði verður ekki annað séð en að hagsmunir sjúklinga njóti ekki forgangs hjá ríkisvaldinu.

Lækningatæki og annar búnaður, sem velunnarar St. Jósefsspítala höfðu gefið spítalanum voru flutt nauðungarflutningi til Landsspítalans í Reykjavík án samþykkis gefenda og Hafnarfjarðarbæjar, sem á 15% eignarhlut í spítalanum. Þá var það fyrst í fréttum sjónvarps, sem bæjarstjórinn í Hafnarfirði fékk vitneskju um það, að velferðarráðherra hefði tekið ákvörðun um lokun spítalans. Þannig var yfirgangur stjórnvalda við lokun spítalans með ólíkindum. Með lokun St. Jósefsspítala er Hafnarfjörður ennfremur látinn sæta hörðustu aðgerðum í hinum almenna niðurskurði til heilbrigðismála. Það er óþolandi og spyrja má: Hvers eiga Hafnfirðingar að gjalda?

### Vafasamur sparnaður veldur meira tjóni

Lokun St. Jósefsspítala veldur margvíslegu tjóni, beint og óbeint, og er ógn við þá velferð, sem lög um heilbrigðisþjónustu boða. Þannig er ekki lengur opið það hlýja og rómaða athvarf, sem St. Jósefsspítali hafði verið sjúklingum til frekari bata og endurhæfingar eftir útskrift af öðrum sjúkrahúsum. Þegar á allt er litið er það skoðun mín og ótal fleiri, að lokun spítalans valdi meira tjóni en sá vafasami sparnaður í krónum talið, sem stjórnvöld telja sig ná með því að hætta allri starfsemi St. Jósefsspítala.

Hér með er enn á ný skorað á velviljaða þingmenn að taka mál St. Jósefsspítalans upp á Alþingi og berjast til sigurs fyrir því, að þar verði a.m.k. komið á fót hið allra fyrsta brýnustu hjúkrunar- og sjúkraþjónustu. Það hlýtur að vera krafa flestra Hafnfirðinga og henni verður að fylgja fast eftir.

# SÍÐUSTU DAGAR RÝMINGARSÖLUNNAR

## LOKSINS SPORTBÚÐARÚTSALA
## SPORTBÚÐIN FLYTUR OG ALLT Á AÐ SELJAST

- BYSSUSKÁPAR Á MIKLUM AFSLÆTTI
- FLUGUSTANGIR Á ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
- RIFFLAR Á GRÍÐARLEGUM AFSLÆTTI
- VÖÐLUR Á STÓRFENGLEGUM AFSLÆTTI
- SPÚNAR Á SVÍVIRÐILEGUM AFSLÆTTI
- GÆSAGALLAR Á LYGILEGUM AFSLÆTTI
- HAGLABYSSUR Á ÓHEYRILEGUM AFSLÆTTI
- GERVIGÆSIR Á MÖGNUÐUM AFSLÆTTI
- HAGLASKOT Á SMÁAFSLÆTTI
- VEIÐIJAKKAR Á OFSAFENGNUM AFSLÆTTI
- FLUGULÍNUR Á SVAKALEGUM AFSLÆTTI
- VEIÐIHJÓL Á HRIKALEGUM AFSLÆTTI
- FULLT AF ALLSKONAR Á HÁLFVIRÐI

## OPIÐ TIL 18 FÖSTUDAG
## 10 TIL 16 Á LAUGARDAG

## AUÐVELDAÐU OKKUR FLUTNINGINN OG HJÁLPAÐU OKKUR VIÐ AÐ TÆMA BÚÐINA

*Sportbúðin flytur í febrúar frá Krókhálsi 5 og opnar í mars að Krókhálsi 4.*

**SPORTBÚÐIN**

KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

*Í leiðinni úr bænum*

MÁN. TIL FÖS.- 10 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

# Sýkna án dóms og laga

Landsdómur

Gísli Tryggvason
lögfræðingur



Eitt sinn gekk ég tímabundið úr trúfélagi eftir að helstu leiðtogar þess ákváðu að sýkna æðsta prestinn án dóms og laga. Ég vil ekki ganga úr þjóðfélaginu eftir samþykkt Alþingis á 3ja ára afmæli búsáhaldabyltingarinnar 20. janúar sl. um að meta hvort falla eigi frá málshöfðun á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir Landsdómi.

Ég tel að Alþingi geti ekki afturkallað landsdómsmál úr lögformlegum farvegi. Rök mín snerta ekki málið efnislega heldur fyrirkomulagið við að koma lagalegri ráðherraábyrgð fram.

### Í andstöðu við stjórnarskrána

Í fyrsta lagi kveður 29. gr. stjórnarskrárinnar skýrt á um að auk samþykkis Alþingis þurfi atbeina forseta og ráðherra til þess að fella niður saksókn gegn ráðherra fyrir Landsdómi. Þegar stjórnarskráin felur einhverjum ákvörðunarvald þýðir það að annar getur ekki tekið sér það vald. Dæmi eru nefnd í lengri útgáfu á visir.is.

Niðurfelling saksóknar er í öðru lagi samkvæmt stjórnarskránni meðal sérverkefna (d. prerogativ) ráðherra og forseta – sem löggjafi og dómstólar mega ekki seilast í.

Þingheimur væri í þriðja lagi undir óeðlilegum þrýstingi ef þingmenn ættu í raun að meta efnislega sök í stað Landsdóms.

Síðast en ekki síst er ákvörðun Alþingis um að fjalla um afturköllun eftir að málið er komið fyrir Landsdóm í andstöðu við samdóma umfjöllun fræðimanna á sviði stjórnskipunarréttar í 99 ár eins og prófessor við Háskóla Íslands, Róbert Spanó, hefur rakið. Afstaða hinna gengnu fræðimanna þarfnast eðli málsins samkvæmt ekki ítarlegs rökstuðnings þar sem stjórnarskrárákvæðið er skýrt og rök þeirra óháð málinu, dægursveiflum og hagsmunum nú.

Hvað ráðherraábyrgð varðar er hvorki fyrir hendi stjórnskipunarvenja né lagaheimild sem flytur vald til þess að fella niður saksókn frá forseta og ráðherra.

Taka ber fram að mér var neitað um lögfræðiálit Alþingis í málinu og hef ég því ekki getað tekið afstöðu til hugsanlegra röksemda að baki.

Loks hefur Landsdómur hafnað kröfu um frávísun.

### Sami aðili kæri og meti sekt eða sýknu!

Lagarök eru þó ekki aðalatriðið – heldur þetta:

Ekkert réttarríki lætur sömu aðila ákveða refsikæru og meta réttmæti hennar.

Mörg ríki hafa svipaðan hátt á og við höfum haft frá upphafi þingræðis, þ.e. að lagaleg ráðherraábyrgð sé ákveðin af sérstökum aðila en ekki almennum dómstólum. Um tvær meginleiðir má lesa í lengri útgáfu greinarinnar á visir.is.

Þó að frumkvæði að ráðherraábyrgð sé enn í höndum Alþingis fer ákvörðun þingsins einnig í bága við tvær meginréttarbætur á síðari hluta 20. aldar, 1961 og 1990; annars vegar að ákæruvaldið var fært úr höndum stjórnmálamanna og hins vegar að ekki skuli sami aðili rannsaka, ákæra og dæma. Stjórnlagaráð samþykkti einróma 50 árum síðar að aðgreina ákæruvaldið enn betur frá stjórnmálunum.

### Pólitískur kviðdómur yfir fyrrum félaga?

Erfitt var fyrir alþingismenn haustið 2010 að ákveða kæru á hendur félaga sínum fyrir athafnarleysi í aðdraganda hrunsins. Enn erfiðara væri að meta í raun sekt hans.

Vissulega þekkjast kviðdómar í mörgum ríkjum þar sem jafningjar (e. peers) dæma um sekt ákærða; þingmenn eru einmitt félagar ákærða fyrir Landsdómi. Sá munur er þó á að kviðdómur við Austurvöll myndi aðeins starfa einu sinni en ekki í sakamálum almennt. Því verður ekki trúað að þingmenn ætli sér að leika hlutverk pólitísks kviðdóms sem meti sök ákærða – án þess að hlýða beint á vitni, kynna sér sönnunargögn saksóknara og málflutning hans, svo og verjanda, eins og hefðbundið er í réttarríki.

Allir alþingismenn voru auk þess kosnir eftir að atvik málsins gerðust en allir dómarar Landsdóms voru valdir löngu áður.

Eitt lagaskilyrði þess að falla megi frá saksókn er „að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar“. Varla mun geðþótti ráða. Léleg rannsókn sakamáls leiðir til sýknu og ekki er venja að skilyrða saksókn því að aðrir séu jafnframt ákærðir.

Hér vil ég ekki hafa uppi getgátur um efnislega niðurstöðu Landsdóms en eitt skýrasta ákæruatriðið er vanræksla á að fylgja skýru boði 17. gr. stjórnarskrárinnar að skylt sé að halda ríkisstjórnarfundi „um mikilvæg stjórnarmálefni“.

### Dómsmorð

Nú stefnir í það sem andstæðingar landsdómsmáls hafa haldið fram: pólitísk réttarhöld.

Dómsmorð þýðir að ranglega er staðið að því að ná fram niðurstöðu um sekt sakbornings; ég tel að samþykkt Alþingis fari í bága við stjórnarskrána og stefni í átt að sýknu án dóms og laga eða dómsmorði yfir réttlætinu og almenningi á Íslandi.

Lengri útgáfu þessarar greinar má lesa á visir.is.

# Ef heiðríkt er og himinn klár

Trúmál

Þórir Jökull Þorsteinsson
prestur



Ég, Þórir Jökull Þorsteinsson, hef ákveðið að gefa kost á mér til embættis biskups Íslands. Þessi ákvörðun mín hvílir á því að ég sé réttilega til þessa kallaður eins og þau önnur sem hug hafa á að leiða hið kirkjulega samfélag flestra Íslendinga. Þá hafa allmörg úr hópi vina og fyrrverandi sóknarbarna ýmist nefnt þetta eða hvatt mig til þessa. Með því að gefa kost á mér lýsi ég yfir sjálfstæði mínu og frelsi samvisku minnar í anda kristins manns. Biskupsembætti þetta tilheyrir á sinn hátt öllum skírðum Íslendingum sem láta sig þjóðkirkjuna varða sem trúarsamfélag sitt. Verkefnið er að varðveita eininguna innan þess samfélags kristinna manna sem er hin evangelísk-lútherska þjóðkirkja Íslands.

Framundan eru erfiðleikar sem þjóðkirkjan þarf að mæta og getur með Guðs hjálp sigrast á með uppbyggilegum hætti og endurnýjun. Fátt hefur á síðari árum gert þjóðkirkjusamfélaginu meira gagn sem kirkju en samfelld árás vantrúaðra á hana. Því miður hafa viðbrögð okkar oftsinnis litast af því viðhorfi að þessar atlögur væru lítið þakkarefni. Í víðri veröld er þó ekkert samfélag sem ríkulegar fékk en kirkjan þá brýningu í morgungjöf að þakka mótlæti og andstreymi af manna völdum, hvort sem þeir væru innan kirkju eða utan. Allt er það tilefni til að hún megi læra af því og finna á ný að hún er samfélag lífs og frelsunar. Andstreymið sem þjóðkirkjan hefur mætt er fyrst og síðast eindregin gagnrýni af ýmsum toga, stundum fjandsamleg og óverðskulduð en stundum alls ekki.

Staða þjóðkirkjunnar sem stofnunar í íslenzka ríkinu er gjarna höfð að skotspæni sem engan skyldi undra því sá tími er liðinn að henni dugi sem trúfélagi að vísa til félagslegra, pólitískra og sögulegra viðmiða einna sem ekki megi víkja frá og láta þar við sitja réttlætinguna. Okkur ber að hafa í huga að forsendur sérstöðu evangelísk-lútherskrar kirkju í ríkinu eru flestum gleymdar eða að engu hafðar. Við blasir að engum er greiði gerður með eilífum núningi út af skipan og stöðu þjóðkirkjunnar sem oftar en ekki sækir inntak sitt í þann útbreidda misskilning að hún sé eindregin ríkisstofnun, sem er fjarri sanni þó einhverjar leifar þeirrar skipanar sé enn að finna.

Ný stjórnarskrá mun að breyttu breytanda ráða þessu til lykta á þann hátt að landsmenn geti við unað.

Öllu hugsandi fólki er ljóst að engin kirkja á þess kost að öllum líki við hana, hún getur í þeim skilningi ekki verið öllum allt, hún hefur heldur ekki tilgang í sjálfri sér eins og stundum virðist gengið út frá. Tilgangur hennar er fólginn í því að boða fagnaðarerindið meðal Íslendinga. Okkur hættir að mínu viti til að gera of mikið úr þýðingu þjóðkirkjunnar hvað varðar pólitískar og samfélagslegar áherzlur á hverjum tíma. Fólk saknar kirkjunnar en ekki réttarhyggju manna eða hinna og þessara skoðana þeirra. Þær eru og verða legío en Jesús Kristur er í gær og í dag hinn sami og um aldir! Við erum enda mötuð stöðugt á málefnum yfirstandandi tíma til góðs og ills en nærvera kirkjunnar og starf réttlætist ekki af slíkum vindum sem koma og fara. Sjálfum þykir mér líklegt að það viðhorf sé orðið útbreitt meðal landsmanna að þá varði, hvað eigið framferði varðar, litlu hvað þjóðkirkjan segir eða ekki segir.

Kirkjunnar er því að boða mönnum og birta lífið í Kristi og þann kærleika sem útilokað er að fallið geti úr gildi og sem ber í sér uppbyggilegan aga og umhyggju í senn. Það er ekki allt líf sem lifað er, segir orðtakið og inntak þeirra orða má vel heimfæra til þess sem kirkjunni kemur og henni er af Guði ætlað að sá til með boðun sinni en fyrir hana eignast fólk lífsfyllingu og þá einlægu gleði sem upplýsingu Jesú Krists fylgir. Því miður er vonin um þetta hnoss stundum umgengin sem væri hún einber heimska, órar eða uppgerð og því er annað góss látið koma hennar í stað. Verum ekki þrælar manna, skrifaði postulinn.

Án Krists getur enginn maður þegið neitt af því sem erindi hans gengur út á en sá sem það gerir mun í anda sínum finna sig heima. Sem biskup bæri ég ofanritað fyrir brjósti. Þá hef ég látið í ljós það viðhorf mitt að draga þurfi úr kostnaðarsömum umsvifum embættis biskups Íslands og efla á móti biskupsembættin á stólunum fornu í Skálholti og á Hólum. Þar ættu, til uppörvunar söfnuðunum, að sitja fullgildir biskupar hvor í sínu stifti. Ég gæti rakið hér inntak starfa minna og reynslu í þjónustu þjóðkirkjunnar en kýs að svo komnu að leggja hér við hjarta mitt. Þeim öðrum sem nú bera sig eftir embætti biskups Íslands óska ég blessunar og alls velfarnaðar, minnugur þess að Guði er ekkert um megn og fel ég honum þetta mál allt. Í tilefni dagsins er hér gamall húsgangur.

*Ef heiðríkt er og himinn klár,*
*á helga Pálus messu,*
*mun þá verða mjög gott ár,*
*maður upp frá þessu.*

***Á Pálsmessu, 25. janúar, 2012,***
***Þórir Jökull Þorsteinsson.***

# Nýr Landspítali fyrir þjóðina

Nýr Landspítali

Jóhannes M. Gunnarsson
læknisfræðilegur verkefnisstjóri Nýs Landspítala



Björn Zoëga
forstjóri Landspítala



Lýður Árnason læknir ritar grein í Fréttablaðið 22. janúar sl. undir spurnarfyrirsögninni hvort nýr Landspítali sé fyrir þjóðina eða lækna. Hann spyr um þörf fyrir nýjan Landspítala.

Á meðfylgjandi súluriti sést fjöldi landsmanna í hverjum aldursflokki 2011 og áætlaður fjöldi árið 2025 samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar. Takið eftir mikilli fjölgun landsmanna sem eru 60 ára og eldri. Einnig er fellt inn línurit sem sýnir þörf á þjónustu Landspítala árin 2011 og áætlaða þörf 2025 eftir aldurshópum. Helstu notendur sjúkrahúsþjónustu er sá aldurshópur sem fjölgar mest. Fyrirhyggju þarf að hafa áður en þessi holskefla er risin að fullu. Af þessu má ráða að þörfin er raunveruleg nú þegar. Heilbrigðiskerfið þarf m.a. að byggja á öflugri heilsugæslu, svæðissjúkrahúsum og háskólasjúkrahúsi. Hvert og eitt þessara þjónustustiga þarf að virka eins og nútíminn krefst og þekking og tækni leyfa.

Framfarir á sviði heilbrigðisþjónustu hafa á síðustu árum og áratugum verið með ólíkindum og virðist hraði framfaranna sívaxandi. Á það rætur fyrst og fremst í aukinni sérhæfingu heilbrigðisstarfsmanna og nýrri og sérhæfðri rannsóknartækni. Þessi þróun er alþjóðleg og verður ekki snúið við. Tæknin krefst sérhannaðs umhverfis og samstarfs sérhæfðra starfsmanna. Dagar einyrkjastarfsemi á sjúkrahúsum eru liðnir og í raun í allri heilbrigðisþjónustu sem einkennist æ meir af teymisvinnu. Svar þróaðra ríkja við þessu er sameining sjúkrastofnana í stærri einingar. Síst af öllu höfum við efni á að nýta ekki sérþekkingu heilbrigðisstarfsmanna eins og kostur er með því að sameina sérhæfðustu heilbrigðisþjónustu Landspítala á einn stað.

Vaxandi þekking á sambandi meðferðarárangurs og hönnunar sjúkrahúsa er einnig hluti framfaranna. Staðlar um sjúkrahúsbyggingar breytast hröðum skrefum í samræmi við það, m. a. kröfur um loftræstingu. Lofthæð og burðarþol allra húsa Landspítala kemur í veg fyrir að nýjustu tækni verði við komið. Af sömu ástæðum er nú verið að úrelda og rífa stórar og að því er virðist stæðilegar sjúkrahúsbyggingar víða um lönd svo sem Karolinska sjúkrahúsið í Stokkhólmi og St. Olafs sjúkrahúsið í Þrándheimi svo nærtæk dæmi séu tekin. Eldri húsum Landspítala er ekki hægt að breyta svo þau mæti kröfum nútímans, hvað þá framtíðar. Stækkun Landspítala er afleiðing samfélagslegra breytinga sem felast í öldrun þjóðarinnar annars vegar og hraðfara faglegri þróun hins vegar. Það er miklu líklegra að martröðin sem greinarhöfundurinn sér fyrir sér sem afleiðingu af sýn forsvarsmanna spítalans um bætt húsnæði muni frekar snúast um afleiðingar þess að ekki hafi verið brugðist við þessum þáttum í tæka tíð.

Fullvíst má telja að Lýði Árnasyni sé annt um velferð sjúklinga þessa lands. Honum er því velkomið að koma á Landspítala og kynna sér aðstöðu sjúklinga og starfsmanna og núverandi áform um lausn vandans.

**Aldursdreifing og innlagnir á Landspítala 2011 og 2005**




**AF NETINU**

### Réttur forseta til að leggja frumvörp fyrir Alþingi

Það er dæmi um þá sérstæðu stöðu sem er komin upp varðandi forsetaembættið að hin mjög svo virku Hagsmunasamtök heimilanna leggi til að Ólafur Ragnar Grímsson grípi til aðgerða varðandi skuldir heimilanna í landinu.

Samtökin halda því fram að forsetinn hafi tæki til að gera þetta – umfram það væntanlega að halda ræðu og hvetja til að eitthvað sé gert í málunum.

Þá væri forsetinn einungis að beita áhrifavaldi sínu – reyndar þannig að varla eru fordæmi fyrir. Þetta myndu teljast inngrip inn í stjórnmálin – það má minna á að það vakti mikla reiði snemma í forsetatíð Ólafs Ragnars þegar hann tjáði sig um vegi á Vestfjörðum.

En nei, mér sýnist að Hagsmunasamtökin vilji að forsetinn gangi lengra – hafi þau pælt í því er væntanlega horft til 25. greinar stjórnarskrárinnar þar sem segir:

„Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta.“

Þetta ákvæði hefur verið alveg ónotað og varla neinum dottið í hug að það yrði virkjað. Lítil umræða hefur farið fram um það, enda myndu forsetar varla vera spenntir fyrir að leggja fram umdeild frumvörp sem síðan yrðu felld í þinginu. Miðað við stjórnskipunarhefðir er líklegt að þorri þingheims myndi bregðast ókvæða við slíkum inngripum.

http://silfuregils.eyjan.is

**Egill Helgason**



**Íslenskt súkkulaði** frá Nóa Síríus er notað í búðing og ýmsa eftirrétti á kaffihúsi í East Village í New York sem ber heitið Puddin´ by Clio. Kaffihúsið sérhæfir sig í sælkera-eftirréttum. Eigandi og kokkur á staðnum kynntist súkkulaði Nóa Síríus í Whole Foods Market og notar nú 70% Konsum súkkulaðið sem uppistöðu í réttum sínum. www.freisting.is

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457




**Veitingastaður með áherslu á hráefni úr heimabyggð verður opnaður í Vestmannaeyjum í byrjun sumars.**



MYND/ÓSKAR

# Nýtt líf í Magnahúsið

Veitingastaðurinn Slippurinn verður opnaður í gamla Magnahúsinu í Vestmannaeyjum í byrjun sumars. Í húsinu, sem var með fyrstu steinhúsunum í Eyjum, var lengi starfrækt vélsmiðja tengd slippnum en það hefur verið notað sem veiðarfærageymsla um margra ára skeið. Matreiðslumaðurinn Gísli Matthías Auðunsson og fjölskylda hans standa að baki veitingastaðnum en fjölskyldan hafði lengi gengið með þann draum í maganum að opna veitingastað í húsinu.

„Það er rík kokkahefð í fjölskyldunni og þegar tækifæri gafst ákváðum við að slá til en eigandi hússins, Matthías Óskarsson, er mjög hliðhollur breytingunni og hefur aðstoðað okkur mikið. Aðrir eigendur staðarins eru Sigurður F. Gíslason, framkvæmdastjóri Nítjándu í Kópavogi og fyrrum landsliðskokkur, foreldrar Gísla og systkini. Sigurður er uppalinn Vestmannaeyingur og móðurbróðir Gísla.

Megináherslan á nýja staðnum verður að sögn Gísla hráefni úr heimabyggð. „Við sækjum hráefni hér í kringum eyjarnar og leitum til bænda í Landeyjum eftir kjöti og grænmeti. Þá munum við eftir fremsta megni rækta kryddjurtirnar okkar sjálf. Meginálhersla verður þó á sjávarfang og við munum fylgja hugmyndafræði Slow Food þar sem áhersla er lögð á kjarngóðan mat án aukaefna. Umfram allt viljum við þó búa til fjölskyldustað.“ Gísli segir þónokkra veitingastaði í Eyjum en engan með slíkar áherslur og vonast til að heima- og ferðamenn kunni vel að meta. Hann vill sem minnstu breyta á staðnum.

„Við viljum halda í söguna og munum einungis setja upp veggi fyrir nauðsynjar eins og salerni og eldhús. Vélsmiðjusalnum, þar sem verður setið til borðs, ætlum við sem minnst að breyta. Hann er á annarri hæð hússins með útsýni yfir slippinn, höfnina og Heimaklett.“

*vera@frettabladid.is*





**Árleg garðfuglahelgi Fuglaverndar** stendur frá deginum í dag og fram á mánudag. Þátttakendur fylgjast þá með garði í einn klukkutíma einhvern þessara daga, skrá hjá sér hvaða fuglar koma í garðinn og skrá niðurstöður á þar til gert eyðublað og senda til Fuglaverndar. Nánari upplýsingar eru á www.fuglavernd.is






Andrea Helgadóttir götulistamaður við eitt af verka sinna sem prýðir vegg í Reykjavík. Á samsýningu nokkurra götulistamanna í Norræna húsinu mun hún sýna smámyndir sem hún hefur málað á hjólabrettaplötur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Götulistin eins og illgresi

**Níu götulistamenn færa listsköpun sína frá veggjum götunnar inn í Norræna húsið um helgina. Andrea Helgadóttir er ein af upphafsmönnum götulistar á Íslandi og ein af fáum stelpum sem stunda listina.**

Andrea Helgadóttir er ein af níu götulistamönnum sem opna samsýningu í Norræna húsinu á morgun. Sýningin, sem ber heitið Väggar, tengir saman tvær kynslóðir götulistamanna og á að endurspegla þverskurðinn af því sem hefur verið að gerjast í listinni síðustu árin.

„Þetta verður mjög forvitnilegt enda óvenjulegt að sýna grafflist í svona formlegum sýningarsal,“ segir Andrea sem er ein af upphafsmönnum götulistar á Íslandi og ein af fáum stelpum sem leggja stund á þessa list. „Ég byrjaði að graffa ellefu, tólf ára gömul, og þá aðallega til að herma eftir eldri bróður mínum,“ segir Andrea glaðlega. Hún fór þó að mestu leyti löglegu leiðina að listsköpuninni. „Ég og vinur minn fengum leyfi til að gera graffverk á skólalóðinni og fengum meira að segja leyfi úr myndmenntatíma til að dúlla í því,“ segir hún en í framhaldinu fengu þau fleiri verkefni frá öðrum skólum. Þótt hún segist gera lítið af því að mála ólöglega játar hún þó fúslega að hún reyni að finna sér veggi sem vel þoli að láta flikka upp á sig. „Það er skemmtilegt að finna staði sem eru í niðurníðslu og fegra þá enda yfirleitt fáir sem hafa á móti því,“ segir hún og bætir við að hún merki sér iðulega verkin.

Andrea hefur lært myndlist frá unga aldri. „Ég var alltaf í teikninámi þegar ég var lítil, fór síðan á myndlistarbraut í FB og lærði loks teiknimyndagerð,“ upplýsir hún en hennar helsti áhugi liggur í því að vinna með persónur og karaktera.

> Það sem gerir graffið að spennandi listformi er að það er eins og lífið sjálft, maður fær að upplifa stuttar stundir og reynir að njóta þeirra.

En er ekki leiðinlegt að sjá verk sín hverfa undir málningu og í niðurrif? „Stundum, en það sem gerir graffið að spennandi listformi er að það er eins og lífið sjálft, maður fær að upplifa stuttar stundir og reynir að njóta þeirra,“ segir hún hugsi og bendir á að götulist sé svolítið eins og illgresi. „Margt illgresi er fallegt en samt illa séð af mörgum.“

Andrea segist oftast fá jákvæð ummæli frá gangandi vegfarendum sem sjái hana við iðju sína. „Sérstaklega voru margir ánægðir með okkur götulistamenn þegar við vorum að mála í undirgöngunum í Hlíðunum. Þeir sem fóru þar um voru ánægðir að fá list í stað krass, krots og gubbulyktar,“ segir Andrea en þeir sem hafa áhuga á að kynna sér list hennar geta kíkt á græna skrímslin á Hjartatorginu við Hverfisgötu eða stórt verk við enda Vesturgötu.

Í Norræna húsinu mun Andrea sýna smámyndir málaðar á hjólabrettaplötur. Sýningin opnar á morgun klukkan 18 með lifandi listviðburði, tónlist og léttum veitingum. Ásamt Andreu munu eftirfarandi listamenn taka þátt: Björn Árnason, Margeir Dire Sigurðarson, Orri, Ólafur Guðmundsson, Skúli Árnason, Þorsteinn Davíðsson, Örn Tönsberg og Gebes sem er einn af fremstu graffitimálurum Danmerkur.

*solveig@frettabladid.is*









# HÁSKÓLAR

**Kynningarblað**
Frumkvöðlastarf
Alþjóðlegt nám
Samkeppnishæfni
Fjölbreyttir möguleikar
Öðruvísi nám
Forskot í atvinnulífinu

FÖSTUDAGUR **27. JANÚAR 2012**

# Draumar sem rætast

**Nám við Háskólann í Reykjavík felur í sér óvænt ævintýr og upplifanir fyrir nemendur sem velja skiptinám við erlenda háskóla sem hluta af háskólanámi sínu.**

Trylltur áhugi minn á borgum ýtti mér út í að nýta skiptinámið við HR og ég mæli óhikað með þessu ævintýri við aðra nemendur," segir Friðrik Már Jónsson tölvunarfræðinemi sem er nýlentur á fósturjörðinni eftir að hafa lokið einnar annar skiptinámi við Kwantlen Polytechnic University í Vancouver í Kanada.

„Ég var svo heppinn að fara utan til náms með tveimur bestu vinum mínum," segir Friðrik. „Við komum til Kanada um hásumar og höfðum nokkrar vikur til að skoða okkur um, en síðan tók við önnur og ekki síðri upplifun sem var að búa í Vancouver sem heimamaður og sækja þar einstakan háskóla í yndislegri borg þar sem andrúmsloftið er eins afslappað og skemmtilegt og gerist, og stutt er í fallega náttúru, á skíði og ströndina," segir Friðrik sem heillaðist af fögru landi og þjóð.

„Kanadamenn eru ákaflega vinalegir og okkur leið aldrei eins og útlendingum. Skólinn var sambærilegur við HR en minni og með afmarkaðar bekkjarstærðir sem ég kunni afskaplega vel. Þá undraðist ég oft hversu kennslan var stórkostleg, sem og uppbygging námsins. Þessi lífsreynsla reyndist því ekki bara ævintýrið að komast til útlanda heldur líka að sækja afburða góða menntun og þurfa ekki að fórna henni með því að fara á spennandi stað," segir Friðrik sem fékk námið vestra metið í HR.



Friðrik Már Jónsson tölvunarfræðinemi segir hafa komið sér á óvart hversu auðvelt er að fara út í skiptinám og hvetur háskólanema til að skoða vel þennan möguleika innan HR. MYND/HAG

„Það sem stendur upp úr er að þurfa að spjara sig uppá eigin spýtur og kynnast öðru samfélagi, en ekki síst að eignast dýrmæta vináttu heimamanna og annarra skiptinema sem eflaust helst ævilangt."

Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir hjá Alþjóðaskrifstofu HR segir skólann hafa um 170 samninga við háskóla í flestum heimsálfum.

„Nemendur HR borga skólagjöld sín hér en hafa kost á eins til tveggja anna námi við skóla erlendis, þar sem skólagjöld eru töluvert hærri. Þannig veitum við nemendum færi á námi erlendis, sem annars gæti verið býsna dýrt," útskýrir Guðlaug, en á síðasta ári sendi HR yfir 90 íslenska nemendur utan til skiptináms og tók á móti um 150 erlendum skiptinemum til Íslands.

„HR leggur mikla áherslu á að nemendur öðlist alþjóðlega færni, eins og tungumálakunnáttu og menningarlæsi. Skiptinám erlendis eykur víðsýni og gildi námsins. Reynslan er góð og nemendur koma sáttir og ánægðir til baka. Skiptinámið lítur vel út á ferilskránni og eykur án efa samkeppnishæfni einstaklingsins á vinnumarkaði. Það sem situr eftir eru vinabönd úti um allan heim og ævintýrið sjálft – skiptinámsdvölin. Því þegar nemendur stíga út fyrir þægindarammann bíða þeirra töfrar og draumar sem rætast."

## *Útskrifaðir nemendur úr Háskólanum í Reykjavík eru eftirsóttir*



Ari Kristinn Jónsson

Háskólinn í Reykjavík er öflugur háskóli í nánum tengslum við atvinnulífið. „Við einbeitum okkur að þeim fagsviðum sem liggja til grundvallar atvinnulífinu, en kjarnasvið HR eru tækni, viðskipti og lög. Þar hefur háskólinn byggt upp framúrskarandi nám og öflugt rannsóknar- og nýsköpunarstarf," segir Ari Kristinn Jónsson, rektor HR. „Í dag er HR öflugastur íslenskra háskóla á þessum sviðum. Við útskrifum tvo af hverjum þremur sem ljúka tæknimenntun á háskólastigi, helming þeirra sem klára viðskiptamenntun og þriðjung þeirra sem ljúka laganámi. Háskólinn í Reykjavík er enn fremur öflugastur í rannsóknum á þessum kjarnasviðum."

Ari Kristinn segir HR leggja áherslu á virk tengsl við atvinnulífið. „Við fáum sérfræðinga úr atvinnulífinu til að koma að kennslu og sækjum raunhæf verkefni sem nemendur vinna í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Þannig er tryggt að hinn sterki fræðilegi grunnur sem nemendur fá í náminu sé vel tengdur við viðfangsefnin sem tekist er á við í atvinnulífi nútímans. Áhrif þessa sjást skýrt í því hversu eftirsóttir útskrifaðir nemendur HR eru í atvinnulífinu."

„Við hrærumst í alþjóðlegu umhverfi. Nauðsynlegt er að nemendur fái tækifæri til að afla sér tengsla, reynslu og samskiptafærni sem nýtist þeim í þessu umhverfi. Áhersla er því lögð á að erlendir kennarar séu hluti af náminu á Íslandi og að nemendur hafi tækifæri til að fara í skiptinám erlendis," segir Ari Kristinn.

„Umfram allt er HR persónulegur háskóli þar sem nemendur fá góða þjónustu, eru í virkum samskiptum við kennara og fá framúrskarandi námsaðstöðu."

## HJÁLPARHÖND ÚT Í ATVINNULÍFIÐ

**Háskólinn í** Reykjavík er eini háskóli landsins sem býður núverandi og fyrrverandi nemendum sínum upp á atvinnuþjónustu.



Gréta Matthíasdóttir er ráðgjafi hjá Atvinnuþjónustu Háskólans í Reykjavík. MYND/STEFÁN

„Markmið Atvinnuþjónustunnar er að aðstoða nemendur skólans við innkomu á vinnumarkaðinn, aðstoða þá við gerð góðrar ferilskrár og hjálpa þeim í gegnum atvinnuviðtöl," útskýrir Gréta Matthíasdóttir, ráðgjafi hjá Atvinnuþjónustu HR sem einnig þjónustar fyrirtæki við að nálgast hæft starfsfólk í gegnum atvinnuauglýsingar.

„Atvinnuþjónustan endurspeglar markaðinn og er mikilvæg fyrir nemendur. Fyrirtækjum þykir eftirsóknarvert að sækja þekkingu og reynslu úr hópi útskrifaðra nemenda og störfin sem bjóðast eru oft sérfræðistörf sem tengjast viðskiptafræði, lögfræði, tölvunarfræði og tækni- og verkfræði," upplýsir Gréta.

Í næstu viku verða haldnir Framadagar í HR í samstarfi við AIESEC, þar sem 36 fyrirtæki kynna nemendum starfsemi sína.

„Framadagar eru mikilvægir því þótt fólk sé komið í háskóla veit það ekki endilega hvernig mannauður er í fyrirtækjum eða hvaða menntunar er krafist. Spennandi fyrirlestrar eru í boði, eins og um ferilskrárgerð, samningatækni í launaviðtölum og mikilvægi góðrar sjálfsmyndar þegar komið er sjálfum sér á framfæri. Á sama tíma komast nemendur í tæri við framtíðarstörf og sín draumafyrirtæki, og fyrirtækin í snertingu við nemendur."

Framadagar verða 1. febrúar í Sólinni í HR og eru opnir öllum háskólanemum landsins. Dagskrá stendur frá klukkan 11 til 16, og endar með spurningakeppni milli kennara HR og HÍ, undir stjórn Helgu Brögu Jónsdóttur leikkonu.

## FRAMTÍÐARMARKMIÐUM NÁÐ



Sigríður Hulda Jónsdóttir, forstöðumaður Stúdentaþjónustu HR. MYND/ANTON

„Val á námi er val á framtíð og lífsstíl. Því er mikilvægt að starfa við það sem maður hefur köllun til og nýta eldinn sem býr innra með manni gagnvart vinnunni," segir Sigríður Hulda Jónsdóttir, forstöðumaður Stúdentaþjónustu HR. Hún segir sjálfsagt að leita til náms- og starfsráðgjafa við upphaf náms því sjálfsþekking sé grunnur að farsælu náms- og starfsvali.

„Framtíðarstarf þarf að henta bæði áhuga og hæfni einstaklingsins. Við bjóðum nemendum að taka áhugasviðspróf sem sýnir hvar áhugi þeirra liggur gagnvart starfsgreinum," segir Sigríður Hulda.

„Við hjálpum nemendum að ná framtíðarmarkmiðum sínum og skipuleggja sig í námi, en sérstaða okkar eru meðal annars þverfagleg námskeið fyrir nemendur um samvinnu, leiðir til að ná afburðaárangri og vinna undir álagi, stjórnun, hamingju og fleira." Námsráðgjöf HR er með opna viðtalstíma fyrir núverandi og fyrrverandi nemendur HR og alla framhaldsskólanema. Opið er alla daga nema föstudaga. Nánari upplýsingar á www.hr.is.

KYNNTU ÞÉR MÖGULEIKANA

Opið fyrir umsóknir frá 15. febrúar www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



## LÍFSVIÐHORF – LÍFSSTÍLL – LÍFSGÆÐI

**Á námskeiðinu** Lífsviðhorf – Lífsstíll – Lífsgæði (Wellbeing) í Opna háskólanum í HR fá þátttakendur færi á að víkka sjóndeildarhringinn og setja sér markmið. Þeir læra líka að njóta augnabliksins og efla persónulegan árangur með því að taka eftir hvaða þættir gefa lífinu gildi. Námskeiðið fer af stað í fjórða sinn 7. mars. Salóme Guðmundsdóttir forstöðumaður rekur vinsældir námsins til þess að þátttakendur fái að taka frá þrjár klukkustundir vikulega til að líta inn á við, fá innblástur og styrkja sig. „Við gefum okkur yfirleitt ekki tíma til þess í dagsins amstri. Þetta snýst um að finna gullna meðalveginn og samræma þá þætti sem togast á í lífi okkar daglega: fjölskyldan, vinnan, vinirnir, tómstundir o.fl. Svo eiga leiðbeinendurnir stóran þátt í vinsældunum en við höfum fengið til liðs við okkur sérfræðinga með víðtæka reynslu og þekkingu á hverju sviði. Rjómann af námskeiðinu tel ég vera að í lokin erum við hvött til að hugleiða hvernig við getum haft áhrif og látið gott af okkur leiða.“ Sjá www.opnihaskolinn.is.




Aukin þekking - fjárfesting til framtíðar

Háskóli Íslands býður upp á úrval námskeiða í viðskiptafræði með vinnu.

| Námskeið kennd í febrúar - mars | Námskeið kennd í mars - maí |
| --- | --- |
| - Inngangur að fjárhagsbókhaldi | - Markaðsfærsla þjónustu |
| - Rekstrarhagfræði II | - Fjármál I |
| - Fjármál II | - Tölfræði B |
| - Ársreikningagerð A | - Fjármálamarkaðir |
| - Markaðsáætlanagerð | - Stefnumótun fyrirtækja |
| - Verkefnastjórnun | |

Nánari upplýsingar á www.bsv.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD


# Heimspeki Star Trek og Listin að ganga

**Á námsskrám bandarískra háskóla kennir ýmissa undarlegra grasa og virðast lítil takmörk fyrir hugkvæmni skólanna í baráttunni um athygli og umsóknir nemenda.**

Háskólanám verður sífellt fjölbreyttara og bandarískir háskólar virðast teygja sig sérstaklega langt til að vekja athygli og áhuga nemenda. Á námsskrám þeirra má finna hin furðulegustu námskeið. Sæberfemínismi, Hlynsýróp, Böllurinn, Á að gefa Marx annað tækifæri?, Hinsegin tónlistarfræði og Evrópskir nornagaldrar eru allt nöfn á kúrsum sem finna má á námsskrám háskóla víðs vegar um Bandaríkin. Enn forvitnilegri eru þó námskeið eins og Listin að ganga og Star Trek og heimspekin sem einnig er þar að finna.



Dr. Spock í Star Trek var víst mikill heimspekingur samkvæmt námskeiði sem kennt er við háskólann í Georgetown.

Listin að ganga nefnist námskeið sem Ken Keffer, prófessor við Center College í Danville, hleypti af stokkunum og nýtur töluverðra vinsælda meðal háskólastúdenta. Á námskeiðinu einbeitir Keffer sér að því að kanna hvernig ganga hætti nánast alveg að vera viðurkennd leið til að komast ferða sinna með tilkomu bílsins og annarra hraðvirkari farartækja.

Til að bæta úr þeirri vöntun kennir hann göngu sem miðast við að sýna fram á tengsl göngu við listaverk og fegurð náttúrunnar.

Heimspeki og Star Trek er námskeið sem kennt er við háskólann í Georgetown og þar keppast menn við að bera saman þekktar heimspekikenningar fortíðarinnar og hvernig þær speglast í þemum Star Trek-þáttanna með sérstakri áherslu á tímaflakk og ýmis önnur fyrirbæri sem enginn veit hvort eiga sér stoð í raunveruleikanum eða ekki. Á einu námskeiðanna í Kvennafræðideild háskólans í Wisconsin eru sápuóperur viðfangsefnið með sérstakri áherslu á að skoða hvernig þær móta þá sem á þær horfa og breyta bæði fjölskyldu- og félagslífi þeirra.

Svona mætti lengi telja og ætti því að vera óhætt að fullyrða að nánast hvert einasta mannsbarn ætti að geta fundið eitthvað sem vekur áhuga þess í námsskrám háskólanna.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.


MEISTARANÁM
Í VIÐSKIPTAFRÆÐI

- Alþjóðaviðskipti
- OBTM
  *Organisational Behaviour and Talent Management*
- Fjármál fyrirtækja
- Fjárfestingarstjórnun
- Reikningshald og endurskoðun
- Stjórnunarreikningsskil og viðskiptafærni
- MBA




HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

Kynntu þér námið á www.ru.is/vd/framhaldsnam



Guðrún Sverrisdóttir þjónusturáðgjafi er meðal kennara á nýju námskeiði sem er að hefja göngu sína hjá Endurmenntun, Lykilþættir þjónustu – markviss leið. MYND/GVA

# Nám í lykilþáttum þjónustu

**Áhrif góðrar þjónustu eru vanmetinn þáttur í rekstri fyrirtækja. Hjá Endurmenntun Háskóla Íslands er að hefjast námskeiðslína þar sem nemendur öðlast hagnýta grunnþekkingu og færni í framúrskarandi þjónustu.**

Ný námskeiðslína er að hefja göngu sína hjá Endurmenntun undir yfirskriftinni Lykilþættir þjónustu – markviss leið. Meðal kennara er Guðrún Sverrisdóttir þjónusturáðgjafi en hún segir þjónustustefnu gjarnan gleymast við stefnumótun fyrirtækja.

„Áhrifin sem góð þjónusta hefur eru gríðarlega vanmetin,“ segir Guðrún. „Þjónustan sem slík er ósýnileg, óáþreifanleg og ekki hægt að setja hana á lager. Hún gerist í raun í augnablikinu milli þess sem er að veita hana og þess sem móttekur hana,“ segir Guðrún.

Búið er að þarfagreina hvaða þættir skipta máli í þjónustu, bæði fyrir fyrirtæki sem heild og fyrir einstaklinga sem veita þjónustuna. Námskeiðslínan er í þremur lotum og farið verður yfir allt það sem skiptir máli varðandi þessa þætti.

„Við byrjum á að fara yfir þjónustustefnu fyrirtækja þannig að nemendur hafi skilning á því hvaða þýðingu skipulag og ferlar hafa fyrir starfsfólk þjónustufyrirtækja og geti hannað einfalt ferli fyrir þjónustu,“ útskýrir Guðrún. „Þar er meðal annars skilgreint til hvers er ætlast af starfsfólki en það er stundum ekki ljóst. Þess vegna verður einnig tekið á ýmsum þáttum sem styrkja þátttakendur í starfi. Farið verður í samskiptahæfni, lausn ágreiningsmála, líkams- og raddbeitingu, vinnugleði og leiðir til að takast á við streitu og álag svo eitthvað sé nefnt. Allir þessir þættir vega þungt þegar veita á framúrskarandi þjónustu,“ segir Guðrún.

„Við þekkjum það öll sem viðskiptavinir að ef við upplifum áhuga og þjónustuvilja hjá þeim sem þjónustar okkur þá verður það eftirminnilegt. Sá sem veitir þjónustu þarf að vita hvað viðskiptavinurinn vill og kunna að spyrja spurninga. Svo er hægt að fara yfir strikið og verða þreytandi og yfirgengilegur. Þetta er línudans. Þjónustustarf er gríðarlega kröfuhart starf því viðskiptavinir eru jafn ólíkir og þeir eru margir.“

Námskeiðslínan er ætluð öllum sem starfa við þjónustu í fyrirtækjum og stofnunum og þeim sem hafa áhuga á að auka þekkingu sína og færni á því sviði. Að náminu koma sérfræðingar og reynslumiklir kennarar úr röðum atvinnulífs og háskólasamfélags. Í lok náms fá þeir þátttakendur sem lokið hafa öllum lotum skírteini sem vottar þátttöku í náminu.

Námið er öllum opið og án inntökuskilyrða. Umsóknarfrestur er til 6. febrúar. Sótt er um á endurmenntun.is. Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 525 4444.

## REKSTUR, STJÓRNUN OG MARKAÐSSETNING SMÁFYRIRTÆKJA

Námskeiðslínan Rekstur, stjórnun og markaðssetning smáfyrirtækja – markviss leið hjá Endurmenntun HÍ hefur fengið góðar undirtektir og í lok febrúar er ætlunin að þriðji nemendahópurinn hefji nám. Um er að ræða þrjú námskeið sem hægt er að taka sem eina heild eða sem stök námskeið. Námið er ætlað öllum sem hafa áhuga á að kynna sér uppbyggingu og mismunandi rekstrarform smáfyrirtækja og hentar bæði þeim sem eru nú þegar í atvinnurekstri og þeim sem hafa hug á að stofna fyrirtæki.

Allir áhugasamir eru velkomnir í námið en ekki er krafist neinnar forkunnáttu.

Umsóknarfrestur er til 6. febrúar. Nánari upplýsingar á endurmenntun.is



Endurmenntun HÍ er til húsa á Dunhaga 7 í Reykjavík.

## NÁMSKEIÐ Í FJARFUNDI

Endurmenntun á í samstarfi við fræðslumiðstöðvar á landsbyggðinni um námskeið í heimabyggð. Á vormisseri verða 12 námskeið á dagskrá sem eru send út í gegnum fjarfundabúnað og eru eingöngu ætluð þátttakendum í fjarfundi. Námskeiðin eru send út í rauntíma sem gerir þátttakendum kleift að taka þátt í umræðum. Hægt er að kynna sér námskeiðin á vef Endurmenntunar, endurmenntun.is, en skráning og upplýsingagjöf fer fram hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum víðs vegar um landið. Fyrirtæki og stofnanir sem eiga fjarfundabúnað geta einnig tekið þátt og hafa þá samband við Endurmenntun.




Styrktu stöðu þína

Fjölbreytt námskeið á vormisseri

Álitamál í þróunarsamvinnu og hjálparstarf á vettvangi

Árangursríkar slæðusýningar (PowerPoint)

Excel I – fjármál og rekstur

Gerð viðskiptaáætlana - í fimm skrefum

Gerð þjónustusamninga – aukin hagræðing í rekstri

Grunnnámskeið í verkefnastjórnun

Gæðastjórnun- hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf

Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í félögum

Listin að gera lista. Markviss forgangsröðun – leið til aukinna afkasta

Samskiptahæfni og samskipti á ensku fyrir lengra komna

Skrif og skipulag efnis fyrir vefinn

Starfsemi bankastofnana

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur

Stjórnun og leiðtogahæfni

Tilboðs og áætlanagerð

Vakandi athygli (gjörhygli) og innsæ íhugun

Viðbrögð stjórnenda og samfylgd í kjölfar áfalla í starfsmannahópum

WordPress – Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi

Þrívíddarhönnun í SketchUp – grunnnámskeið

Öflugt sjálfstraust

Örlög og ástir á þýsku: þjálfun í þýsku talmáli og þýskum kurteisisvenjum á nýstárlegan hátt

Enn fleiri námskeið á endurmenntun.is

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 og endurmenntun.is




**MBA-námið við Háskóla Íslands er hagnýtt nám sem miðar að því að efla frumkvæði, færni og forystueiginleika**

MBA-námið í Háskóla Íslands er:

- tækifæri fyrir þig til að efla persónulega færni á sviði rekstrar og stjórnunar
- sérstaklega miðað að íslensku atvinnulífi
- nám með alþjóðlegum blæ þar sem horft er á Ísland í alþjóðasamhengi
- tveggja ára metnaðarfullt og starfsmiðað meistaranám fyrir stjórnendur
- skipulagt samhliða starfi, kennt er á föstudögum og laugardögum aðra hvora helgi

**Opið fyrir umsóknir**

**www.mba.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA




„Ég er ferskari, ég hef eflst sem persóna, ég get notað hugmyndir úr náminu í mínu starfi til að takast á við krefjandi verkefni auk þess sem tengslanet mitt er stærra," segir Jón Ólafur um MBA-námið við Háskóla Íslands. MYND/PJETUR

# Efldist í MBA námi í HÍ

**MBA-námið við Háskóla Íslands efldi Jón Ólaf Halldórssson sem persónu, hjálpaði honum að takast á við krefjandi verkefni í stjórnunarstörfum og stækkaði tengslanet hans.**

MBA-námið við Háskóla Íslands er tveggja ára metnaðarfullt og starfsmiðað meistaranám fyrir stjórnendur í íslenskum fyrirtækjum og stofnunum en námið er skipulagt meðfram starfi. Vegur Jóns Ólafs Halldórssonar í MBA-námið við Háskóla Íslands var ansi langur.

„Ég er menntaður véltæknifræðingur frá Tækniskólanum í Kaupmannahöfn, útskrifaðist þaðan árið 1987 og kom þá heim og fór út á vinnumarkaðinn. Ég hóf störf hjá OLÍS fyrir sautján árum og hef verið framkvæmdastjóri sölusviðs félagsins síðastliðin 15 ár." Jón Ólafur segir að þegar líða hafi tekið á starfsferilinn hafi hann farið að finna til löngunar til að mennta sig meira en með stofnun fjölskyldu og verandi í stjórnunarstöðu hafi ekki verið hæg heimatökin.

„Ég ákvað hins vegar árið 2006 að fara í nám við IESE (University of Navarra), Business School í Barcelona og lauk þaðan AMP-diploma 2007. Námið var keyrt í fjórum lotum yfir árið og og tekur á margan hátt það besta úr MBA-náminu við skólann. Það sem þetta gerði hins vegar var að kynda undir áhuga mínum á MBA-námi," segir hann og hlær.

Hann segir að konan hans hafi ákveðið að fara í framhaldsnám við HÍ árið 2010 og hvatti hún hann í framhaldinu að skoða möguleikana á MBA-námi. „Ég skoðaði bæði námið í HR og HÍ en mér hentaði HÍ betur. Mér leist mjög vel á kennarahópinn og eins að það var kennt á íslensku en í mínu fyrra námi í Barcelona var ég búin að prófa að læra á erlendum tungumálum. Markmið námsins er að auðvelda nemendum að skilja betur forsendur á sviði rekstrar og stjórnunar og taka á móti verkefnum framtíðarinnar. Einnig er markmiðið að efla frumkvæði, færni og forystueiginleika."

Jón Ólafur segist hafa mjög góða reynslu af náminu. „Ég var ánægður með kennsluna á margan hátt, kennararnir eru vel menntaðir og sinna kennslunni faglega, það komu reyndir stjórnendur með gestafyrirlestra inn í námið og eins fórum við í fjölmargar fyrirtækjaheimsóknir. Reynsluheimur nemenda, sem er mismunandi, gerir kennsluna einnig skemmtilega þar sem allir hafa eitthvað fram að færa sem aðrir geta lært af. Vissulega væri eitt og annað sem mætti slípa til en í heildina var þetta frábært."

Hann segir að þótt hann sé enn í sama starfinu þá hafi námið endurnýjað hann sjálfan. „Ég er ferskari, ég hef eflst sem persóna, ég get notað hugmyndir úr náminu í mínu starfi til að takast á við krefjandi verkefni auk þess sem tengslanet mitt er stærra. Einnig er það ómetanlegt að eignast alla þá góðu vini sem samnemendur mínir eru."

# Fjölbreyttir námsmöguleikar í HÍ

**Háskóli Íslands býður upp á gríðarlega fjölbreytt nám. Við skólann eru fimm fræðasvið, 25 deildir og námsleiðirnar skipta hundruðum. Háskóli Íslands er eini háskólinn í landinu sem býður upp á nám á öllum fræðasviðum og á öllum námsstigum. Hann hefur útskrifað um 40 þúsund nema.**

Háskóli Íslands er elsti háskóli landsins, og fagnaði aldarafmæli sínu í fyrra. Héðan hafa brautskráðst um 40 þúsund nemendur, sérfræðingar og stjórnendur, sem hafa tekið virkan þátt á öllum sviðum íslensks samfélags," segir Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs Háskóla Íslands.


Jón Örn Guðbjartsson.

„Þegar þú hefur nám við Háskóla Íslands verður þú ekki einungis nemandi í nýjum skóla, þú verður hluti af fjölbreyttu, alþjóðlegu og lifandi samfélagi. Í háskólanum er öflugt félagslíf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Leikhús, kórastarf og dans er meðal þess sem boðið er upp á ásamt störfum fyrir nemendafélög og Stúdentaráð," segir Jón Örn.

Jón Örn segir að við Háskóla Íslands starfi stór hópur vel menntaðra og þjálfaðra kennara sem margir hafi stundað bæði nám og rannsóknir við virta erlenda háskóla. „Alþjóðleg tengsl kennara eru því mikil og sterk og margir þeirra eru í fremstu röð í sínum fræðum í alþjóðlegu vísindasamfélagi."


„Þegar þú hefur nám við Háskóla Íslands verður þú ekki einungis nemandi í nýjum skóla, þú verður hluti af fjölbreyttu, alþjóðlegu og lifandi samfélagi," segir Jón Örn.

## SPURT OG SVARAÐ

### HÓPURINN ER FRÁBÆR OG SAMHELDINN

**Helga Kristín Ólafsdóttir, BS-nemi í stærðfræði**



*Hvers vegna valdirðu Háskóla Íslands og þína námsleið?*

„Ég hafði áhuga á stærðfræði og hún er ekki kennd í öðrum háskólum hér á landi."

*Hvað stendur upp úr í náminu og skólanum?*

„Hópurinn sem ég er að læra með. Hann er frábær og samheldinn."

*Hvaða hlutverk hefur Háskóli Íslands gagnvart íslensku samfélagi?*

„Hann er mjög mikilvægur upp á hvatningu fyrir fólk til þess að sækjast eftir meiri menntun og það skiptir máli að fólk geti valið úr ólíkum leiðum til að mennta sig."

### HÁSKÓLINN VARÐVEITIR MENNINGU LANDSINS

**Kristján Gauti Karlsson, BA-nemi í íslensku og fjölmiðlafræði**



*Hvers vegna valdirðu Háskóla Íslands og þína námsleið?*

„Ég hef áhuga á íslensku og langaði að prófa að taka fjölmiðlafræði með henni. Háskóli Íslands bauð upp á hvort tveggja."

*Hvað stendur upp úr í náminu og skólanum?*

„Það er mikill munur að koma úr framhaldsskóla yfir í háskóla í fag þar sem allir sem eru í tíma með þér eru þar af því að þeir hafa áhuga á viðkomandi fagi. Þeir eru hér til þess að læra og kennarar hafa yfirleitt mjög gaman af því sem þeir eru að miðla. Það er líka gaman að djamma með háskólanemum."

*Hvaða hlutverk hefur Háskóli Íslands gagnvart íslensku samfélagi?*

„Það er meðal annars að varðveita menningu landsins og svo þarf að mennta fólk sem vill mennta sig. Skólinn á að kenna þeim sem vilja læra."

### SKIPULAG NÁMSINS ER MJÖG FÍNT

**Bergþóra Smáradóttir, BS-nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði**



*Hvers vegna valdirðu Háskóla Íslands og þína námsleið?*

„Frænka mín mælti með verkfræðinámi og mér fannst þetta áhugaverðasta grein verkfræðinnar. Ég valdi Háskóla Íslands vegna þess að mér fannst það hagstæðara."

*Hvað stendur upp úr í náminu og skólanum?*

„Það sem tengist mannvirkjum finnst mér mjög spennandi . Skipulag námsins er mjög fínt og hentar mér mjög vel."

*Hvaða hlutverk hefur Háskóli Íslands gagnvart íslensku samfélagi?*

„Mér finnst mikilvægt að háskólinn tengir það sem við erum að læra við það sem gerist í samfélaginu, t.d. góða og slæma hönnun. Fræðin eru því tengd við framkvæmdina á hagnýtan hátt."

### HÍ GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI VIÐ MENNTUN ÞJÓÐARINNAR

**Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir, BA-nemi í félagsráðgjöf**



*Hvers vegna valdirðu Háskóla Íslands og þína námsleið?*

„Ég hafði skoðað og prófað mig áfram með hvað mér líkaði og mér líkaði best við félagsráðgjöf."

*Hvað stendur upp úr í náminu og skólanum?*

„Fyrirkomulag námsins hentar mér vel. Ég hafði kynnst sams konar fyrirkomulagi í menntaskóla og er mjög sátt við það."

*Hvaða hlutverk hefur Háskóli Íslands gagnvart íslensku samfélagi?*

„Hann hefur mikilvægu hlutverki að gegna við menntun þjóðarinnar. Svo er ákveðin háskólamenning sem er gaman og gott að kynnast."

### Á MENNTAVÍSINDASVIÐI ÞEKKJAST ALLIR MEÐ NAFNI

**Hjalti Enok Pálsson, BA-nemi í tómstunda- og félagsmálafræði**



*Hvers vegna valdirðu Háskóla Íslands og þína námsleið?*

„Ég var í félagsfræði og fannst það svolítið þurrt og ákvað að finna eitthvað líflegra með henni og valdi tómstunda- og félagsmálafræði. Reynslan af henni hefur verið mjög góð.

*Hvað stendur upp úr í náminu og skólanum?*

„Hér á menntavísindasviði þekkjast allir með nafni og kennarar þekkja nemendur sína og það er mjög heimilisleg stemning."

*Hvaða hlutverk hefur Háskóli Íslands gagnvart íslensku samfélagi?*

„Hann skiptir máli til þess að byggja upp almennilegt fólk. Hann stuðlar líka að þekkingarleit og því að fólk fái að mennta sig."

### HÁSKÓLINN FÆRIR SAMFÉLAGINU ÞEKKINGU

**Hróðmar Jónsson, MS-nemi í lyfjafræði**



*Hvers vegna valdirðu Háskóla Íslands og þína námsleið?*

„Ég valdi Háskóla Íslands vegna þess að lyfjafræðin var ekki í boði annars staðar. Ég valdi lyfjafræði því mér fannst hún spennandi því hún sameinar líffræði og efnafræði."

*Hvað stendur upp úr í náminu og skólanum?*

„Reynsla mín af háskólanum hefur verið góð. Það er skemmtilegt hvað lyfjafræðideildin er lítil þannig að maður kynnist bæði kennurum og nemendum vel. Reynslan er það góð að ég ákvað að vera áfram í Háskóla Íslands í meistaranámi."

*Hvaða hlutverk hefur Háskóli Íslands gagnvart íslensku samfélagi?*

„Hann færir samfélaginu rannsóknir og þekkingu. Eins má benda á að ef álitamál koma upp í samfélaginu þá ætti að vera hægt að leita til háskólans sem óháðs aðila."

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

VERTU VELKOMIN/N Í HÁSKÓLANN Á AKUREYRI!




HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Á heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í þremur deildum:

- Hjúkrunarfræði**
- Iðjuþjálfunarfræði*
- Diplómu- og meistaranám í heilbrigðisvísindum
  - M.S. í heilbrigðisvísindum
  - Diplómunám í heilbrigðisvísindum (40 einingar)

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Í boði er nám í þremur deildum á hug- og félagsvísindasviði; félagsvísindadeild, lagadeild og kennaradeild:

- Félagsvísindi*
- Fjölmiðlafræði*
- Kennarafræði* (leik- og grunnskólastig)
- Lögfræði
- Nútímafræði*
- Sálfræði*
- Heimskautalögfræði L.L.M/M.A.
- Nám til kennsluréttinda
- Menntunarfræði
  - Diplómunám í menntunarfræðum (60 einingar)
  - M.Ed. í menntunarfræðum
  - M.A. í menntunarfræðum

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Á viðskipta- og raunvísindasviði er boðið upp á nám í viðskiptadeild og auðlindadeild:

- Líftækni*
- Sjávarútvegsfræði*
- Náttúru- og auðlindafræði*
- Viðskiptafræði*
- M.S. í auðlindafræði
- M.S. í viðskiptafræði

*Einnig í boði í fjarnámi
**Fjarkennt til Reykjanesbæjar og Ísafjarðar
Engin skólagjöld, innritunargjald fyrir skólaárið kr. 45 þúsund.

Frelsi - Traust - Framsækni - Jafnrétti

www.unak.is | Umsóknarfrestur til 5. júní




Háskólinn á Akureyri hefur sérstöðu bæði á sviði rannsókna og námsframboðs, fyrir utan einstakt umhverfi í höfuðstað Norðurlands.

# Skóli á tímamótum

**Í ár verður 25 ára starfsafmæli Háskólans á Akureyri fagnað með margvíslegum hætti. Dagmar Ýr Stefánsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs, greinir frá.**

Dagatali með myndum úr háskólanum hefur verið dreift inn á öll heimili á Akureyrarsvæðinu og einnig hefur verið hleypt af stokkunum ljósmyndasamkeppni undir yfirskriftinni: Líf og störf fólks í Háskólanum á Akureyri. Opnaður hefur verið sérstakur vefur á heimasíðu skólans, unak.is, þar sem hægt er að fylgjast með öllu því sem tengist afmælisárinu," lýsir Dagmar Ýr og getur þess einnig að gefið verði út afmælisrit þar sem 25 ára sögu háskólans verði gerð skil.

Innritun í Háskólann á Akureyri hefst með vorinu en umsóknarfresturinn er til 5. júní. „Sérstaða skólans er fyrst og fremst sú að boðið er upp á fjölbreytt nám í þægilegu námsumhverfi því tengslin sem myndast, bæði milli nemenda og kennara og einnig innan bekkja, eru persónulegri en gengur og gerist í stærri skólum," segir Dagmar. „Eitt af mikilvægustu hlutverkum Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á ákveðið mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Það er mjög mikilvægt að fólk geti stundað háskólanám á fleiri en einum stað á landinu og ekki þurfi allir að flytja til Reykjavíkur, og eins að fólk á höfuðborgarsvæðinu hafi möguleika á að læra annars staðar. Yfir tuttugu prósent nemenda okkar koma frá höfuðborgarsvæðinu enda þykir mörgum spennandi að prófa eitthvað nýtt án þess að flytja úr landi. Stærsti hluti nemenda kemur þó af landsbyggðinni og heldur áfram að búa þar og starfa að námi loknu."

Dagmar segir vinsælustu námsleiðirnar í Háskólanum á Akureyri vera viðskiptafræði, lögfræði, sálfræði, hjúkrunarfræði og kennaranám. Þá hefur háskólinn einnig talsverða sérstöðu bæði á sviði rannsókna og hvað námsframboð varðar. Þar má nefna nám í iðjuþjálfun og í félagsvísindadeild er boðið upp á nám í nútímafræði, félagsvísindum og fjölmiðlafræði til BA-gráðu, sem ekki er í öðrum skólum. Þá er boðið upp á nám í sjávarútvegsfræði, náttúru- og auðlindafræði og líftækni í auðlindadeild.

„Nemendur hafa þann valkost að stunda fjarnám við Háskólann á Akureyri óháð búsetu," upplýsir Dagmar Ýr. „Við höfum verið leiðandi í að koma slíku námi á fót hér á landi og í dag nær sú kennsla til yfir tuttugu staða á landinu. Námið fer mestmegnis fram í gegnum fjarfundabúnað og netið í samstarfi við fræðslusetur og símenntunarmiðstöðvar en fjarnemar mæta líka í staðbundnar lotur hér á Akureyri einu sinni til tvisvar á hverri önn."



Dagmar Ýr er forstöðumaður markaðs-og kynningarsviðs Háskólans á Akureyri

# Raddir nemenda



Justyna Wróblewska, nemandi í sálfræði.

### Smæðin heillaði

„Ég kem frá Keflavík og stunda nám í sálfræði við Háskólann á Akureyri. Námið varð fyrir valinu vegna þess að umhverfið, aðstaðan og smæðin heilluðu mig upp úr skónum. Öll námskeið í sálfræðinni eru tekin upp fyrir fjarnema og við í staðnámi fáum að njóta góðs af því. Það er frábært að geta leitað í upptökurnar þegar maður hefur misst úr tíma eða til að rifja upp námsefnið fyrir próf.

Félagslífið gæti ekki vera betra, það er alltaf eitthvað um að vera sem gerir það að verkum að maður kynnist fullt af frábæru fólki. Ég mæli hiklaust með námi við Háskólann á Akureyri."



Leifur Guðni Grétarsson, nemandi í líftækni.

### Framúrskarandi aðstaða

„Námsframboð við Háskólann á Akureyri varð til þess að ég flutti norður. Ég hafði alla tíð búið á Akranesi og fannst því spennandi að kanna nýjar slóðir. Líftækni er krefjandi og áhugavert nám sem kemur inn á hin ýmsu svið og veitir yfirgripsmikla þekkingu sem kemur til með að nýtast í frekara námi.

Framúrskarandi aðstaða og afar hæfir kennarar, sem leggja metnað sinn í að veita nemendum þá aðstoð sem þeir þurfa, gera Háskólann á Akureyri að þeirri menntastofnun sem hann er í dag."

27. JANÚAR 2012

# Lífið

FLOTTAR Í FORSETANN

HUGRÚN Í KRONKRON BARNSHAFANDI

ENGIN LOGNMOLLA HJÁ SIF JAKOBS



## HRAFNHILDUR OG BUBBI

EIGA VON Á BARNI Í SUMAR

# ÍSLAND MUN ALLTAF VERÐA LANDIÐ MITT

EFTIR FJÖGURRA ÁRA BÚSETU Í BRETLANDI ER MANUELA HARÐARDÓTTIR KOMIN HEIM

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?



Eitt vinsælasta þorrablót landsins undanfarin ár hefur án efa verið þorrablót Stjörnunnar í Garðabæ og engin breyting var þar á í ár. Hin gullfallega **Inga Lind Karlsdóttir** mætti með eiginmanni sínum Árna Haukssyni, alþingismaðurinn Bjarni Ben og spúsa hans Þóra Margrét Baldvinsdóttir mættu einnig í góðra vina hópi, bakaradrengurinn Jói Fel og Unnur Gunnarsdóttir létu sig ekki vanta, sömuleiðis hjónin **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** og Kristján Arason. Óttar Guðnason kvikmyndatökumaður, Jón Gerald Sullenberger og Birkir Hólm Guðnason, forstjóri Icelandair, voru hressir. **Katrín Brynja Hermannsdóttir** fjölmiðlakona var glæsileg að vanda og skemmti sér vel með vinkonum sínum.





Þá mátti sjá Skúla Mogensen á Hótel 101 um helgina en markaðsmaðurinn Guðmundur Arnar Guðmundsson snæddi með Ásgeiri Kolbeinssyni á Sushi Samba.

Lífið

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf.
**Umsjón** Ellý Ármanns og Kolbrún Pálína Helgadóttir
**Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Förðun á forsíðu** Hanna Maja
**Fatnaður** Ella by Elínrós Líndal
**Útlitshönnun** Arnór Bogason
**Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
**Lífið** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid

# SKÓDROTTNING Á VON Á BARNI

**Eigendur Kron by KronKron, hjónin Hugrún Dögg Árnadóttir og Magni Þorsteinsson, eiga von á sínu öðru barni í sumar. Fyrir eiga þau þriggja og hálfs árs gamlan dreng sem heitir Míó.**

Við erum yndislega glöð. Þetta er kraftaverk. Við erum hálfnuð og við vonum allt það besta, segir Hugrún Árnadóttir sem er stödd í París með Magna á tískuviku.

Í júní, segir Hugrún, spurð hvenær barnið kemur í heiminn en hún er komin tæpa fimm mánuði á leið.

**Þegar talið berst að kyni barnsins segir Hugrún:** Við erum búin að fá að vita það en höldum því fyrir okkur svona fyrst um sinn. Allt hefur sinn tíma. Mér gekk svo vel að eiga strákinn, yndislegt að eiga lítinn dreng sem er ljúfur og glaður þannig að við bíðum bara spennt eftir framhaldinu, segir Hugrún.

### Dreymið matargat

Ég er svo ótrúlega mikið matargat og hef í raun alltaf verið, sem kemur fram í að ég er gjarnan að hugsa um hvað sé á borðinu hverju sinni. Ég er týpan sem vaknar klukkan sjö á morgnana og læt mig dreyma um hvað verður í kvöldmat, segir Hugrún spurð hvort hún sé með æði fyrir einhverju matarkyns á meðgöngunni.

**Sérð þú um eldamennskuna heima?** Reyndar elda ég yfirleitt ekki. Ég sé um draumana en Magni sér um eldamennskuna. Ég bý svo ótrúlega vel á þeim bæ þar sem hann hefur unun af að útbúa góðan mat fyrir okkur Míó. Það er alveg ótrúlega fjölbreytt sem hann leggur á borð fyrir mig þar sem hann er mikill matgæðingur. En ætli það sem ég biðji kannski oftast um sé ekki stórlúða með ananasmangósölsu. Það er algjörlega mitt favorit. Verst að það er búið að banna veiðar á henni þessar vikurnar sem er mitt aðal matarsvekkelsi þessar vikurnar.

### Magni styðst við meðgönguforrit

Magni er yndislegur við mig og dekrar við mig þessa meðgöngu sem hina fyrri. Eini munurinn núna kannski er að hann er með hjálparkokk í þetta skiptið sem er eitthvað Apple-forrit sem sendir honum reglulega skilaboð um hver staðan se á fóstrinu, hvað sé að þroskast hverju sinni og svo framvegis. Eins koma skilaboð um hvernig verðandi móður líður og hverju skal huga að, t.d. fær hann skilaboð um að hann eigi að huga vel að konunni þessa dagana, henni kannski líður ekkert svaka vel og því mætti alveg bæta í kossaflensið. Ég get ekki sagt að ég sé mikið tækninörd, en þetta forrit finnst mér alveg vera að gera það gott, segir Hugrún og hlær.

**Hvernig gengur að hanna og reka verslanir, reka heimili og vera barnshafandi?** Það gengur bara rosavel, búið að vera algjör rússibani undanfarin ár hjá okkur. Við erum svo samstillt hjónin og því gengur þetta svona vel. Erum svo stolt af því að vera að fagna tólfta árinu okkar sem við höfum staðið vaktina í að sinna því sem okkur finnst skemmtilegast að gera. Það að vera með barn ásamt svona mikilli vinnu hefur bara gengið ótrúlega vel, við eigum svo góða að sem hafa hjálpað okkur mikið og Míó er alltaf jafn til í að gista hjá ömmu og afa, segir Hugrún áður en hún er rokin á sýningu í París.

**ER MAGNI VIRKUR ÞÁTTTAKANDI Í MEÐGÖNGUNNI?** Já, hann fylgist svo vel með. Hann fær meira að segja sendar myndir af barninu líka.
**NAFNIÐ MÍÓ?** Nafnið kom til okkar og festist strax á honum í bumbunni, því kom ekkert annað til greina.
**APPIÐ SEM MAGNI NOTAR?** My pregnancy-baby center.






Byltingakennd meðferð þar sem keratin og aloe barbadensis er notuð til að innsigla hárið. Mögnuð meðferð sem gerir hárið mjúkt, sléttari, heilbrigt og glansandi. Þessi meðferð virkar eins og kraftaverk á þurrt, úfið, viðkvæmt og brotthætt hár. Besti kosturinn fyrir litað hár, hár með strípum eða skemmt hár.
SALON REYKJAVÍK SÍMI: 56 85 305
GRANDAGARÐUR 5 101 REYKJAVÍK

## SUMARBARN Á LEIÐINNI HJÁ HRAFNHILDI OG BUBBA

Hrafnhildur Hafsteinsdóttir og eiginmaður hennar Bubbi Morthens eiga von á barni í byrjun sumars. Þetta staðfesti Hrafnhildur við Lífið. Fyrir eiga þau dótturina Dögun París sem verður þriggja ára á árinu. Fjölskyldan, sem býr við Meðalfellsvatn, á miklu barnaláni að fagna því fyrir á Hrafnhildur eina dóttur, og Bubbi tvo syni og eina dóttur.

Hjónin sem hafa verið gift frá 2008 hafa í nógu að snúast fram að fæðingunni en Hrafnhildur starfar sem verkefnastjóri MBA-námsins í Háskólanum í Reykjavík á meðan Bubbi semur, syngur og skemmtir hlustendum Bylgjunnar á mánudagskvöldum í nýjum útvarpsþætti, Stál og hnífur.

Lífið óskar Hrafnhildi og Bubba til hamingju!



Hrafnhildur, Bubbi og börnin á brúðkaupsdaginn 7. júní 2008.

Í DAG, Á MORGUN
OG Á SUNNUDAG

# ALLT AÐ
# SJÖTÍU
# PRÓSENTA
# AFSLÁTTUR
## AF SÝNINGARVÖRUM

**25% AFSLÁTTUR AF LJÓSUM**
**50% AF SÝNINGARRÚMUM**

Hans J. Wegner
Borge Mogenssen
Arne jacobsen
Erik Magnussen
Philippe Starck
ofl.

Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

MEZINA




Hjálp náttúrunnar við auka-kílóum




KONJAK

KONJAK er ný grenningarvara fyrir fullorðna í ofþyngd. KONJAK inniheldur náttúrulegar trefjar, (glucomannan) sem eru unnar úr konjak plöntunni sem vex í Asíu.

Þegar KONJAK er notað samhliða léttu mataræði má auka þyngdartap um allt að 60%. Það þýðir að fyrir hvert kíló sem þú missir af eigin rammleik getur þú með hjálp KONJAK misst allt að 1,6 kg.

Glucomannan eru fyrsta náttúrulega efnið sem sérfræðingar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu hafa viðurkennt að raunverulega hjálpi við þyngdartap.

Glucomannan eru vatnsuppleysanlegar trefjar sem eru þeim eiginleikum búnar að þær geta dregið til sín 2-300 falda þyngd sína af vatni. Þegar töflurnar leysast upp í maga myndast því massi sem fyllir upp í magann og flýtir fyrir seddu tilfinningu.

Notkun: 2 töflur með stóru vatnsglasi hálftíma fyrir 3 stærstu máltíðir dagsins.

Frekari upplýsingar www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum, heilsuhillum stórmarkaða og á www.femin.is

**Íslenska handboltalandsliðið hefur staðið sig vel á Evrópumótinu í Serbíu þar sem á ýmsu hefur gengið hjá strákunum okkar. Karen, Hanna Borg og Hanna Steina lýstu fyrir Lífinu hvernig þeim líður þegar strákarnir taka slaginn fyrir Íslands hönd.**

# HÁLFGERT SJÓMANNSKONULÍF

**HANNA BORG JÓNSDÓTTIR**
**STARF:** Lögfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu
**ALDUR:** 26 ára
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Nýtrúlofuð – í sambúð með Ásgeiri Erni Hallgrímssyni í 8 ár

„Ég er yfirleitt einhvers staðar með fjölskyldunni minni, heima hjá foreldrum mínum eða bræðrum," svarar Hanna Borg spurð hvort hún fylgist með Ásgeiri hægri skyttu spila á HM.

„Ég er alltaf glöð, stolt og ánægð fyrir hans hönd þegar ég sé hann inná því þá veit ég að hann er ánægðastur. Þegar hann skorar fæ ég góða gæsahúð og brosi út að eyrum en þegar skotið geigar kemur smá sviti í lófana sem kreppast saman. Best af öllu er samt tilfinningin þegar maður sér strákana fagna eftir sigurleiki. Þeir eru svo góðir vinir og gleðin þeirra er svo einlæg. Þá eru nokkur gleðitár alveg í lagi. Við sendum mikið tölvupósta og reynum að heyrast á Skype-netsamskiptaforritinu sirka annan hvern dag. Þá tölum við yfirleitt um eitthvað allt annað en handbolta, ótrúlegt en satt," segir Hanna um samskipti hennar og Ásgeirs þegar hann er staddur erlendis. „Þetta getur verið hálfgert sjómannskonulíf oft á tíðum og ef ekki væri fyrir landsliðið væru öll jólafrí, páskafrí og sumarfrí töluvert lengri. En maður reynir að pæla ekki mikið í því. Ásgeir nýtur þessa og finnst þetta gaman og svo fylgir þessu alveg dásamlegur félagsskapur. Strákarnir eru yndislegir og konurnar þeirra ennþá betri," segir Hanna. „Þetta er sannur heiður fyrir Ásgeir í hvert skipti sem hann er valinn og maður fyllist stolti í hvert sinn. Svo er líka ekkert leiðinlegt að vita að öll stórfjölskyldan og vinir manns eru stolt og ánægð með eiginmannsefnið manns," segir hún að lokum.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Síðasta SMS frá Ásgeiri:

Sakna þín ennþá meira en áðan …

# STRESSAST UPP Í ÞJÓÐSÖNGNUM

**KAREN EINARSDÓTTIR**
**STARF:** Leggur stund á félagsráðgjöf
**ALDUR:** 23 ára
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Gift Björgvini Páli Gústafssyni

„Ég byrja alltaf að stressast upp í þjóðsöngnum en stressið fer fljótt því það er alltaf jafn skemmtilegt að horfa þegar leikurinn er byrjaður, „segir Karen Einarsdóttir eiginkona Björgvins markmanns spurð hvernig henni líður þegar hann spilar með landsliðinu. „Ef ég er ekki stödd á mótinu sjálfu er ég eiginlega alltaf heima með mömmu og pabba á Íslandi að horfa," segir hún.

**Tala saman í gegnum Skype**
„Við notum Skype mjög mikið nema eins og til dæmis núna í upphafi þegar netið var mjög lélegt á hótelinu hjá þeim. Þá var það bara GSM-síminn en núna er netsambandið betra. Ég held að Nova hafi grætt ansi mikið á okkur þennan mánuðinn. En Skype bjargar manni alveg þegar þeir eru lengi í burtu. Kostirnir eru kannski þeir hvað það er rosalega skemmtilegt að horfa á þá og fara á stórmótin og einnig er æðislegt að vera hluti af svona skemmtilegum hóp og þá er ég að tala um strákana og konurnar þeirra."

„Ég veit nú ekki með gallana, mér dettur ekkert sérstakt í hug. Kannski það hversu mörg ferðalögin eru. Þegar það kemur frí frá félagsliðum þá tekur landsliðið við þannig að það er lítið um frí," segir Karen spurð um kosti og galla sem fylgja handboltalandsliðinu.

Síðasta SMS frá Björgvini:

Lentir í Serbíu 2 tímar í rútu, kvöldmatur, fundur og heyri svo í þér ástin mín Love you!



MYND/LALLISIG

# REYNIR AÐ HALDA RÓ SINNI

**HANNA STEINA ARNARDÓTTIR**
**STARF:** Lögfræðingur
**ALDUR:** 26 ára
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Í sambúð með Ingimundi „Didda" Ingimundarsyni í 4 ár

„Það fer svolítið eftir gæðunum á hótelnetinu," segir Hanna Steina spurð hvernig samskiptum hennar og Ingimundar fer fram þegar hann er staddur erlendis í keppnisferðum. „Stundum er bara ekki hægt að ná sambandi netleiðina og þá hringjumst við á, en yfirleitt reynum við nú að vera í bandi gegnum Skype netsamskiptaforritið. Það er reyndar svolítið misjafnt hvar ég er stödd en ef leikirnir eru ótrúlega spennandi þá líður mér nú best einni, því ég er tæplega húsum hæf því ég tek leikina svo gríðarlega inn í sálina," útskýrir hún einlæg og segir: „Ég gæti léttilega fengið alvarlega greiningu hjá geðlækni ef hann fylgdist með mér á þessum mómentum."

„En oftast horfi ég nú samt með fjölskyldu og vinum, og reyni að halda ró minni eins og ég mögulega get."

MYND/ÚR EINKASAFNI



Síðasta SMS frá Didda:

ég er online, skype-aðu mig í drasl beibí

**Hvernig líður þér að sjá manninn þinn berjast á vellinum fyrir Íslands hönd?** „Fyrst og fremst er ég virkilega stolt af honum og finnst ótrúlega gaman að sjá hann tæta þessa bergrisa í hinum liðunum í sig. Sérstaklega finnst mér það gaman í ljósi þess að ég er einungis hársbreidd frá því að snúa hann niður sjálf – án gríns! Kostirnir eru fyrst og fremst hvað það er gaman að fá að taka aðeins þátt í þessu árlega stórmótahæpi á Íslandi og fá að fylgjast með hvað gengur á utan vallar sem innan. Það birtir allavegana smá upp janúarmánuðinn fyrir mér.



útsala útsala útsala útsala
útsala útsala útsala
útsala útsala útsala
15% aukaafsláttur af ÖLLUM vörum
Síðustu dagar útsölunnar!
15% aukaafsláttur á kassa af ÖLLUM vörum!
Mikil verð-lækkun!
Haag sófinn
Verð var 249.900.-
tilboðsverð
199.900.-
Vinstri eða hægri skemill.
30%
Stærðir
60-80 cm
Allir bastvasar á
3000.-
Stóll
Var 69.900.-
nú
48.930.-
Púðar
3 fyrir 2
Þú kaupir 2 púða og færð þriðja frítt með!
Kommóða var 69.900.-
nú 48.930.-
Sjónvarpsskápur
Var 79.900.-
nú
55.930.-
Stell
Var 590-1390.-
nú
354-837.-
síðustu dagar útsölu!
Var 49.900.-
nú
42.415.-
Piccadilly stólarnir komnir aftur!!
15% afsláttur
á meðan útsölu stendur.
the PIER
Borð var 34.900.-
nú 24.430.-
Stóll
Var 9990.-
nú 5940.-
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# FLOTTAR Í FORSETANN

**Forsetakosningar eru á næsta leiti eins og allir vita og hafa hinar ýmsu kannanir og kosningar verið framkvæmdar af því tilefni. Ýmsar áhugaverðar konur úr ólíkum stéttum þjóðfélagsins hafa verið orðaðar við embættið. Lífið tók nokkrar þeirra tali sem tilnefndar voru í forsetakosningu Vísis og forvitnaðist um hvort þær tækju tilnefningunni alvarlega eður ei.**



1. Hvernig er tilfinningin að vera tilnefnd?
2. Hvernig forseti heldurðu að þú yrðir?
3. Hverju myndirðu helst vilja breyta sem forseti?
4. Geturðu raunverulega hugsað þér að verða forseti Íslands?

### Sigríður Arnardóttir, fjölmiðlakona

## VILL TAKA VIÐTAL VIÐ NÆSTA FORSETA

**1.** Þetta er góð tilfinning. Mér finnst vænt um þetta. Heyri þetta af og til. Finn fyrir hlýju en finnst þetta líka mjög fyndið.

**2.** Ég yrði forseti sem nyti mín í mannlegum samskiptum við fólk af öllum stéttum þjóðfélagsins. Ég myndi njóta þess að heilsa upp á unga og gamla landsmenn, til sjávar og sveita. Ég myndi vera í essinu mínu að kynnast nýjungum í atvinnulífinu, menntamálum, skógrækt og menningarlífinu. Ég myndi hvetja fólk áfram og hlusta á þjóðina. En þar sem þetta er nú líka lýsing á því að starfa í fjölmiðlum þá held ég að ég sé alveg á réttum stað núna.

**3.** Ég vona að næsti forseti verði góður einstaklingur með lífsreynslu, tali nokkur tungumál, sé vel menntaður, standi vörð um íslenska menningu og tungu. Sé alþýðlegur, jarðbundinn, hógvær, hlýr, glæsilegur, þekki vel inn á þingstörf og stjórnsýslu, kunni sig vel og sé sambland af Kristjáni Eldjárn og Vigdísi Finnbogadóttur. Slíkur einstaklingur myndi vinna að málum sem yrðu til góðs fyrir náttúru landsins, menningu, jafnrétti kynjanna og jafnræði landsmanna.

**4.** Eina tenging mín við forsetaembættið verður að ég mun nýta mér kosningaréttinn og kjósa góðan forseta. Við eigum marga frambærilega einstaklinga sem passa í þetta embætti. Ég er alls ekki manneskjan í embættið – en vil gjarnan fá að taka viðtal við næsta forseta Íslands.

### Valgerður Matthíasdóttir fjölmiðlakona

## ÁSTRÍÐAN FYRIR FORSETAEMBÆTTINU EKKI FYRIR HENDI

**1.** Ég hef ekki fylgst mikið með vangaveltum um forsetaframboð þar sem ég hef verið mikið erlendis að undanförnu og verið í smá fjölmiðlafríi. En ef einhver hefur tilnefnt mig í þetta starf þykir mér vænt um það. Það eru mikil meðmæli.

**2.** Góð spurning.

**3.** Það er ýmislegt sem hægt væri að gera í þessu embætti. Sannarlega hægt að láta gott af sér leiða og mjög margt sem mætti breyta til hins betra.

4. Nei það er svo margt spennandi fram undan hjá mér sem ég væri engan veginn tilbúin til þess að fórna. Og svo vantar mig alveg ástríðuna fyrir þessu embætti. Sú ástríða þarf að vera fyrir hendi.

### Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar

## LOFAR AÐ HUGLEIÐA MÁLIÐ

**1.** Auðvitað met ég mikils og þykir vænt um að vera nefnd í þessu samhengi en verð um leið að játa að þetta kemur mér á óvart. Ég hef aldrei gengið með forsetaembættið í maganum. Ég er þakklát fyrir ótrúlega mörg gefandi og skemmtileg samtöl við gott fólk sem gefur sig á tal við mig vegna þessa.

**2.** Það væri mjög stór ákvörðun að fara í framboð en ég er frekar prívat manneskja og tilhugsunin um að verða opinber persóna er blendin. Spurningar um hverju ég myndi breyta eða hvernig ég yrði í þessu embætti eru því alls ótímabærar.

**3.** Ég get fullyrt að ég er ósköp venjuleg og látlaus manneskja og að í kringum mig yrði ekkert glys eða prjál í þessu embætti frekar en öðrum verkefnum sem ég hef tekið að mér.

**4.** Nokkrum hef ég lofað að hugleiða málið alvarlega.

### Margrét Pála Ólafsdóttir, forseti Hjallastefnunnar

## ÞJÓÐIN ÞARF FRIÐ

**1.** Það er svo sannarlega elskulegt af fólki að nefna nafnið mitt í sömu andrá og val á þjóðarleiðtoga er rætt. Ég nota auðvitað tækifærið og þakka ykkur traustið, kæru vinkonur og vinir. Þið eruð alveg hreint ótrúleg og mér er heiður gerr.

**2.** Konan mín segir að ég yrði bæði gleyminn og óstundvís forseti en ágæt að öðru leyti. Sjálf trúi ég að starf mitt með börnum í yfir þrjátíu ár hafi kennt mér að ná til fólks í tali, samskiptum, ræðu og riti og það er nákvæmlega grundvallarstarf leiðtoga. Ná til fólks eða að snerta hjörtu annarra, eins og ég hef nefnt þetta fyrirbæri, gefur samhljóm sem fær fólk til að vera samferða, bæði í leiðtogahlutverk og fylgjendahópi. Þessi samhljómur er ástríða mín í lífinu. Þannig myndi ég án efa tala, boða, hvetja og kenna í von um að ná samhljómi sem flestra yfir Frónið, samhljómi um samkomulag og sættir. Svo yrðu uppeldi og menntun, mannréttindi og jafnrétti leiðarstefin mín enda líður mér stundum eins og ég hafi sungið sama sönginn í áratugi, rétt eins og Soffía frænka sem kunni bara einn söng – en lögin okkar beggja eru náttúrulega sígild.

**3.** Ætli það væri ekki að draga embættið út úr pólitískum átökum og ágreiningi. Þar með er ég ekki að segja að síðustu ár núverandi forseta hafi verið á villigötum – þjóðin þarf bara núna frið og samstöðu um óbrotgjarnari sannindi eins og gömul og góð gildi og þjóðarmenningu Íslands. Samtímis myndi ég vilja sjá Bessastaði opna sem mest fyrir landsmenn, bæði gesti og gangandi sem vilja skoða staðinn. Jafnframt vildi ég sjá forsetann aðgengilegan og sýnilegan alls staðar í þjóðlífinu. Ekki aðeins í lista- og menningarlífinu, heldur líka í skólum, á vinnustöðum, til sjávar og til sveita, um allt land. Svo verða börn og ungmenni að fá sérstakan sess í hefðum og siðum Bessastaða. Þau eiga að vera tákn embættisins, framtíðin sem þjóðin sameinast um. Hamingjan sanna, er þetta ekki að verða eins og framboðsræða.

**4.** Ég er ekki á flæðiskeri stödd atvinnulega, er í afskaplega skemmtilegu starfi sem forseti Hjallastefnunnar og þar er miklu meira en nóg að gera. Svo er ég heldur ekki viss um að íslenska þjóðin sé besti og gleðiríkasti vinnuveitandinn, sem er í boði um þessar mundir. Þannig að…

### Elín Hirst, rithöfundur

## FORSETINN Á AÐ VERA NÁLÆGUR FÓLKINU Í LANDINU

**1.** Það er góð tilfinning.

**2.** Góður forseti, vonandi.

**3.** Forsetinn á að vera leiðtogi sem stuðlar að því með ráðum og dáð að hugarfar góðvildar, hjálpsemi og virðingar leysi af hólmi græðgi, eigingirni og hroka. Hann á að vera nálægur fólkinu í landinu, vinna með því, setja gott fordæmi og hvetja menn áfram til góðra verka. Þannig gætum við virkjað forsetaembættið til mikils gagns fyrir Ísland á öllum sviðum þjóðlífsins og einnig út fyrir landsteinana.

**4.** Já.

### Þessar voru einnig tilnefndar

Herdís Þorgeirsdóttir stjórnmálafræðingur.
Linda Pétursdóttir, eigandi Baðhússins
Steinunn Ólína leikkona
Ragna Árnadóttir lögfræðingur
Kristín Ingólfsdóttir prófessor
Gerður Kristný Guðjónsdóttir rithöfundur
Björk Guðmundsdóttir tónlistarkona

SOHO MARKET
ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
NÝTT KORTATÍMABIL
50–70%
afsláttur af öllum fatnaði
50% afsláttur af skarti, töskum og öðrum fylgihlutum
10% afsláttur af aðhaldsfatnaði og öðrum standard vörum
SOHO MARKET
Grensásvegur 8, sími 553 7300
Opið mán–fös 12–18 og laugd 12–17
SOHO/MARKET Á FACEBOOK

Sendu 5 toppa af Merrild eða Senseo-pökkum fyrir 17. mars til:

Merrild
Pósthólf 78
130 Rvk

# Safnaðu 5 toppum af Merrild
## og freistaðu gæfunnar

Þér er boðið að taka þátt í skemmtilegum leik sem getur fært þér stórkostlegan vinning.

Safnaðu fimm toppum af Merrild eða Senseo kaffipokum og þú gætir unnið:

- ☑ 100.000 kr. í Debenhams
- ☑ Meikóver-dag með Kalla
- ☑ Fjölda annarra vinninga

  Nýjasta Senseo kaffivélin frá Heimilistækjum og ársbirgðir af Merrild eða Senseo kaffi







MERRILD
DOUWE EGBERTS
DE ANNO 1753







MYNDIR: VALGARÐUR GÍSLASON FÖRÐUN: HANN

# ÍSLAND MUN ALLTAF VERÐA LANDI

**Eftir fjögurra ára búsetu í Bretlandi er Manuela Harðardóttir komin heim. Heim til Íslands þar sem hún ætlar að skjóta rótum og hlúa að börnum sí takast á við ný verkefni hér á landi og lítur björtum augum á framtíðina eftir erfiða tíma í einkalífinu og slæma útreið í fjölmiðlum í kjölfar skilnaða**

**FULLT NAFN:** Manuela Ósk Harðardóttir
**ALDUR:** 21, plús/mínus sjö ár
**HVAR ERTU ALIN UPP:** Í Vesturbæ Reykjavíkur
**BÖRN:** Jóhann Grétar sjö ára og Elma Rós eins og hálfs árs.
**ÁHUGAMÁL:** Ég hef áhuga á tísku, hönnun og öllu fallegu. Mér finnst gaman að ferðast, fara í leikhús og á tónleika – en skemmtilegast finnst mér að eiga góðar stundir og skapa dýrmætar minningar með fjölskyldu og vinum.

**Hvernig er tilfinningin að vera komin heim?** Tilfinningin er unaðsleg! Hér eru allir uppáhaldsstaðirnir mínir, besta loftið, besta vatnið og fallegasta náttúran. Svo er þetta öruggasta landið til að ala upp börnin sín í. Ísland mun alltaf verða landið mitt!

**Er einhver einn staður sem þér þykir vænst um?** Snæfellsnesið er mér afar kært! Þar er ólýsanlega orku og óútskýrðan kraft að finna.

Hvernig upplifun er að hafa búið erlendis og hvað lærdóm geturðu dregið af þeirri upplifun? Það er búið að vera mikið ævintýri og viðbót í reynslubankann að flytja frá heimalandinu og fóta sig í ókunnugu landi. Ég er mjög þakklát fyrir þennan tíma – en glamúrinn við útlandið var fljótur að fölna og heimþráin magnaðist upp með hverju árinu.

**Hvaða kosti hefur Ísland fram yfir Bretland að þínu mati?** Aðalkosturinn er auðvitað sá að á Íslandi býr nánast öll mín fjölskylda og vinir. Annars finnst mér Ísland hafa nánast allt fram yfir Bretland – nema kannski að þar er meira vöruúrval og fjölbreyttari ferðamöguleikar.

**Er munur á breskum konum og íslenskum?** Íslenskar konur eru einstakar að mörgu leyti og það rennur augljóslega víkingablóð um æðar þeirra því þær eru vinnuþjarkar, sjálfstæðar mjög og standa saman þegar á reynir. Það er erfiðara að eignast alvöru vinkonur þarna úti, það er bara öðruvísi menning. Svo er gamla klisjan um að við eigum fallegustu konur í heimi bara dagsönn.

**Einkalíf þitt hefur ratað ítrekað í fjölmiðla undanfarið. Hefur það reynst þér og þínum erfitt?** Ég gæti aldrei lýst því með orðum hversu erfitt það var að lenda svona í klóm fjölmiðla – og ætla því ekkert að reyna. Það versta er tilhugsunin um að börnin mín gætu séð þetta í framtíðinni – og þeim mun ábyggilega þykja erfitt að skilja hvers vegna ókunnugt, fullorðið fólk hafði þörf fyrir að úthúða móður þeirra á opnum vef, þegar fram líða stundir.

**Fannst þér þú fá óréttláta umfjöllun?** Auðvitað er það óréttlátt þegar fréttamiðlar sniðganga allt

Lagersala hjá Hafnhildi
Engjateigi 5, 2. hæð. Opið 12 - 16 virka daga og 10 - 16 laugardaga

60 - 90% afsláttur af kjólum

60 - 80% afsláttur af öllum skóm

Nú 20% viðbótarafsláttur af öllum kjólum



Skór upphaflegt verð 29.900
útsöluverð 5.990.

Nýtt á lagersölunni
mikið úrval af jökkum og pilsum á 60 - 90% afslætti

Skoðið brot af úrvalinu á facebook!



NA MAJA FATNAÐUR: ELLA BY ELÍNRÓS LÍNDAL

# Ð MITT

num tveim. Hún hlakkar til að
ar.

„Ég á það til að dekra við börnin mín út í hið óendanlega – en ég er mjög meðvituð um að það dýrmætasta sem ég get gefið þeim er tími, og ég reyni svo sannarlega að gefa þeim eins mikið af honum og ég get.“

sem kallast almennileg heimildaöflun og rannsóknarblaðamennska og birta fréttir sem eru kolrangar – án þess einu sinni að reyna að hafa samband og bera upplýsingarnar undir þann sem um er að ræða.

Fjölmiðlar bera gífurlega ábyrgð og ættu að gera sér betur grein fyrir þeim alvarlegu afleiðingum sem svona „fréttaflutningur“ getur haft í för með sér. Ég reyni samt að hugsa sem minnst um hvað öðrum finnst og vona bara að fólk geri sér grein fyrir því að það sem vakir fyrir slúðursneplum er að selja blöð og auglýsingar en ekki að segja sannleikann.

Það verður alltaf til fólk sem gleypir við svona fréttaflutningi og leyfir sér að hafa skoðun á einkalífi annarra, án þess að þekkja þá sem eiga í hlut, og ekkert við því að gera.

**Er eitthvað sem þú vildir hafa gert öðruvísi?** Eftir á að hyggja held ég að ég hafi hér áður fyrr, í trúgirni og sakleysi mínu, hleypt fjölmiðlum nær mér en æskilegt hefði verið. Eftir að hafa kynnst skuggahliðum þeirrar starfsgreinar og hversu langt sumir eru tilbúnir til að ganga til að selja fleiri blöð eða fá fleiri „klikk“ þá áttar maður sig á því að maður þarf að draga skýr mörk. Ég hef hingað til horft fram hjá því þegar rangt hefur verið haft eftir mér, viðtöl slitin úr samhengi eða fyrirsögnum breytt – en að undanförnu hefur mér þótt íslensk slúðurblaðamennska fara yfir öll mörk.

**Hvaða skoðun hefurðu á því að hver sem er geti tjáð sig um fréttir í opnum athugasemdakerfum fréttamiðlanna?** Athugasemdakerfi á fréttamiðlum getur eflaust þjónað einhverjum lýðræðislegum tilgangi undir ákveðnum kringumstæðum en ég tel það algjörlega á ábyrgð ritstjórnar að sjá þau skýru mörk um hvenær það á við og hvenær þetta tjáningarfrelsi er farið að skaða æru fólks. Enn verra finnst mér þegar ritstjórar taka algerlega einhliða pól í hæðina og eyða einungis út athugasemdum í takt við það sem var gert í mínu tilfelli.

**Að því sem máli skiptir í LÍFINU, nú áttu tvö yndisleg börn,**

Framhald á síðu 10











Ferming í Flash

Kjólar • Ermar • Leggings • Skart





FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Fleiri myndir á Facebook
Vertu vinur


Framhald af síðu 9

**strák og stelpu, er mikill munur á þeim og eru þau góð saman?** Þau eru eins ólík og hugsast getur. Sonur minn er einstaklega rólegur og yfirvegaður karakter, en dóttir mín er sá allra mesti orkubolti og grallari sem ég hef kynnst. Það er yndislegt að fylgjast með þeim saman og ég trúi stundum ekki þeirri blessun sem mér hefur veist í þessu lífi – að fá að ala þau upp og eyða með þeim ævinni.

**Hvað leggur þú áherslu á í uppeldi barna þinna?** Rútínu fyrst og fremst. Ég held að börn þurfi fasta rútínu því hún gefur þeim öryggi. Ég á það til að dekra við börnin mín út í hið óendanlega, en ég er mjög meðvituð um að það dýrmætasta sem ég get gefið þeim er tími, og ég reyni svo sannarlega að gefa þeim eins mikið af honum og ég get.

**Þú heldur úti bloggsíðu um tísku og fegurð, er það þitt helsta áhugamál?** Algjörlega! Ég hef haft brennandi áhuga á tísku síðan ég var lítil stelpa og ég held að það muni aldrei breytast. Ég safnaði til dæmis oftast vikupeningunum mínum og keypti mér Vogue, eða annað tískublað, í staðinn fyrir bland í poka eins og flestar hinar stelpurnar. Bloggið gefur mér algjört frelsi til að koma mínum skoðunum og pælingum á framfæri og mér finnst frábært að sjá hve margir hafa gaman af að lesa það.

**Ætlarðu mögulega að herja á tískuheiminn í framtíðinni?** Að sjálfsögðu! Ég á mér fullt af draumum, stórum og smáum, og hlakka mikið til að vinna í því að láta þá rætast!

**Einhverjir draumar sem þú vilt deila með okkur?** Hugurinn er stútfullur af hugmyndum, meðal annars um eigin rekstur; litla fallega fatalínu sem endurspeglar stílinn minn sem og frekari hönnun. Einnig langar mig að gera meira úr blogginu mínu en lesendum þess fjölgar dag frá degi.

**Hvar sérðu sjálfa þig eftir tíu ár?** Ég veit alla vega að ég verð 38 ára, hamingjusöm, sterkari, reyndari og flottari en ég er í dag og vonandi búin að strika einhverja skemmtilega hluti út af „To do“-listanum mínum.

**Áttu þér fyrirmynd sem þú lítur upp til?** Ég reyni að taka mér til fyrirmyndar það besta í fari fólksins í kringum mig. Ég er umkringd sterkum og flottum konum sem veita mér innblástur á hverjum degi. Ég lít upp til fólks sem hefur gengið í gegnum erfiðleika og komið nautsterkt út úr þeim. Þeir einstaklingar hafa oftast lífsgildin alveg á kristaltæru.

**Eitthvað að lokum?** Fortíðin er liðin og framtíðin ekki komin. Núið er hin eilífa líðandi stund.

## LÍFSSTÍLLINN

**Hreyfingin?** Líkamsræktariðkun mín er til skammar. Það stendur hins vegar til bóta og ég hef fulla trú á að 2012 verði árið sem ég kem mér í almennilegt form. Ég hef bara svo lítinn áhuga á líkamsræktarstöðvum, þannig að á veturna fer hreyfingin aðallega fram innan veggja heimilisins (lesist: hlaupa á eftir börnunum mínum). Á sumrin finnst mér hins vegar yndislegt að fara út að hjóla eða ganga í íslenskri náttúru.

**Uppáhaldsmaturinn?** Jólagrauturinn hennar ömmu.

**Uppáhaldsveitingastaðurinn?** Hakkasan í London. Ótrúlega flottur staður, skemmtileg stemning og besti matur sem ég hef smakkað.

**Hvaða snyrtivörur notarðu daglega?** Chanel Sublimage-rakakremið og ilmvatnið Chanel Mademoiselle. Ég mála mig ekki daglega, en þegar ég geri það nota ég Kanebo Instant Glow, púður frá MAC og sólarpúður frá Chanel. Svo finnst mér maskararnir frá Maybelline alltaf bestir.

**Uppáhaldshönnuður/ir?** Karl Lagerfeld og Tom Ford.

**Uppáhaldsheimasíðan?** www.manuelaosk.com

AUGLÝSING: L'ORÉAL KYNNIR

# SKREF FYRIR SKREF






**Million Lashes:** Maskari með gúmmíbursta sem er með þéttum hárum sem fanga hvert augnhár og umvefja það með lit. Gefur aukið umfang og skilur ekki eftir kekki. Skammtari er í maskaranum sem kemur í veg fyrir að of mikill maskari fari á greiðuna og kemur þannig í veg fyrir að maskarinn skilji eftir sig kekki.

**Infallible-augnskuggar** eru mitt á milli þess að vera krem, gel eða duftskuggar, það er auðvelt að blanda litum saman og stjórna styrkleika litanna. Þeir haldast á í allt að 24 klukkustundir sem er algjör snilld þegar mikið liggur við og við viljum vera alveg eins frá morgni til kvölds.




Húðin undirbúin. Á hreina húð er borið á Hydrafresh-rakakrem frá L'Oréal!






**Touche Magique** Hyljarinn er oft leyndarmálið á bak við fallega förðun og litli Touche Magique-penninn er kraftaverkið. Hann lýsir upp augnsvæðið og tekur öll þreytumerki í burtu og frískar upp á húðina í kringum augun. Touche magique-hyljarinn hylur dökkar rákir, bauga og jafnar út fínar hrukkur. Inniheldur örsmáar agnir sem hafa áhrif á ljósið og gefa húðinni aukinn ljóma, mikilvægt að velja ávallt ljósari lit en er á farðanum til að ná fram tilskildum áhrifum. Hyljarinn er penni með bursta á, sem gerir hann einstaklega þægilegan í notkun.




**Sólarpúður: Glam Bronze Duo 102** Þetta frábæra sólarpúður er tvískipt og hægt að blanda saman báðum litunum eða vinna með ljósari eða dekkri litinn eftir því hvað þú vilt gera. Gott að nota dekkri litinn til að dýpka andlitsdrættina og móta en nota ljósari litinn á móti til að draga fram andlitsdrættina. Á þennan hátt mótar þú andlitsdrættina fallega og rammar inn andlitið.




**Matte Morphose-farði 140**
Margverðlaunaður froðukendur farði, sem er sérstaklega léttur og endist allan daginn. Farðinn er í leiðinni „primer"/undirfarði. Svitaholur og fínar lhrukkurur virðast horfnar og húðin verður silkimjúk. Húðin verður mött og áferðin er einstök og tilfinninginn er eins og þú sért ekki með neitt á húðinni. Farði sem hentar öllum aldri og öllum húðgerðum, frábær fyrir hina íslensku konu sem vill fullkomna húð.



**Infallible eyeliner 301:** Kremkenndur og mjúkur, skrúfblýantur sem kemur með yddara. Hentar þeim sem vilja hafa oddinn mjórri, þannig er auðveldlega hægt að stjórna þykktinni á línunni. Rennur mjúklega meðfram augnlokinu. Liturinn endist í 16 klst.

Módel: Jóna Kristín Heimisdóttir
Förðun: Erna Hrund Hermannsdóttir




**6 Hour Gloss 507:** Gloss sem klístrast ekki og endist í alltað sex klst. Varirnar fá fallegan ljóma sem helst og volume-tæknin lætur varirnar líta út fyrir að vera fyllri. Burstinn er hjartalaga og því er auðvelt að fylgja lagi varanna.






**True Match-kinnalitur 145**
Gefur frískan lit og heilbrigt útlit. Borinn á „epla"-svæðið, þú brosir og berð á „eplið" sem myndast. Færð frísklegra útlit.

## Útsölustaðir:
Hagkaup Kringlan, Holtagarðar, Garðabær, Smáralind, Skeifan, Spöng, Selfoss, Akureyri
Lyf & heilsa Kringlan, Domus Medica, JL húsið, Fjörður, Hamraborg, Keflavík, Selfoss
Lyfja Smáralind, Keflavík, Reyðarfjörður, Borgarnes, Ísafjörður, Patreksfjörður, Höfn,
Apótekið Spöng
Lyfjaver Suðurlandsbraut
Apótek Vesturlands, Akranesi

› Sjá nánar á visir.is/lifid

facebook.com/lorealsnyrtivorur

## HAMINGJUHORNIÐ

Ásdís Olsen, aðjúnkt við Háskóla Íslands

### NÚVITUND



Lífið er hér og nú með dásamlega möguleika til að upplifa og njóta. Núvitund er að vera til staðar á líðandi stund, laus undan valdi hugans, sem hefur tilhneigingu til að dvelja við það liðna eða ókomna og býður gjarnan upp á gagnrýni, eftirsjá eða áhyggjur.

Anna Mjöll

## MISSIR LYSTINA UNDIR ÁLAGI



„Bara passa það að stressið sé alltaf nóg til þess að halda manni á barmi taugaáfalls á hverjum degi, þá missir maður alveg lystina og þarf ekkert að hafa áhyggjur af því að borða,“ svarar Anna Mjöll Ólafsdóttir söngkona, sem búsett er í Bandaríkjunum spurð hvernig hún heldur sér í formi og hvað hún borðar.



Rósa Guðbjartsdóttir matgæðingur:

# SYKUR Í ALGJÖRU LÁGMARKI

Ég legg mikið upp úr því að fjölskyldan fái næringarríkan og hollan mat flesta daga en er engin öfgamanneskja í þeim efnum enda eru freistingarnar til að falla fyrir þeim en heppilegast er að finna gott jafnvægi í fæðuvalinu, segir Rósa þegar Lífið forvitnast um áherslur hjá henni þegar kemur að mataræðinu. Ég reyni að nota sykur í algjöru lágmarki, áfengi drekk ég sjaldan en aðeins of mikið kaffi. Hjólreiðar hafa verið mín helsta, reglulega hreyfing gegnum árin og svo er alltaf frábært að sprikla í Hress. En ég er svolítil skorpumanneskja þegar kemur að líkamsræktinni en hún gerir manni svo óendanlega gott á líkama og sál, það finnur maður um leið og farið er af stað. Heitt ilmolíubað er dekrið mitt flesta daga og góður svefn er grundvöllur góðrar orku og heilsu.

## LÍFIÐ MÆLIR MEÐ

www.drmercola.com



### KENNDI MÉR AÐ NOTA D-VÍTAMÍN

„Doktor Mercola kennir manni að taka ábyrgð á eigin heilsu og reynir að upplýsa og fræða og það er alltaf gott. Hann er sniðugur og reynir virkilega að láta gott af sér leiða. Margt sem ég hef lesið eftir hann hefur nýst mér afar vel. Til dæmi eru mörg ár síðan ég fór að taka D-vítamín á veturna og það er honum að þakka. En þessi vefsíða er eins og aðrar; maður vinsar úr og notar það sem manni finnst snjallt og hentar manni. Hinu hendir maður, gleymir eða sleppir að lesa. Og svo er alltaf best að nota líka sitt eigið hyggjuvit þegar kemur að næringu og mat því að næringarfræði er tiltölulega ung fræðigrein og alltaf eitthvað nýtt að koma í ljós.“

Ebba Guðný Guðmundsdóttir, bókaútgefandi og heilsufrömuður


AUGLÝSING: JOHN SELLARS KYNNIR

# BÆTTU ÞIG MEÐ DÁLEIÐSLU

**Skráning er hafin á þriðja dáleiðslunámskeið breska dáleiðslukennarans John Sellars hér á landi en það fer fram í febrúar. John Sellars hefur stundað dáleiðslumeðferð og kennt dáleiðslutækni í áratugi og náð gríðarlegum árangri.**

**Dáleiðslukennarinn John Sellars** heldur sitt þriðja dáleiðslunámskeið hér á landi á næstunni. John hefur kennt dáleiðslu víða um heim og hafa aðferðir hans hjálpað fólki að ná tökum á ýmsum vandamálum, m.a að efla sjálfstraust, hætta að reykja, losna við fíkn og hvers konar fælni, svo sem innilokunarkennd og skordýrafælni, bæta árangur í íþróttum o.fl.

Námskeiðið er í tvennu lagi, fyrst 17. til 20. febrúar og síðan 16. til 19. mars, samtals í 8 daga. **Nánar á slóðinni: http://4.is/namskeid**

Blaðið ræddi við þrjár konur sem lært hafa dáleiðslu hjá John Sellars.

## VALA ELFUDÓTTUR STEINSEN

SÁLFRÆÐINEMI, DÁLEIÐSLUTÆKNIR OG NLP PRACTITIONER



Ég ákvað strax að skella mér á námskeiðið því ég hef alltaf ætlað að kynna mér dáleiðslu. Ég hef iðkað sjálfsdáleiðslu og lesið mér mikið til en ég stunda nám í sálfræði. Ég er ofsalega ánægð með námskeiðið og finnst það hafa skilað öllu og rúmlega því sem ég vonaðist til.

John er metnaðarfullur og góður kennari. Það einkenndi námskeiðið hvað honum var mikið í mun að nemendur næðu grunnæfingunum vel. Ég mun koma til með að nýta mér tæknina í tengslum við sálfræðinámið. Mig langar til að kafa dýpra í þessum efnum og geta þá hjálpað fólki sem er virkilega veikt.

## SÓLVEIG KLARA KÁRADÓTTIR

GEÐHJÚKRUNARFRÆÐINGUR OG DÁLEIÐSLUTÆKNIR



Ég hef alla tíð trúað á að virkja undirmeðvitundina, þar býr mikill kraftur. Ég tel mikilvægt að og víkka hugann og kynna sér mismunandi námskeið því þetta eru margar og ólíkar aðferðir. Námskeiðið hjá John Sellers var mjög gott, hann er mjög fær kennari með flotta tækni. Mér fannst frábært hvað lögð var mikil áhersla á að nemendur gerður æfingar strax frá fyrsta degi og að þeir næðu grunninum og flæðinu strax. Maður getur alltaf lesið sér til og bætt við sig fræðilegri þekkingu en æfingin er sérstaklega mikilvæg.

Mér fannst einnig gaman að sjá breytinguna á fólkinu á námskeiðinu. Fólk fór að líta betur út, hafði meiri útgeislun og fór að bera sig öðruvísi. Æfingarnar styrktu greinilega sjálfstraustið. Ég hef mest notað dáleiðslu eftir námskeiðið við fælni, sorgarúrvinnslu og við að hjálpa fólki að léttast, taka út sykurlöngun og hjálpað fólki að hætta að reykja.

## VALGERÐUR SNÆLAND JÓNSDÓTTIR

DÁLEIÐSLUTÆKNIR, DAVISRÁÐGJAFI OG FYRRV. SKÓLASTJÓRI



Þegar ég frétti af námskeiðinu fannst mér það tilvalið en ég hef alltaf haft áhuga á dáleiðslu og iðkað sjálfsdáleiðslu gengum tíðina. Það er hægt að iðka dáleiðslu á margan hátt og mér fannst frábært að kynnast aðferð Johns. Hans aðferð er einföld og áhrifin mikil.

Dáleiðsla nýtist mér heilmikið í mínu starfi. Ég rek fyrirtækið Mannrækt og menntun og vinn mikið með lesblindum, með einhverfum, og með fólki með mikinn athylgisbrest. Ég sé einnig fyrir mér að dáleiðsla geti nýst í vinnu minni með stam sem er oft mjög flókið að eiga við.

Oft er leitað til dáleiðslutækna með flókin vandamál eins og átraskanir og þunglyndi og mig langar að nota dáleiðsluna við úrlausn þeirra vandamála. Það geri ég þá í samráði við lækna viðkomandi.


› Sjá nánar á visir.is/lifid



ÚTSALA
ALA
LALLA
LA...
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
Þórhallur - www.effekt.is
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
TÓNABÚÐIN
Síðumúla 20 ▪ Reykjavík ▪ S.: 591 5340 ▪ www.hljodfaerahusid.is ▪▪ Sunnuhlíð 12 ▪ Akureyri ▪ S.: 462 1415 ▪ www.tonabudin.is

# HANNAR SÉRSTAKLEGA FYRIR ÍSLENSKAR KONUR

**Sif Jakobsdóttir, gullsmiður og hönnuður hefur átt mikilli velgengi að fagna hérlendis sem erlendis en skartgripir hennar fást á um fjögur hundruð sölustöðum í Skandínavíu. Hún herjar nú á Evrópumarkað og viðurkennir að íslenskar konur leggi línurnar með smekkvísi sinni.**



**SIF JAKOBSDÓTTIR**
**ALDUR:** 35
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Sambúð með Søren Dahl.
**BÖRN:** Engin
**MENNTUN:** Gullsmiður/hönnuður.

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Draumurinn var að verða arkitekt og hanna stórar byggingar. Ég er alltaf jafn heilluð af arkitektúr og elska að skoða byggingar og kynna mér fjölbreyttan stíl víðs vegar um heiminn.

**Hvernig lá leið þín í skartgripina?** Allt frá barnæsku hef ég verið mjög listræn; teiknað, málað og leirað. Ég hafði reyndar sístan áhuga á skartgripagerð en þar af leiðandi skoraði ég á sjálfa mig að kynna mér gullsmíði betur eftir að hafa farið á kvöldnámskeið í skartgripagerð á mínum yngri árum. Leiðin lá því í gullsmíðanám til Svíþjóðar og þá varð ekki aftur snúið – þetta var mín framtíð. Nú hefur svo draumurinn sem vaknaði á námsárunum, um að vera með mitt eigið fyrirtæki undir mínu nafni orðið að veruleika, fyrirtækið er mér sem barnið mitt sem ég nýt að fylgjast með vaxa og dafna á hverjum degi.

**Hvað veitir þér innblástur þegar þú ert að hanna?** Ég fæ minn helsta innblástur úr umhverfinu og náttúrunni en hvort tveggja spilar mjög stórt hlutverk í minni hönnun. Einnig hafa fallegar byggingar og hin ýmsu form sem verða á vegi mínum áhrif á mig. Svo skiptir það mig miklu máli að fylgja tískunni í hönnun skartgripa.

**Hvaða hráefni notarðu?** Aðalhráefnið sem ég nota er sterling silfur 925, með hvítagullshúð og zirkonsteinum. Einnig er ég alveg heilluð af resin sem ég nota i Isola Collection með Swarowski-steinum. Nú er það leðrið sem er mín áskorun og er það ferlega skemmtilegt hráefni.

**Lendirðu aldrei í hugmyndaskorti?** Nei, ekki enn sem komið er og ég vona að ég lendi ekki í því. Ég er full af hugmyndum sem ég næ ekki að koma i verk vegna anna.

**Hvar fást skartgripirnir þínir?** Skartgripirnir eru seldir í um fjögur hundruð verslunum víðs vegar í Skandinavíu, á netinu og hjá hinum ýmsu flugfélögum sem og skemmtiferðaskipum og nú á næstu dögum bætast við nokkrar verslanir í Póllandi. Næsti markaður sem við erum að einbeita okkur að er svo Þýskaland, sem er bæði stór og spennandi markaður.

**Hannar þú sérstaklega fyrir Ísland?** Já, ég geri það. Ísland er mjög sérstakt í mínum huga, þar af leiðandi höfum við gert sérstakar skartgripalínur eingöngu fyrir Ísland, svo hef ég tekið mest seldu skartgripina þar og sett þá í sölu á hinum mörkuðunum. Ísland er í mínum huga oft prufa – ef íslenskar konur falla fyrir skartinu, gengur þetta yfirleitt mjög vel i hinum löndunum. SJJ gerir línur fyrir Blue lagoon, Flóra Island og skartgripaverslanir Leonard.

**Er gott að búa í Danmörku?** Danmörk er eins og önnur lönd, og hefur sína kosti og galla. Mér líður voða vel hér í Kaupmannahöfn. Þetta er stór en samt mjög lítil borg. Mér leið strax eins og ég hefði alltaf átt heima hér. Ég er orðin frekar dönsk á mörgum sviðum, enda búin að hafa aðsetur hér í næstum tólf ár og svo er ég í sambúð með Dana. En það er alltaf stutt í Íslendinginn í mér.

**Hvernig gengur að vinna með Dönum?** Mér finnst mjög gott að vinna með Dönum. Þeir eru mjög nákvæmir í starfi og ég hef mjög gaman af þeim. Ég hef þó frá byrjun haft íslenska stúlku mér við hægri hönd, sem er alveg ómetanlegt.

**Saknarðu Íslands?** Ísland er sérstakt land og það er ekki annað hægt en að sakna þess. Náttúran er svo stórbrotin, fjöllin svo falleg og orkan sem maður fær við að koma til Íslands er með eindæmum. Svo er það auðvitað fjölskyldan og vinirnir sem ég sé allt of lítið af vegna anna.

**Hvað er fram undan?** Það er mjög margt spennnandi fram undan hjá SJJ, kynningar á nýjum skartgripalínum fyrir vor/sumar 2012 og mörg ferðalög. Á næstu vikum er til dæmis á dagskrá að heimsækja Noreg, Pólland, Þýskaland og Ítalíu. Það er aldrei lognmolla hér hjá okkur og enginn dagur eins.



**”Ísland er í mínum huga oft prufa – ef íslenskar konur falla fyrir skartinu, gengur þetta yfirleitt mjög vel í hinum löndunum.**






UPPLIFIÐ · LÆRIÐ OG LIFIÐ

BLUE DRAGON



SUSHI · NÁMSKEIÐ

LÆRÐU AÐ GERA ÞITT EIGIÐ SUSHI
HJÁ EINUM BESTA SUSHIKOKKI LANDSINS

Þú lærir að velja og meðhöndla hráefni, búa til makirúllur og listina við fallega nigiribita. Að lokum færð þú að njóta á staðnum og taka eigið sushi með heim. Allir þátttakendur fá sushi-byrjendapakka og geisladisk frá Blue Dragon.

**Námskeiðið er ein kvöldstund og verður haldið valda þriðjudaga og miðvikudaga fram á vor.**
**Fyrsta námskeiðið hefst þriðjudaginn 31. janúar.**

**Hvar:** Sjálandsskóla Garðabæ og Víkinni Grandagarði.

Athugið mörg stéttarfélög niðurgreiða námskeið til félagsmanna.

SKRÁÐU ÞIG Á WWW.KLIFID.IS
SÍMI: 858 1543 · 696 6808 · KLIFID@KLIFID.IS

KLIFIÐ
SKAPANDI FRÆÐSLUSETUR

AUGLÝSING: METRÓ KYNNIR

# KÓSÝ Á METRÓ

**Metro hefur fengið andlitslyftingu sem viðskiptavinir kunna að meta en nú er hægt að njóta matarins í fallegu umhverfi við ljúfa tóna og kertaljós.**

**Nýja útlitið slær í gegn.** Búið er að skipta um allar innréttingar á veitingastöðum Metro. Auður Skúladóttir skreytingahönnuður var Metro innan handar við breytingarnar. Í dag eru veitingastaðirnir rómaðir fyrir notalegheit og kósý umhverfi. Ný húsgögn, kalkmálning Auðar, kertaarinn og ljúfir tónar gera það að verkum að rétt stemning ræður ríkjum.



## EINKAÞJÁLFARAR OG ÍÞRÓTTAFÓLK MÆLA MEÐ GRÆNU LÍNUNNI



Fríða Rún Þórðardóttir næringarfræðingur

**Græna línan – fáar kaloríur – höfðar til fleiri en þig grunar.**

Einkaþjálfarar og íþróttafólk mæla með réttum af Grænu línunni. Upplýstir neytendur vilja fá aðgengilegar upplýsingar um innihald og hitaeiningafjölda og það fæst allt hjá Metro. Samkvæmt næringarfræðingnum Fríðu Rún Þórðardóttur, sem reiknaði næringartöfluna hjá Metro, er meðalorkuþörf fullorðinna einstaklinga 2.000-2.700 hitaeiningar á dag. Fríða aðstoðaði þátttakendur í Metroform við að gera breytingar á mataræðinu. Viðtal við hana er að finna á Visi.is.



**Dæmi um hitaeiningafjölda í máltíðum:**
Caesar-salat og miðstærð af sódavatni: aðeins 340 kcal
Heimsborgari, ferskt salat og miðstærð af Cola light 554 kcal.
Má bjóða þér máltíð á innan við 300 kcal?

› Sjá nánar á visir.is/lifid



FYRIR



EFTIR

### Vann milljón í Metroformi

**Svanhildur Þorgeirsdóttir** vann milljón í Metroformi. Hún hefur haldið áfram á beinu brautinni og hefur misst 23 kíló í dag. Hún borðar reglulega af Grænu línunni á Metro. Viðtal við hana er að finna á Vísi.is.




### Klink tilboð

**Þú færð enn þá mest fyrir klinkið á Metro.**

### Hard Rock dagar á Metro

Ekki missa af Hard Rock-veislunni á Metro sem mun enda í lok febrúar. Hver man ekki eftir grísasamloku, BBQ beikonborgara, beinlausum kjúklingavængjum og volgri Brownie með ís og heitri súkkulaðisósu.

**Betr´á Metro.**

metro



# Lífið

LÍFIÐ Á FACEBOOK

### GUÐRÚN G. BERGMANN



Dró svo skemmtilega staðfestingu fyrir daginn: Ég opna HJARTA mitt fyrir allsnægtum alheimsins …

### SELMA BJÖRNSDÓTTIR



Er með snjóeitrun. Hjálp!

### EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR



Ég öðlast með reglulegu millibili trú á mannkynið. Ég skrapp í Hagkaup í Garðabæ áðan og á leiðinni út í bíl braust ég í jöklagallanum með túndru-trefilinn í gegn um skaflana, með tvo poka – þá hrópaði ungur maður: „Má ég hjálpa þér með pokana?" Mér hlýnaði um hjartarætur. Okkur hefur kannski tekist sæmilega upp í einhverjum tilfellum við uppeldi unga fólksins okkar?

### ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR



Leið eins og ég væri komin til himna þegar ég vaknaði snjór snjór snjór.

### ERLA HLYNSDÓTTIR



Fór í kraftgöngu í snjókomunni, íklædd sokkabuxum og pilsi. Jájá, svo notaði ég bara hárþurrkuna á pilsið eins og eðlileg kona.

### ÞÓRUNN HÖGNA



Fermingarkortin farin í prent – búið að panta veitingar og köku. Þá er bara eftir að finna föt á pjakkinn!! Njótið dagsins …

### SIGRÍÐUR KLINGENBERG



......MITT LÍF......... Mín lífsins saga er litrík ferð úr hamingju og litum gerð og ævintýrið ég reipi á blað það er mitt að skrifa það..

### ELÍN ARNAR



Er komin með BÍLSKÚR! How coool is that! :) Þetta er montstatus dauðans!! Er komin með nóg af því að grafa Aygoinn minn út úr skafli á morgnana.



## ÁSTIN STAÐFEST Á AÐFANGADAG

Rithöfundurinn Mikael Torfason var ekkert að hika þegar hann fann ástina. Hann og leiklistarneminn Stefanía Ágústsdóttir ákváðu að láta pússa sig saman á aðfangadag hjá sýslumanni. Mikael stundar nám í ensku við Háskóla Íslands auk þess sem hann fæst við skriftir og stundar kickbox hjá Mjölni í öllum sínum frístundum. Stefanía er að læra leiklist við Listaháskóla Íslands og lék meðal annars í kvikmyndinni Borgríki.

## BARNALÁN

Tískuhjónin og hönnuðirnir Gunnar Hilmarsson og Kolbrún Petrea Gunnarsdóttir sem gjarnan eru kennd við verslunina GK takast heldur betur á við yndislegt verkefni um þessar mundir en þeim fæddist dóttir á dögunum. Fyrir eiga þau tvö stálpuð börn.







# Umm ... beikonbragð!

**Kartöflugratín með beikoni** er fljótlegt og auðvelt í matreiðslu. Þú rífur einfaldlega plastfilmuna af bakkanum, stráir osti yfir og það tekur aðeins 20 mínútur að hita kartöflugratínið í ofni. Auðveldara getur það ekki verið!

**Kartöflugratín - alltaf ljúffengt**

Þykkvabæjar

– íslensk gæði eftir þínum smekk!




# ÞÚ!

## ÞETTA SNÝST UM ÞIG OG FRAMTÍÐINA

**Nýttu þér fjölbreytt námskeið Opna háskólans í HR til að styrkja stöðu þína og stuðla að nýjum sóknarfærum. Hér má sjá brot af námsframboði vetrarins.**

## NÁMSBRAUTIR

**Markþjálfun *(Executive Coaching)***
Námið er unnið í samstarfi við sálfræðisvið viðskiptadeildar HR og CCU. Námið undirbýr nemendur fyrir alþjóðlega ACC / PCC vottun (Associate/Professional Certified Coach) og veitir nemendum traustan grunn til að starfa sjálfstætt sem markþjálfar.
*Hefst 10. febrúar*

**Rekstrarstjórnun *(Operations Management)***
Ætlað þeim sem vilja bæta árangur við stjórnun rekstrar, svo sem í verslun, heildsölu, smáiðnaði og framleiðslu. Stjórnun aðfangakeðjunnar, afkastageta, ferlahönnun, umbætur og árangursmælingar, mannauðsstjórnun, markaðsstarf, fjármál fyrirtækja o.m.fl.
*Hefst 10. september*

## NÁMSLÍNUR

**Verðbréfamiðlun III. hluti**
Nám til undirbúnings prófa í verðbréfamiðlun. Farið verður yfir lög og reglur um fjármagnsmarkað, markaðsviðskipti, verðbréf, fjárfestingarferli o.fl. Kennt í fjarnámi.
*Hefst 1. febrúar*

**Ábyrgð og árangur stjórnarmanna**
Námið er unnið í samstarfi við FME og er ítarleg kynning á lagalegum, fjárhagslegum og siðfræðilegum þáttum sem ætlað er að efla faglegan grunn og ábyrgð stjórnarmanna.
*Hefst 8. febrúar*

**Almennir bókarar**
Hagnýtt nám samhliða vinnu. Miðar að því að auka færni þátttakenda í bókfærslu þar sem áhersla er lögð á bókhald í rekstri fyrirtækja.
*Hefst 6. mars*

**Lífsviðhorf – Lífsstíll – Lífsgæði *(Wellbeing)***
Vegna mikillar eftirspurnar hefur verið bætt við nýju námskeiði. Árangursmiðað nám fyrir þá sem vilja efla persónulega færni og viðhorf, m.a. á sviði fjármála, heilsu, samfélagsábyrgðar og árangurs í samskiptum.
*Hefst 8. mars*

## NÁMSKEIÐ

**Gæðastjórnun**
Farið verður yfir kröfur ISO 9001:2008 staðalsins sem felur m.a. í sér gæðahringinn, verkferla, flæðirit, gæðaeftirlit, þ.m.t. innri og ytri úttektir, mikilvægi þáttöku allra starfsmanna og innleiðingu gæðahugsunar.
*31. janúar*

**Fjármál – skilningur, greiningar og fjárfestingar**
Farið er yfir útreikninga og skilgreiningar á arðsemi fjármagns og fjárflæðis, verðmati fyrirtækja og notkun upplýsinga úr ársreikningum fyrirtækja.
*1. febrúar*

**Excel námskeið**
Hagnýtt námskeið fyrir þá sem vilja bæta þekkingu sína og færni í notkun Excel. Í boði fyrir byrjendur og lengra komna.
*6. febrúar*

**Tímastjórnun**
Farið er yfir ráð sem hjálpa til við að veita mikilvægustu verkefnum á hverjum tíma athygli okkar, orku og forgang og ljúka þeim á þeim tíma sem við höfum til umráða.
*8. febrúar*

**Spoken English for business and culture**
Aimed at those who wish to practice their English speaking skills and build on their confidence in using English for business and travel purposes.
*23. febrúar*

**Innri endurskoðun á tímamótum**
Farið yfir gæði, þróun og uppbyggingu innri endurskoðunar og fjallað um ávinning starfseminnar.
*14. febrúar*

**Outlook 2010 tölvupóstforrit**
Hagnýtt námskeið ætlað bæði byrjendum og þeim sem vilja kynna sér breytingar frá fyrri útgáfum. Kynntar verða leiðir til þess að spara tíma og einfalda vinnu.
*22. febrúar*

**Samningatækni - framhaldsnámskeið**
Þátttakendur fá hagnýta þjálfun í samningatækni sem höfða til þeirra áskoranna sem samningamenn standa frammi fyrir. Í boði bæði fyrir byrjendur og lengra komna.
*28. febrúar*

**Listin að leiðbeina: Þjálfun þjálfara**
Gagnleg kennslufræðinámskeið fyrir þá sem vinna að þjálfun starfsmanna og starfsþróun.
*5. mars*

**Gerð viðskiptaáætlana og uppbygging rekstrar**
Veitir innsýn í gerð viðskiptaáætlana og rekstrarform fyrirtækja í tengslum við viðskiptahugmynd, ásamt því að kynna ýmis atriði sem huga þarf að við stofnun nýrra fyrirtækja.
*5. mars*

**Greining ársreikninga**
Hagnýtt námskeið fyrir þá sem vilja dýpka skilning sinn á greiningu ársreikninga.
*6. mars*

**Samræðulist**
Námskeiðið miðar markvisst að því að auka færni þátttakenda í að beita sér á fundum, í ræðu og á riti, með sérstakri áherslu á stjórnun og leiðtogahæfni.
*6. mars*

**Skattskil**
Bæði í boði fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Farið yfir það helsta sem hafa þarf í huga við gerð skattframtals.
*19. mars*

**Fjármálakreppur fyrr og nú**
Fyrir alla þá sem vilja byggja upp þekkingu á þessu sviði eða starfa og taka ákvarðanir er haft geta áhrif á efnahagslegan og fjárhagslegan stöðugleika þjóðarinnar.
*20. mars*

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Sjá heildarframboð á
**www.opnihaskolinn.is**
eða hafðu samband við okkur í síma 599 6300

# Námið veitir forskot á alþjóðlegum vettvangi

**Meistaranám í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði við HR opnar nemendum ýmsar dyr, að mati Herwigs Lejsek. Hann er á meðal þeirra fyrstu sem útskrifuðust úr náminu og segir það hafa komið að góðum notum í atvinnulífinu.**

Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík býður upp á tveggja ára (120 ECTS-eininga) framhaldsnám til MSc-gráðu í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði. Herwig Lejsek var í hópi þeirra sem skráðu sig í meistaranámið við skólann þegar það bauðst í fyrsta sinn 2003 og útskrifaðist tveimur árum síðar. Hann segist hafa góða reynslu af því.

„Ég kom hingað sem skiptinemi frá háskólanum í Vín í Austurríki eftir að hafa velt vandlega fyrir mér framhaldsnámi í öðru landi. Háskólinn í Reykjavík á Íslandi var einn fárra samstarfsháskóla hans ásamt því að kenna á ensku en góð kynni mín af íslenskum skiptinemum í Vín urðu þó til þess að hann varð loks fyrir valinu,“ rifjar Herwig upp og segir það hafa verið mikil viðbrigði fyrir sig að hefja nám við íslenskan háskóla. „HR var mjög lítill í samanburði við háskólann í Vínarborg. Áður hafði ég setið námskeið með allt að 2.000 nemendum en í HR voru þeir í mesta lagi 30 talsins og þar af leiðandi fékk ég miklu meiri athygli sem var auðvitað alveg frábært.“

Fleira var ólíkt að mati Herwigs en mestu munaði þó um námið sem kom honum skemmtilega á óvart. „Í Austurríki var meiri áhersla lögð á stærðfræði og eftir á að hyggja má segja að þar hafi ég lagt stund á tölvunarverkfræði. Við HR fékk ég að forrita miklu meira og stunda rannsóknarvinnu sem ekki er öllum aðgengileg innan þess valdapíramída sem þrífst úti. Námið hér var því hagnýtara.“



Ársæll Þór Jóhannsson, Herwig Lejsek og Friðrik Heiðar Ásmundsson, hjá Videntifier Technologies, en þeir hafa allir þrír lokið meistaranámi í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík. MYND/STEFÁN

Herwig bætir við að meistaranám í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði við HR hafi auk þess verið góður grundvöllur fyrir frumkvöðlastarf. Námið feli í sér tækifæri til að fá nýjar hugmyndir og þróa yfir í hátæknilausnir sem veiti forskot á alþjóðlegum vettvangi. Það þekkir hann af eigin raun.

„Þegar ég var í meistaranáminu þróuðum við Friðrik Heiðar Ásmundsson, samnemandi minn, sjálfvirka leitarvél sem getur borið kennsl á mynd- og vídeóefni á tölvum og aðstoðað við að uppræta ólöglegt efni. Þannig varð til hugmynd sem var loks lögð til grundvallar fyrirtæki sem við stofnuðum ásamt fleirum undir merkjum Videntifier Technologies í lok 2007. Síðan þá höfum við átt í samstarfi við fjölda aðila, íslenska og erlenda og þar á meðal lögregluna sem hefur nýtt útgáfu af hugbúnaðinum til að finna ólögmætt efni í tölvum sem hald hefur verið lagt á,“ segir Herwig um námið sem lagði þannig grunn að hagnýtri vöru og skapaði þeim félögum einstakt atvinnutækifæri með alþjóðleg tengsl.

Þannig að námið hefur nýst þér og ykkur vel? „Klárlega, það opnar ýmsar dyr,“ segir Herwig, sem hefur nú hafið doktorsnám við HR.

## EYKUR SAMKEPPNISHÆFNI

**Yngvi Björnsson** er dósent í tölvunarfræði og forstöðumaður Gervigreindarsetursins við Háskólann í Reykjavík. Hann segir meistaragráðu í tölvunarfræði vera nemendum til framdráttar. „Tölvunarfræði er alþjóðlegt nám sem nýtist fólki í atvinnuleit um allan heim. Erlendis er hefð fyrir að fólk bæti við meistaranáminu og þess vegna ætti fólk að íhuga þennan kost til að vera samkeppnishæfara. Hérlendis hefur hins vegar verið algengara að fólk fresti meistaranámi vegna mikillar eftirspurnar eftir tölvunarfræðingum með grunnmenntun. Með hliðsjón af umbrotum sem eru að eiga sér stað í frumkvöðla- og sprotamálum um þessar mundir skiptir hins vegar máli að vera tæknilega frambærilegur og það geta menn orðið með meistaragráðu að vopni.“ Þá segir Yngvi hugbúnaðarverkfræði auka færni nemenda í gerð stórra og áreiðanlegra hugbúnaðarkerfa. „Það á bæði við um verkefnastjórnun og hvernig maður villuleitar búnað, með það fyrir augum að búa til öruggari tölvukerfi. Það er eitthvað sem við Íslendingar þurfum að læra aðeins betur. Öll fyrirtæki, stór og smá, hefðu gagn af því að starfsmenn þeirra væru betur lærðir í þessum fræðum.“



Yngvi Björnsson.





„EF ÞÚ VILT SJÁ HEIMINN BREYTAST, VERÐUR ÞÚ AÐ VERA FYRIRMYND BREYTINGANNA.“

*Mahatma Gandhi*

**MSC Í ALÞJÓÐAVIÐSKIPTUM**

- Námið er 120 ECTS einingar og lýkur með MSc gráðu
- Kennararnir eru þekktir á sínum fræðasviðum og virtir á alþjóðlegum vettvangi
- Nemendum gefst kostur á skiptinámi við háskóla víða um heim
- Kennsla fer fram á ensku

Kynntu þér námið á www.en.ru.is/ib

**ORGANISATIONAL BEHAVIOUR AND TALENT MANAGEMENT**

- Námið er 90 ECTS einingar
- Hægt er að bæta við 30 ECTS eininga rannsóknarverkefni og ljúka þar með MSc gráðu
- Hentar þeim sem vilja stunda nám með vinnu
- Kennsla fer fram á ensku

Kynntu þér námið á www.en.ru.is/obtm

OPNUM FYRIR UMSÓKNIR 15. FEBRÚAR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

# Virkjað án þess að ganga á birgðirnar

**Til að stuðla að fræðslu um sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda reka Orkuveita Reykjavíkur og Háskólinn í Reykjavík þverfaglegt meistaranám, sem í daglegu tali kallast REYST.**

Í grunnnámi mínu í líffræði kynntist ég umhverfis- og vistfræði og fékk áhuga á orkumálum, sérstaklega sjálfbærri orku eins og vatnsafli, vindi og jarðhita – einhverju sem við getum nýtt okkur án þess að ganga á birgðirnar. Þá rakst ég á þessa námsbraut, sótti um og komst inn,“ segir Gunnar Pétur Hauksson sem er útskrifaður úr eins og hálfs árs meistaranámi í REYST. Hann kveðst hafa notið tímans þar.

„Þetta er yfirgripsmikið nám sem er sótt af fólki úr ýmsum áttum, bæði frá mörgum löndum og úr ólíkum greinum eins og viðskiptafræði, jarðfræði og verkfræði en ég var eini líffræðingurinn. Það var gaman að kynnast hópnum og síðan á ég vini í Taívan, Finnlandi og Eþíópíu,“ segir Gunnar Pétur sem telur flesta útlendingana hafa komið vegna áhuga á jarðhitanum sem okkur finnist sjálfsagður enda beint fyrir framan nefið á okkur.

Gunnar Pétur segir nemendahópinn hafa farið í nokkrar vettvangsferðir að skoða virkjanir og jarðhitasvæði. „Þau jarðhitasvæði sem ekki hafa verið virkjuð voru kynnt á hlutlausan hátt sem mögulegir orkugjafar en jafnframt gerð grein fyrir afleiðingum virkjunar þeirra á umhverfið.“



Gunnar Pétur Hauksson er búinn með meistaranám í sjálfbærum orkuvísindum og hefur nú stofnað fyrirtækið EVA Consulting. MYND/STEFÁN

Erlendu nemendurnir þekktu jarðhita frá sínum heimalöndum að sögn Gunnars Péturs en nýting hans var þeim framandi. „Jarðhitinn spilar ekki stóra rullu í orkuöflun þar – kannski eins og vindmyllurnar hjá okkur,“ útskýrir hann.

Nám í nýtingu sjálfbærrar orku skiptist í þrjú áherslusvið, viðskipti, verkfræði og jarðvísindi. „Ég fór bisnessleiðina og það reyndist hentugt fyrir mig því ég er nýbúinn að stofna fyrirtæki í kringum lokaverkefnið úr náminu í REYST. Það heitir EVA Consulting og veitir fyrirtækjum og einstaklingum sértæka ráðgjöf um hvort rafmagnsbílar henti þeim,“ segir Gunnar Pétur. „Ég fékk þarna grunnmenntun í viðskiptatengdum fögum eins og hagfræði og samningatækni.“

## *Stoltur af nemendum*

Reykjavik Energy Graduate School of Sustainable Systems (REYST) var settur á laggirnar árið 2008. HR, OR og ÍSOR (Íslenskar Orkurannsóknir) standa saman að rekstri REYST. Fyrsti nemendahópurinn hóf nám í ágúst 2008 og nú hefur 21 nemandi útskrifast með meistaragráðu. Þeir koma hvaðanæva að úr heiminum en helmingur þeirra er Íslendingar.

Það er mikil þörf á nýliðun í orkugeiranum almennt og þegar verið var að undirbúa REYST fundum við af viðræðum okkar við fólk í atvinnulífinu að það væri mikill áhugi á fólki sem hefði breiða sýn á orkumálin, til dæmis hefði innsýn bæði í hagfræðilega og tæknilega þætti orkunotkunar. Því var ákveðið að leggja áherslu á þverfagleika í REYST náminu. Við teljum það einn af styrkleikum námsleiðarinnar.

Enn sem komið er hefur einungis verið um meistaranám að ræða en í ár munum við byrja að gefa öðrum en þeim sem eru í meistaranáminu möguleika á að sækja valin námskeið. Síðan erum við með á prjónunum sérhæfð námskeið sem nýtast bæði fagfólki og nemendum.



Aðsóknin er góð. Við erum með metfjölda umsókna núna. Umsóknarfrestur er til 4. apríl þannig að við væntum þess að hafa bæði fjölmennan og góðan hóp í haust.

Við reynum að vera vandfýsin á nemendur því að verðmæti gráðunnar ræðst ekki bara af innihaldi námsins heldur líka af orðspori þeirra nemenda sem við útskrifum. Við höfum haft ástæðu til þess að vera stolt af útskriftarnemendum okkar.

Nemendur okkar hafa almennt átt gott með að fá starf á því sviði sem þeir vilja vera á. Einnig hafa þeir haldið í doktorsnám og stofnað sprotafyrirtæki.

*Ágúst Valfells dósent.*

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# MEISTARANÁM Í LÖGFRÆÐI

VIÐ LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

NÁMIÐ HENTAR EKKI AÐEINS ÞEIM EINSTAKLINGUM SEM LOKIÐ HAFA GRUNNNÁMI Í LÖGFRÆÐI HELDUR EINNIG ÞEIM SEM HAFA HÁSKÓLAPRÓF Í ÖÐRUM GREINUM.

- Rannsóknartengt 2ja ára meistaranám til ML-gráðu.
- Nemendur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaranáminu.
- Markmið námsins er að þjálfa og hvetja nemendur til greinandi og gagnrýninnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða.
- Einstaklingsbundin námsáætlun. Gefinn er kostur á að ljúka meistaranámi á alþjóðasviði.
- Helstu einkenni námsins eru mikið val um áherslur og námsleiðir og margvíslegir möguleikar á sérhæfingu innan lögfræði og samþættingu við aðrar greinar.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um meistaranámið í kennsluskrá á vef lagadeildar Háskólans í Reykjavík: www.lagadeild.is

DÆMI UM KJÖRGREINAR EÐA MÁLSTOFUR Í MEISTARANÁMI Í LÖGFRÆÐI

| ALÞJÓÐALÖG OG ALÞJÓÐAVIÐSKIPTI | KJÖRGREINAR Á SVIÐI EVRÓPURÉTTAR | DÓMSTÓLAR OG MÁLFLUTNINGUR | FJÁRMUNARÉTTUR |
|---|---|---|---|
| Alþjóðadómstólar og friðsamlegar úrlausnir deilumála | European Law - Internal Market | Auðgunar- og efnahagsbrot | Alþjóðlegir og innlendir fjármögnunarsamningar |
| Alþjóðaviðskipti | European Law-Financial services | Fullnusturéttur | Hagnýtur samningaréttur |
| Alþjóðleg lausafjárkaup | European Law-State Aid and Competition | Gagnaöflun og málflutningur í einkamálum | Kaup á fyrirtækjum, samruni - áreiðanleikakannanir |
| Alþjóðlegur refsiréttur | EU Constitutional Law | Ofbeldis- og fíkniefnabrot | Kauparéttur |
| Alþjóðlegur skattaréttur I og II | Evrópskur félagaréttur | Sókn og vörn í sakamálum | Málstofa í bótarétti |
| Málstofa um alþjóðlega mannréttindavernd | International and European Energy Law | Skuldaskilaréttur | Sjó- og flutningaréttur |
| Málstofa um hugverkaréttindi í alþjóðlegum viðskiptum og samninga þeim tengdum | Málstofa um evrópskan samningarétt | Úrlausn ágreiningsmála | Verktaka og útboðsréttur |

# Geta skapað nýjan veruleika

**Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík býður verkfræðinám í fimm greinum og tæknifræðinám í fjórum greinum. Lögð er áhersla á að veita nemendum sterka fræðilega undirstöðu í bland við sérhæfða fagþekkingu.**

Verkfræði og tæknifræði eru mjög skapandi sérfræðigreinar. Þær byggja á því að hagnýta þekkingu á náttúrulögmálunum. Nemendur í tæknigreinum tileinka sér staðgóðan grunn í raunvísindum, öðlast þekkingu á því hvernig heimurinn virkar og nýta sér það svo til að búa til eitthvað nýtt,“ segir Guðrún Sævarsdóttir, deildarforseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík. Hún segir fólk oft hafa takmarkaða mynd af því hvað tæknigreinar bjóði upp á, margir sjái verkfræðinga fyrir sér í köflóttri skyrtu að teikna brýr. „Það er þó aðeins hluti tæknifólks sem gerir það, margir eru í rekstri eða vinna að tækniþróun, búa til tæknilegar lausnir og tæki sem við notum í umhverfi okkar og gera okkur lífið auðveldara,“ áréttar hún. Guðrún vitnar í Theodore von Kármán: „Raunvísindamaðurinn leitast við að skilja heiminn eins og hann er á meðan verkfræðingurinn skapar nýjan veruleika.“

## Margar greinar í boði

Á Íslandi er nær helmingur starfandi verkfræðinga byggingaverkfræðingar. Guðrún segir það skýrast af því að uppbygging á Íslandi hafi verið mikil og hröð undanfarna áratugi. „Í samfélögum með þróaðra atvinnulíf er hlutfallið annað og mun meira af verkfræðingum af öðru tagi,“ segir hún og nefnir sem dæmi rafmagns-, vélahátækni- og heilbrigðisverkfræði. „Þessir hópar verða mun meira áberandi innan verkfræðistéttarinnar á næstu árum,“ spáir hún. „Einnig eru mörg tækifæri fyrir rekstrarverkfræðinga og fjármálaverkfræðinga, en þeir eru sérhæfðir í greiningu og skipulagningu flókinna kerfa.“

Greinilegur vöxtur hefur verið í ásókn nemenda í vél- og orkutæknifræði og rafmagnstæknifræði, enda mörg starfstækifæri. Námsbraut í iðnaðartæknifræði var endurreist við deildina að frumkvæði aðila atvinnulífsins og hefur farið vel af stað, og reikna má með að aðsókn að byggingatæknifræði fari brátt að taka við sér, en hún minnkaði töluvert í kjölfar hrunsins.“

Við Háskólann í Reykjavík eru kenndar fimm greinar í verkfræði og fjórar í tæknifræði og er aðsóknin mjög góð. „Það er mikil eftirspurn eftir öllu tæknimenntuðu fólki á Íslandi,“ segir Guðrún og telur ekki aðeins faglegu menntunina skila sér. „Eitt það verðmætasta sem nemendur fá úr náminu eru vinnubrögð. Hér læra þeir kerfisbundin og góð vinnubrögð sem skila árangri í hvaða viðfangsefni sem þeim er beitt og nýtast hvar sem er á vinnumarkaðnum,“ segir hún og bætir við að fólk með tæknibakgrunn skapi sér einnig sín eigin störf. „Þetta er nýsköpunarmenntun og í raun grundvöllur þess að samfélagið geti búið til ný tækifæri, störf og vörur án þess að þau tengist sérstökum náttúruauðlindum.“



Nemendur öðlast þekkingu á því hvernig heimurinn virkar og nýta sér það svo til að búa til eitthvað nýtt,“ segir Guðrún. MYND/STEFÁN

## Frá hugmynd til framkvæmdar

Háskólinn í Reykjavík hefur nýlega gengið í CDIO sem eru alþjóðleg samtök háskóla sem kenna tæknigreinar. Skammstöfunin stendur fyrir Conceive – Design – Implement – Operate sem útleggst á íslensku: Frá hugmynd og hönnun yfir í framkvæmd og rekstur. „Þetta er hugmyndafræði sem við höfum fylgt undanfarin ár. Hún gengur út á að fagleg undirstöðuþekking sé best kennd í verkfræðilegu eða tæknifræðilegu samhengi. Við veitum þannig nemendum tækifæri til að prófa fræðin á hagnýt viðfangsefni þannig að þeir geti rekið sig á og gert mistök innan veggja skólans og komi því betur undirbúnir í störf úti í atvinnulífinu,“ útskýrir Guðrún.

CDIO-samtökin fóru af stað upp úr aldamótunum síðustu en þau voru stofnuð af háskólunum MIT, Chalmers, KTH og Lingköping. „Þar höfðu menn lent í því að bakhjarlar skólanna úr atvinnulífinu kvörtuðu undan nýútskrifuðum verkfræðingum, að þótt þeir kynnu fræðin frá bóklegu hliðinni þá skorti hagnýta færni,“ segir Guðrún en samtökin vaxa ört og í dag eru 72 skólar í CDIO.

Hluti af hugmyndafræði CDIO gengur einnig út á að þjálfa aðra eiginleika en þá fagtengdu. „Mannlegir þættir eru mikilvægir þegar komið er út í atvinnulífið. Því fá nemendur tækifæri til að vinna í hópum og þjálfa þannig samskiptahæfni,“ segir Guðrún og áréttar að margir verk- og tæknifræðingar endi síðar í stjórnunarstörfum og því séu mannlegu eiginleikarnir mjög mikilvægir.





ALÞJÓÐLEGA VIÐURKENNT MBA-NÁM Í HJARTA REYKJAVÍKUR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK ER FYRSTI ÍSLENSKI SKÓLINN TIL AÐ HLJÓTA ALÞJÓÐLEGA VIÐURKENNINGU Á VIÐSKIPTANÁMI

Háskólinn í Reykjavík er í hópi **186 háskóla** sem hlýtur **AMBA** viðurkenninguna, en meðal annarra sem hafa fengið hana eru **IESE** í Barcelona, **CBS** í Danmörku, **IMD** í Sviss, **London Business School** og **Oxford háskóli**.

**Hvað er AMBA?**
AMBA viðurkenninguna veita samtökin Association of MBA‘s (AMBA), ein virtustu samtök sinnar tegundar í heiminum.
www.mbaworld.com

**Kynntu þér námið á www.ru.is/mba**
Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2012 er til 2. júní 2012

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

Association of MBAs



Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason veita MPM-náminu forstöðu. MYND/ANTON

# Mikilvæg tenging við atvinnulífið í HR

MPM-nám er hagnýtt stjórnendanám sem hentar þeim sem vilja stýra flóknum og krefjandi verkefnum. MPM stendur fyrir Master of Project Management og hljóta nemendur alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun. Námið hófst í Háskóla Íslands árið 2005 en flutti til Háskólans í Reykjavík í sumar. „Námið er það sama en aðstaðan er betri og við teljum námið eiga betur heima í HR þar sem skólinn er í góðum tengslum við íslenskt atvinnulíf og stuðlar að þróun þess með ýmsum hætti," segir Haukur Ingi Jónasson sem veitir náminu forstöðu ásamt Helga Þór Ingasyni. Haukur segir nemendur meðal annars öðlast færni sem ætti að koma að góðu gagni þegar kemur að því að skapa blómlegt atvinnulíf. „MPM-námið ætti að vera sérstaklega gagnlegt nú þegar við stöndum frammi fyrir mikilli uppbyggingu í íslensku atvinnulífi. Í náminu er lögð áhersla á vönduð vinnubrögð, góða stjórnunarhætti og samfélagslega ábyrgð en allt eru þetta eftirsóknarverðir þættir."

Haukur Ingi segir verkefnin sem fólk vinnur að af ýmsum toga. „Þau eiga það þó sameiginlegt að hafa upphaf, miðju og endi og það þarf að leiða þau til lykta. Það eru oft miklir hagsmunir í húfi og því nauðsyn að tryggja framvinduna og sjá til þess að hlutirnir séu gerðir þannig að tilætlaður árangur náist." Haukur segir að ekki þurfi að einskorða aðferðirnar við einstök verkefni heldur séu aðferðir verkefnastjórnunar í auknum mæli notaðar til að stýra heilu fyrirtækjunum og er verkefnastjórnun til að mynda mikið notuð innan Evrópusambandsins. „Sömu aðferðir mætti að okkar mati í auknum mæli nota markvisst í íslensku atvinnulífi og í íslensku stjórnkerfi."

Haukur Ingi og Helgi Þór hafa gefið út fjórar bækur sem kallast á við námið og eru notaðar sem ítarefni. „MPM-námið byggir talsvert á efni erlendra fyrirlesara sem kenna í náminu og viljum við gjarnan gera meira af því." Þeir félagar eru sömuleiðis að gefa út bók hjá bókaútgáfunni Gower í Bretlandi sem heitir Project Ethics: The Critical Path to Development og verður hún kennsluefni í náminu framvegis.

Haukur Ingi segir MPM-námið framarlega þegar kemur að nýjungum og framþróun í faginu og eru þeir því oft fengnir til að kynna hugmyndir sínar víða um heim. Næsti viðkomustaður verður Alþjóðasamtök verkefnastjórnunarfélaga (IPMA) MbK / HÞI. Gerð hefur verið gæðaúttekt á náminu og kom það mjög vel út. „Þróunarvinnan heldur stöðugt áfram og við erum um þessar mundir að gera úttekt á því hvernig námið skilar sér út í atvinnulífið. Niðurstöðurnar komum við til með að nýta við áframhaldandi þróun námsins."



Hrefna fór í MPM-nám í stað þess að sérhæfa sig í líffræði sem hún tók til BS prófs. MYND/GVA

# Námið opnaði atvinnumöguleikana

**Hrefna Haraldsdóttir hópstjóri hjá Actavis fór í MPM-nám til að auka atvinnumöguleika sína.**

Hrefna Haraldsdóttir starfar sem hópstjóri í skráningardeild hjá Actavis. Hún lauk MPM námi árið 2009 og segir það hafa aukið atvinnumöguleika sína svo um munar. „Ég er með BS í líffræði og starfaði á rannsóknarstofu áður en ég fór í námið. Mig langaði í frekara nám en vildi opna starfsmöguleikana í stað þess að sérhæfa mig frekar í líffræðinni. Ég rak augun í þetta nám og ákvað að slá til."

Hrefna segir námið hafa víkkað sjóndeildarhring sinn en fyrir var hún að eigin sögn föst í boxi raunvísindanna. „Hluti námsins er fræðilegur en stór hluti snýst um mannleg samskipti sem skiptir ekki síður máli enda erfitt að koma nokkru verkefni í framkvæmd án færni á því sviði." Hrefna segir námið vel skipulagt og fyrirlesarana frábæra. „Samnemendurnir voru ekki síðri. Þarna var mikið af hæfu og góðu fólki úr ólíkum atvinnugeirum sem margir voru með áratuga reynslu. Ég fór í þetta frekar ung og lærði ekki síður mikið af þeim."

Hrefna skilaði lokaverkefni í formi tímaritsgreinar. Greinin ber yfirskriftina Community referrals – Opportunities for improvements og var birt í Journal of Generic Medicine. „Efnistökin eru nokkuð sérhæfð og tengjast núverandi starfi hjá Actavis en það var vissulega gaman að fá hana birta."



Lokaverkefni Hildar fjallaði um siðferðilegar hliðar á verkefnastjórnun og birtist í International Journal of Project Management.

# Nýtist vel í starfi

**MPM nám, sem Hildur Helgadóttir, innlagnastjóri á Landspítalanum, lauk árið 2007, hefur hjálpað henni að ná árangri í starfi sem og einkalífi.**

Hildur Helgadóttir, innlagnastjóri á Landspítalanum var í fyrsta hópnum sem útskrifaðist úr MPM náminu. Hún segir námið hafa nýst sér afar vel í vinnu jafnt sem einkalífi. „Ég er hjúkrunarfræðingur og starfaði áður sem hjúkrunarforstjóri í Keflavík. Mér fannst námið hljóma spennandi en á þessum tíma var ekki hefð fyrir því að nota aðferðir verkefnastjórnunar í heilbrigðiskerfinu. Við vorum tveir hjúkrunarfræðingar í þessum hópi og fórum báðar að vinna á Landspítalanum í framhaldinu. Nú held ég að við séum fimm til sex á spítalanum sem höfum lokið þessu námi," segir Hildur.

Hún lauk náminu haustið 2007 og tók í framhaldinu við sem innlagnastjóri á Landspítalanum. „Þar datt ég inn í risastórt verkefni sem var nýbúið að ýta úr vör. Það heitir skilvirkt flæði sjúklinga og snýst í stuttu máli um ferðalag sjúklinga í gegnum spítalann. Það var frábært fólk þarna fyrir og við nýttum aðferðir verkefnastjórnar við að stýra því. Við náðum fínum árangri, styttum meðallegutíma, breyttum tugum rúma úr sólarhringsrúmum í dagrúm og náðum að hagræða heilmikið án þess að skerða þjónustuna."

Hildur segir námið ekki síður hafa nýst sér í einkalífi við að skipuleggja stóra sem smáa viðburði. „Námið snýst fyrst og fremst um það hvernig best er að skipuleggja sig þegar leysa þarf ákveðin verkefni. Þau hafa upphaf og endi og gengur þetta út á að ná sem bestum árangri, standast tímasetningar og fjárhagsáætlanir, ná markmiðum sínum og gera það vel." Hildur segir endapunktinn þurfa að liggja fyrir en margir flaska á því. „Það eru allt of margir sem fara af stað með spennandi verkefni sem gufa svo upp í miðju kafi. Verkefnastjórnun er ekki lögverndað starfsheiti, það er notað yfir allt mögulegt og ekki endilega á rétt-an hátt."

Hildur segir fólk úr öllum geirum sækja námið. „Inngönguskilyrðið er háskólagráða og einhver starfsreynsla. Þarna var fólk úr bankageiranum, tæknigeiranum og heilbrigðis- og lyfjageiranum svo dæmi séu nefnd. Það er mikið lagt upp úr hópavinnu og fólk kynnist vel svo maður græðir heilmikið tengslanet í leiðinni," segir Hildur. Nemendur skila lokaverkefnum sínum í formi tímaritsgreinar og er Hildur ein þeirra sem hafa fengið grein sína birta í alþjóðlegu ritrýndu tímariti. „Verkefnið fjallar um siðferðilegar hliðar á verkefnastjórnun og birtist í International Journal of Project Management. Það hefur ekki verið skrifað mikið um þessi mál og þar sem verkefnastjórnun er tiltölulega ung fræðigrein er tekið vel á móti nýrri þekkingu."

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

# OPNAÐ HEFUR
## VERIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í BAKKALÁRNÁM
FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2012–2013

**Hönnunar- og arkitektúrdeild**
- Arkitektúr
- Fatahönnun
- Grafísk hönnun
- Vöruhönnun

**Leiklistar- og dansdeild**
- Fræði og framkvæmd
- Samtímadans

**Myndlistardeild**

**Tónlistardeild**
- Hljóðfæraleikur / söngur
- Kirkjutónlist
- Mennt og miðlun
- Tónsmíðar
- Diplomanám í hljóðfæraleik /söng

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 23. MARS 2012.**

Umsóknarfrestur um nám á meistarastigi verður auglýstur síðar.
**Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar eru á www. lhi.is**

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·







# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.



Allt sem þú þarft...


## 500-999 þús.



**Pajero Diesel!!!!!!**
MMC Pajero 2.8 diesel árgerð 1997 ekinn 315 þ km vínrauður sjálfskiptur, 7 manna, krókur, rafmagn í rúðum, mikið yfirfarinn, nýtt hedd ofl verð 449.000 stgr uppl.í síma 861-7600 möguleiki á 100% visa raðgreiðslum



Mazda 3 1,6l sj. árg. '04 Nýsk. Verð 700þús. sími 693 2991.



Grand Cherokee. Árg.'00. Ek. 90þús. Sumardekk m. krómfelgum fylgja. Verð 800þús. Frekari uppl. í s. 896 7730.

## 1-2 milljónir



**DIESEL Á TILBOÐI**
Peugeot 407 DIESEL árg. 9/2006 ek. 215 þ. km sjálfskiptur, 17" álfelgur, glertoppur, ný heilsársdekk, sko '13, nýtt hedd frá Bernhard. ek. 100 þús á sjálfssk. glæsilegur bíll í toppstandi verð 1.890.000- TILBOÐ 1.090,000 uppl. í s. 861-7600. Möguleiki á allt að 600þ. á visa rað.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar

Snjókeðjur 315/80-22,5 8mm. Þrenn pör undir vörubíl, eins og ný, til sölu. Sími 6901762 bjorn@skrauta.is

## Reiðhjól



54cm, Shimano Sora, S.A.V.E Anti Vibration System, Carbon gafall, aðeins 100km, keypt fyrir 180þús. Verð 120þús. S. 844 6562.

## Vinnuvélar



Snjóblásararnir komnir aftur. Vinnslubreidd 62 cm. 5 gírar áfram og 2 afturábak. Verð 199.500 kr. m. vsk. www.topplausnir.is Smiðjuveg 40, gul gata, s: 517 7718

## Vélsleðar

Eigum notaða og nýja sleða í miklu úrvali Útsalan á Scott fatnaði í fullum gangi. Upplýsingar á www.ellingsen.is Eða í síma 840-1757 & 820-1418.

## Bátar



Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alglugar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

BÁTAR OG SKIPASALAN BÚNAÐUR

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Bílaþjónusta



INNI VINNULYFTUR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. EINNIG STÆRRI LYFTUR TIL LEIGU Á FRÁBÆRU VERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Hjólbarðar




Procomt 33x12,50x17 dekk ekin um 10 þús með nöglum verð 80 þús uppl s. 8931760

## Varahlutir




**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

**GS Varahlutir**
**Sími 567-6744**
Bremsu- og stýrishlutir í flestar gerðir bíla. Pöntum á fimmtudögum, varan komin á mánudegi. Gott úrval af Gabríel dempurum á lager. Bíldshöfða 14, 110 Rvk.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Vantar þig bókara? Betri Bókarinn ehf. S. 857 3363.

## Málarar

Tek að mér alla alhliða málningarvinnu. Hörkuduglegur og sanngjarn í verði. Endilega hafið samband í síma 6607601 eða e-mail vidirv@simnet.is Víðir Víðisson

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Tölvur

omn!s tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald eht. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Tilboð þér að kostnaðarlausu
Upplýsingar í s: 820 8888
Smíðavinna - Pípulagnir - Raflagnir
Málningarvinna - Múrviðgerðir - Flísalagnir
Hellulagnir - Jarðvinna - Lóðavinna
VISA
VERKKRAFTUR
VERKTAKAR

Tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

## Nudd

Slökunar nnudd, Reykjavík 101, 857 0740.

## Spádómar

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 17.00.

**-Símaspá - Einkatímar**
Upplýsingar í síma 663 0813 & 554 3306. Elísabet.

Spái í spil og bolla. Les árur. Sími 863 2261 Jóna Jóns.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**Er hálka?**

**Við eyðum hálku**

**Íslenska Gámafélagið býður uppá hálkueyðingu, söndun og söltun á öllum stærðum og gerðum plana. Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**FRAMLENGJUM ÚTSÖLUNA**
10 -35 % afsláttur af öllum saltkristalsvörum til janúarloka. Verið velkomin. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið mán-fös 12-18, lau 12-15. Sími 517-8060. ditto.is

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 8687204 eða á www.myranaut.is

Ódýrt blek og tóner

Í alla prentara
Opið Skútuvogi 1
frá 9-18 virka daga

Prentvörur
Sími 553 4000

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**

**220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
*Pantana & upplýsingasími*
849 0698
www.bathmate.is

**TILBOÐ PUSH UP - STAKAR STÆRÐIR**



A, B, C, D skálar.
**Á AÐEINS 2.500 kr.**
Misty - fyrir allar konur
Misty Laugavegi 178, s: 551 3366
www.misty.is
Vertu vinur

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Atvinnuhúsnæði

Bílskúr til leigu í Móhellu Hafnarf. Leigverð 37.000 kr. á mán. Sími 898-9313.

Til leigu snyrtilegt 120fm iðnaðarhúsnæði við höfnina í Hafnarfirði, gott útisvæði, stór innkeyrsluhurð. Uppl. s. 893 9678

Til leigu 2 björt og snyrtileg skrifstofuherb. 29fm hvort á góðum stað í Hafnarfirði. Uppl. s. 893 9678

Til leigu rúml. 200fm gott iðnaðarhúsnæði, með 2 stórum innkeyrsluhurðum á góðum stað í Hafnarfirði. Uppl. s. 893 9678

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KAFFIHÚS Á HELLNUM Á SNÆFELLSNESI**

**PRIMUS KAFFI á Hellnum, sem rekið er í tengslum við Þjóðgarðsstofu Snæfellsjökulsþjóðgarðs, er til leigu. Góðir tekjumöguleikar fyrir duglegt fólk. Áhugasamir sendi erindi á ohs@mmedia.is eða gmb@bhs.is**



Viltu vinna lítið og hafa lítil laun eða vinna mikið og hafa mikil laun? Frjáls vinnutími. Uppl. 568 8977 & 773 6099

Óska eftir íslenskumælandi fólki í úthringistarf, Góðir tekjumöguleikar, uppl. í síma 775-9899 og baldvin@ tmi.is

**PÍPARAR ÓSKAST**
Vantar sveina eða meistara í pípulögnum. Uppl. s. 842 2001 & 842 2000.

**Hótelstarf**
Hótelstarf Hótel Smári óskar að ráða starfskrafta í þrif og umsjón morgnverðar. Hotel Smári wish to hire employees for cleaning and care of breakfast. hotel@hotelsmari.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Frá Lífspekifélaginu**

**Í kvöld, föstudaginn 27. janúar kl. 20:30** heldur **Hreinn Pálsson,** erindi um **barnaheimspeki og kennslu heimspeki í** skólum í húsi félagsins Ingólfsstræti 22.
**Laugardaginn 28. janúar kl. 14:00** er spjall og umræður um hugrækt í umsjá Birgis Bjarnasonar.
**14:30 er hugleiðing.**
**Kl. 15:00 er opið hús og kl. 15:30** ræðir **Jóhannes Ágústssonum,** fyrrv.rektor, um nytjastefnu **John Stuart Mills.**
**Á fimmtudögum** kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.lifspekifelagid.is**

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

## Atvinna

Selena

**-FRAMTÍÐARSTARF-**

Við leitum eftir metnaðarfullum einstaklingi með áhuga á tísku, sölumennsku og mannlegum samskiptum. Reynsla af sölustörfum æskileg.

Umsóknir berist fyrir 1. febrúar á netfangið selena@selena.is

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum í samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Lagning Dalsbrautar, frá aðkomuvegi að Lundarskóla að Miðhúsabraut, Akureyrarbæ**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011) og er kærufrestur til **28. febrúar 2012.**

**Skipulagsstofnun**

## Til sölu

### ÁHÖLD OG TÆKI TIL VEITINGAREKSTRAR

Öll áhöld og tæki til veitingarekstrar veitingastaðarins SQUARE, sem starfræktur var á efstu hæð Hafnarstræti 20, Reykjavík, eru til sölu. Lausafé þetta er eign þrotabús Lækur-Veitingar ehf.

Áhugasamir hafi samband við undirritaðan skiptastjóra þrotabúsins, sem veitir allar frekari upplýsingar, með netpósti á gudmund@mmedia.is. Upplýsingar verða ekki veittar í síma.

Guðmundur Kristjánsson hrl.
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði.

## Tilkynningar

FISKISTOFA

### Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2011/2012 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 1182, 21. desember 2011

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

**Grundarfjarðarbær (Grundarfjörður)**
**Borgarfjarðarhreppur (Borgarfjörður eystri)**
**Seyðisfjörður**
**Breiðdalshreppur (Breiðdalsvík)**
**Djúpavogshreppur (Djúpivogur)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.
**Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar 2012.**

Fiskistofa, 26. janúar 2012.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

### Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Ísleifsgata 2-34**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsás vegna lóðanna nr. 2-34 við Ísleifsgötu. Í breytingunni felst fjölgun og smækkun íbúða.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 27. janúar 2012 til og með 9. mars 2012**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www. skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 9. mars 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 27. janúar 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**WOLFGANG AMADEUS MOZART,** tónskáld, fæddist þennan dag árið 1756.

*„Ég kæri mig kollóttan um hrós fólks og svívirðingar. Ég fylgi einfaldlega tilfinningum mínum.“*

## Merkisatburðir

98 Trajanus verður keisari Rómar við lát Nerva.
1606 Réttarhöld yfir samsærismönnum í Púðursamsærinu á Englandi hefjast.
1880 Thomas Alva Edison sækir um einkaleyfi fyrir raflampa.
1888 National Geographic Society stofnað í Washington-borg.
1891 Verzlunarmannafélag Reykjavíkur stofnað.
1907 Bríet Bjarnhéðinsdóttir stofnar Kvenréttindafélag Íslands.
1940 Þjóðargrafreiturinn á Þingvöllum vígður við útför Einars Benediktssonar skálds.

**ÞETTA GERÐIST:** 27. JANÚAR 1984

## Michael Jackson slasast á höfði



Þennan dag árið 1984 hlaut tónlistarmaðurinn Michael Jackson, sem margir hafa kallað konung poppsins, 2. gráðu brunasár á höfði við upptökur á sjónvarpsauglýsingu fyrir gosdrykkinn Pepsi Cola.

Jackson og nokkur af systkinum hans héldu plat-tónleika frammi fyrir fullu húsi af fólki í tónleikahöllinni Shrine Auditorium í Los Angeles fyrir auglýsinguna. Starfsmenn sem sáu um flugeldasýningu gerðu mistök með þeim afleiðingum að það kviknaði í hári popparans, sem þurfti að gangast undir aðgerð vegna meiðsla á höfði. Stuttu síðar gekkst Jackson undir þriðju lýtaaðgerð sína á nefi.

Málið var útkljáð utan dómstóla og borgaði Pepsi tónlistarmanninum andvirði um 185 milljóna króna, sem runnu til Brotman-læknamiðstöðvarinnar í Kaliforníuríki. Í miðstöðinni er nú starfrækt sérstök brunadeild sem kennd er við Jackson.



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,*

**Erlingur Aðalsteinsson**
Þórunnarstræti 93,

varð bráðkvaddur 23. janúar sl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 30. janúar kl. 13.30.

**Lára María Ellingsen**
**Óttar Gautur Erlingsson** **Margrét Helgadóttir**
**Rakel María og Elisabeth Eiríka Óttarsdætur**
**Ólöf Hörn Erlingsdóttir** **Sigurður Hólm Sæmundsson**
**Tumi Snær, Katla Snædís og Auður Gná Sigurðarbörn**
**Margrét Aðalsteinsdóttir**
**Gylfi Aðalsteinsson** **Nanna K. Christiansen**

†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,*

**Georges Rolland**

andaðist í Fellering, Frakklandi, þann 17. janúar sl. Hans verður minnst í messunni í kvöld kl. 18.00 í dómkirkju Krists konungs í Landakoti.

**Solange Rolland – Théry**
**Séra Jakob Rolland**
**Gabriel Rolland** **Gladys Ramos Jacome**
**Christophe Rolland**
**Valérie Diémé** **Dominique Diémé**
**Veronica Correa**
**Jacques Diémé**
**Erik Diémé**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurgísla Sigurðssonar**
húsgagna- og innanhússarkitekt,
Gullsmára 9, Kópavogi.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Heimahjúkrunar Kópavogs fyrir góða umhyggju.

**Guðmundur Vikar Einarsson** **Guðrún Garðars**
**Hjördís Sigurgísladóttir** **Dennis Davíð Jóhannesson**
**Hilmar Sigurgíslason** **Ásgerður Atladóttir**
**Sjöfn Sigurgísladóttir** **Stefán Jökull Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**




**TIL Í SLAGINN** Karl Codard framkvæmdastjóri og Rannveig Sigurgeirsdóttir, starfsmaður Alliance française, bera hitann og þungann af vali mynda á frönsku kvikmyndahátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ HEFST Í DAG: TÓLFTA ÁRIÐ Í RÖÐ

# ÁHERSLA Á MYNDIR SEM LEIKSTÝRT ER AF KONUM

„Við reynum að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og velja myndir á breiðum skala sem höfða til sem flestra áhorfenda,“ segir Karl Codard, framkvæmdastjóri Alliance Française í Reykjavík sem í samvinnu við Sendiráð Frakklands á Íslandi og Græna ljósið stendur fyrir franskri kvikmyndahátíð sem hefst í dag. Hátíðin er nú haldin í tólfta sinn og stendur til 9. febrúar í Háskólabíói. Síðan verður haldið norður í land og myndirnar sýndar í Borgarbíói á Akureyri dagana 17. til 20. febrúar.

Í ár verða tíu myndir sýndar á hátíðinni, átta frá Frakklandi, ein frá Kanada og ein frá Tsjad í Afríku. „Það sem er sérstakt við hátíðina í ár er að við leggjum áherslu á myndir sem konur leikstýra,“ segir Karl. „Fjórar af þessum tíu myndum eru í leikstjórn kvenna. Ástæðan er sú að við gerðum okkur grein fyrir því að konur hafa blásið nýju lífi í franska kvikmyndagerð á undanförnum árum. Hlutfallið milli karl- og kvenleikstjóra er ekki enn þá orðið jafnt, en hlutur kvenna á þessari hátíð er þó mun stærri en áður hefur verið.“

Frönsk kvikmyndahátíð hefur fest sig í sessi sem einn stærsti kvikmyndaviðburður ársins á Íslandi og árlega sækja um 10.000 manns hátíðina. Í ár má búast við að kvikmyndin Listamaðurinn eftir Michel Hazanavicius veki mesta athygli, en hún hefur óvænt slegið hressilega í gegn og er tilnefnd til tíu Óskarsverðlauna, meðal annars sem besta mynd ársins 2011. Önnur mynd sem vakið hefur mikla athygli er Stríðsyfirlýsing í leikstjórn Valérie Donzelli sem öllum að óvörum sló í gegn á kvikmyndahátíðinni í Cannes síðastliðið vor og var valin besta mynd ársins 2011 í Frakklandi.

Allar nánari upplýsingar um aðrar myndir á hátíðinni og sýningartíma þeirra má sjá á heimasíðu Alliance Française, www.af.is og á midi.is.

Þetta er þriðja árið sem hátíðin verður einnig haldin á Akureyri og segir Karl það lengi hafa verið á óskalistanum að sinna landsbyggðinni betur. „Það er mikilvægt að einangra ekki starfsemina við Reykjavík,“ segir hann.

„Við reynum að ná til sem flestra landsmanna og samstarfið við Borgarbíó á Akureyri er einn liðurinn í því.“

**fridrikab@frettabladid.is**

# A Band on Stage á Café Rosenberg tvö kvöld í röð

Fyrstu tónleikar hljómsveitarinnar A Band on Stage árið 2012 verða á Café Rosenberg í kvöld klukkan 22. Bandið lætur þó ekki þar við sitja heldur endurtekur leikinn á sama stað annað kvöld á sama tíma.

A Band on Stage er skipuð þeim Söru Blandon söngkonu, Lofti S. Loftssyni sem leikur á kontrabassa, Ármanni Guðmundssyni gítar- og banjóleikara og Guðrúnu Sóleyju Sigurðardóttur sem gerir sér lítið fyrir og leikur á fiðlu, harmóniku og gítar auk þess að syngja.

Á tónleikunum verða flutt lög úr ýmsum áttum og einnig mun hljómsveitin flytja frumsamið efni.

Rétt er að taka fram að aðgangseyrir er 1.000 krónur og enginn posi verður í miðasölunni.



**Á SVIÐ** Hljómsveitin A Band on Stage heldur tvenna tónleika um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** nautasteik, **6.** tveir eins, **8.** fornafn, **9.** bein, **11.** leita að, **12.** þyrping, **14.** urga, **16.** tveir eins, **17.** ennþá, **18.** for, **20.** tveir eins, **21.** þjappaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** iðja, **3.** umhverfis, **4.** græðgi, **5.** af, **7.** endalaus, **10.** framkoma, **13.** atvikast, **15.** sál, **16.** ílát, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** ee, **8.** mér, **9.** rif, **11.** gá, **12.** klasi, **14.** ískra, **16.** ff, **17.** enn, **18.** aur, **20.** dd, **21.** tróð.
**LÓÐRÉTT: 1.** verk, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** frá, **7.** eilífur, **10.** fas, **13.** ske, **15.** andi, **16.** fat, **19.** ró.

# Takk

**BAKÞANKAR Brynhildar Björnsdóttur**



Ég æddi inn á gjörgæsludeild klukkan 23.45 á sunnudagskvöldi, útgrátin með úfið hár og í inniskóm. Það voru einmitt vaktaskipti og ég hrasaði í flasið á lækni sem var að fara heim. Hún leit á mig og sagði svo: „Sestu niður með mér smástund.“ Hún spurði mig hvern ég væri að heimsækja og rakti svo fyrir mér hvernig staðan væri, hvað væri verið að gera og hvað væri hægt að gera. Vaktin hennar var búin, hún var á leið heim eftir örugglega erfiðan dag en gaf sér samt tíma fyrir mig.

**ÉG** sat kjökrandi á sunnudagskvöldi með barnið mitt fjögurra vikna í fanginu og snökti í símann: „Þetta gengur ekki neitt, þú sagðir að ég mætti hringja í þig …“. Hálftíma síðar var komin til mín ljósmóðir sem var ekki á vakt og sem fékk, mér vitanlega, ekkert greitt fyrir þessa heimsókn til mín. Bara til að hjálpa mér.

**ÉG** gekk inn á líknardeild Landspítalans í Kópavogi á sunnudagskvöldi með blómvönd. Starfsfólkið, vinir mínir sem ég hafði kynnst meðan ég beið þar þess sem verða vildi, heilsaði mér blíðlega og einn hjúkrunarfræðingur tók við blómunum og sagði: „Mikið ertu dugleg að koma hingað aftur.“ Og mig langaði að svara: „Mikið ert þú duglegur að vera hérna á hverjum degi, alltaf.“

**ÞAÐ** er bara tilviljun að þessar þrjár smásögur úr lífi mínu skuli gerast á sunnudagskvöldi. Ég á líka aðrar sögur af samskiptum mínum við starfsfólk í heilbrigðiskerfinu sem gerast ekki á sunnudegi. Ljósmæðurnar góðu sem tóku á móti dætrum mínum, sjúkrabílaliðarnir sem sóttu barnið mitt í andnauð og komu því á bráðamóttöku, sjúkraliðarnir sem önnuðust afa mína og ömmur á elliheimilum, starfsfólkið á heilsugæslunni minni, á hjartadeild Landspítalans, fleiri og fleiri.

**FÓLK** sem velur sér erfiðasta starf í heimi, oft þakklátt en stundum vanþakklátt, oft gefandi en oftar slítandi, þar sem mistök geta kostað mannslíf, sem þarf að þrífa alls konar líkamsvessa, lyfta fullorðnu fólki og horfa á fólk deyja. Ofan á þetta eru langar og einkalífsfjandsamlegar vaktir, endalaus niðurskurður og sjúklingar og aðstandendur í geðshræringu sem örugglega eru ekki alltaf sanngjarnir eða skemmtilegir og þurfa stundum að fá útrás fyrir erfiðar tilfinningar.

**FÓLKIÐ** sem vinnur í heilbrigðiskerfinu. Það má líka tala um lögreglufólk, slökkviliðsfólk, kennara, leikskólakennara, allan þennan fjölda fólks sem vinnur fyrir mig á hverjum degi og leggur sig fram, jafnvel í lífshættu.

**MIG** langaði bara að segja takk.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Helgarblað
alla laugardaga




## Leikurinn sem allir óttast

Andrúmsloftið er spennuþrungið fyrir viðureign Liverpool og Manchester United vegna atburða síðustu mánaða.

**Meðal annars efnis:**

**Gott er að borða gulrótina**
Kafað í mataræði landans og skoðað hvar úrbóta er þörf.






Allt sem þú þarft


KFC
VEISLU-
VIKA
24.–31.
janúar
10
kjúklingabitar,
stór
skammtur
af frönskum
& 2 lítra
gos
2.990
kr.
Kentucky
Fried
Chicken
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# menning

menning@frettabladid.is

**MIÐSTÖÐ MUNNLEGRAR** sögu býður til málþings í Þjóðarbókhlöðu laugardaginn 28. janúar kl 13.30 til 17 undir yfirskriftinni Miðlun minninganna. Meðal fyrirlesara eru Guðni Th. Jóhannesson, Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir og Kristinn Schram. Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis.

# TÍSKUFYRIRMYNDIR ÚR FORTÍÐINNI

**Sýningin Kjólar og korselett, sem verður opnuð í Þjóðminjasafninu á morgun, sýnir svo ekki verður um villst að íslenskar konur voru í takti við það sem gerðist í París, London og New York á árunum 1940 til 1970.**



**FALLEGIR OG FJÖLBREYTTIR** Steinunn Sigurðardóttir, fata- og sýningahönnuður, og Ágústa Kristófersdóttir, fagstjóri sýninga í Þjóðminjasafninu, standa hér við litla svarta kjólinn, sem allar konur vita að nauðsynlegt er að eiga í skápnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ég fyllist stolti af íslenskum konum þegar ég geng hérna um á milli gínanna. Stolti yfir því að sjá hvað þær gerðu á erfiðum tímum og hvað þeim tókst vel upp. Við nútímakonur getum lært margt af þeim,“ segir Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður. Hún er konan að baki sýningarinnar Kjólar og korselett sem verður opnuð í Bogasal Þjóðminjasafnsins á morgun. Á sýningunni má sjá módelkjóla, sem saumaðir voru eftir pöntun fyrir íslenskar konur á árunum 1940 til 1970.

Kjólarnir eru ýmist látlausir og einfaldir, eða tilkomumiklir og glæsilegir, en allir listaverk út af fyrir sig. Á sýningunni má jafnframt sjá ýmsa fylgihluti, undirföt, skó, hanska og hatta.

Steinunn hefur notið verkefnisins til hins ýtrasta. Hún er þess fullviss að allar íslenskar konur geti fundið sína tískufyrirmynd á meðal þeirra kvenna sem sagt er frá á sýningunni. „Í gegnum þetta ferli hef ég fundið mitt „fashion icon“. Þegar ég sá kjólana frá þessari konu hugsaði ég: „Vá, hvað hún er elegant! Og við þekkjum hana ekki einu sinni,“ segir Steinunn, með hrifningu í rómi, og segir að umrædd kona sé nú þegar orðin henni innblástur fyrir eigin hönnun. Hún gefur ekki upp hver þessi smekklega kona er, fyrr en sýningin hefur verið opnuð á morgun.

Steinunn lítur svo á að íslenskum konum hafi láðst að horfa til baka á þessar glæsilegu konur fortíðarinnar, til að finna sínar tískufyrirmyndir. „Þessar konur voru mjög elegant. Ég er viss um að margir eigi eftir að verða hissa að sjá það. Á þessum árum áttu konur kannski bara eina kápu, en það var fín kápa sem þær hugsuðu mjög vel um. Hér er til dæmis til sýnis einstaklega falleg dragt, sem er elegant, eldrauð með miklum smáatriðum. Hún er saumuð af garðyrkjubónda í Hveragerði. Þessar konur fylgdust með tískunni erlendis. Svo vönduðu þær sig við verkin og gáfu sér tíma.“

> Í gegnum þetta ferli hef ég fundið mitt „fashion icon“. Þegar ég sá kjólana frá þessari konu hugsaði ég: „Vá, hvað hún er elegant!
>
> **STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR**
> FATAHÖNNUÐUR

Samhliða sýningunni verður gefinn út 70 síðna bæklingur, með tískuljósmyndum sem aldrei hafa verið birtar áður. Myndirnar sem prýða hann, og veggi safnsins, voru á meðal þeirra gersema sem Steinunn dró fram í dagsljósið, þegar hún fór í gegnum geymslur Þjóðminjasafnsins fyrir sýninguna. Nokkrir kjólanna koma úr einkaeign. Steinunn valdi flíkurnar af mikilli kostgæfni, ásamt Ágústu Kristófersdóttur, fagstjóra sýninga í Þjóðminjasafninu.

„Sumir þessara kjóla eru í algjörum hágæðaflokki og þá sérstaklega þeir eldri. Ég reyndi líka að velja kjóla sem skipta máli. Suma þeirra valdi ég vegna tæknilegra atriða, svo það sést kannski ekki um leið hvað gerir þá svona sérstaka. Allar saumakonur munu hins vegar skilja um leið af hverju ég valdi þá.“

Sýningin mun standa frá morgundeginum, 28. janúar, fram til 28. ágúst 2012. **holmfridur@frettabladid.is**








**DUO HARPWERK** Eru á meðal listamanna sem halda tónleika á tónlistarhátíðinni Myrkum músíkdögum í dag.

# Myrkum músíkdögum vex fiskur um hrygg

Myrkir músíkdagar hófu göngu sína í gær. Hátíðin er umfangsmeiri í ár en nokkru sinni fyrr að sögn Péturs Jónassonar, framkvæmdastjóra hátíðarinnar. Helgast það einkum af því að nú eru allir tónleikarnir í Hörpu sem auðveldar það að hafa dagskrána þéttskipaða. „Í fyrra þurftum við alltaf að pakka öllu niður og fara svo á næsta stað, sú er ekki raunin núna.“

Myrkir músíkdagar hafa fyrir löngu unnið sér sess sem einn helsti vettvangur samtímatónlistar á Íslandi og nú sem endranær verða mörg verk frumflutt. Fernir tónleikar voru haldnir í gær og í dag verður dagskráin þéttskipuð.

Sex tónleikar verða haldnir en dagskrá dagsins hefst á tónsmiðstofu Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hið þekkta danska tónskáld Hans Abrahamsen leiðbeinir þremur ungum íslenskum tónskáldum Guðmundi Steini Gunnarssyni, Gunnari Karel Mássyni og Kristjáni Guðjónssyni í verkum þeirra sem valin voru sérstaklega í tilefni vinnustofunnar. Ilan Volkov hljómsveitarstjóri verður með hljómsveitina alla til taks og búast má því við afar áhugaverðum morgni fyrir hin ungu tónskáld sem og aðra viðstadda, en öllum er frjáls aðgangur að viðburðinum. Yfirlit yfir tónleika dagsins er að finna í viðburðadálki Fréttablaðsins á næstu síðu.

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR MP3 SPILARAR
BÍLHÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
HEYRNARTÓL MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

# LOKADAGAR

VALDAR VÖRUR Á ENN LÆGRA VERÐI

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afsl.**
Smáraftæki á ótrúlegum verðum – frá kr. 995
**Sjónvörp frá Philips og Panasonic með allt að 300.000 kr. afsl.**
Heimabíókerfi með allt að 50% afslætti
**Denon hljómtæki með allt að 43% afslætti**
Saumavélar með allt að 32% afslætti
**Þvottavélar í miklu úrvali verð frá 59.995**
**Whirlpool ofnar helluborð og háfar á frábærum verðum**
Brauðvélar frá 9.995
**42" sjónvörp frá 99.995**
Frystikistur frá 39.995

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN LAUGARDAG**

**OPIÐ VIRKA DAGA 10-18**
OPIÐ LAUGARDAGA 11-16

Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DeLonghi Whirlpool

# Leika til heiðurs Mozart

Líkt og undanfarin ár verða tónleikar til heiðurs Mozart haldnir á Kjarvalsstöðum á fæðingardegi hans 27. janúar. Tónleikarnir hefjast klukkan sex og á efnisskrá eru Kvintett fyrir horn, fiðlu, tvær víólur og selló ásamt Divertimentói í D-Dúr KV 334 fyrir strengi og tvö horn.

Flytjendur á tónleikunum eru Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari, Sigurlaug Eðvaldsdóttir fiðluleikari, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari, Guðrún Þórarinsdóttir víóluleikari, Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og hornleikararnir Joseph Ognibene og Þorkell Jóelsson.

Enn fremur verður Tryggvi Baldvinsson tónskáld á svæðinu en hann spjallar um tónlistina og tónskáldið.



**ÓKEYPIS AFMÆLISTÓNLEIKAR** Myndin er tekin á æfingu fyrir Mozarttónleika kvöldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hversdagsævintýrin um Emmu og Tuma

Bækurnar um Emmu og Tuma hafa lengi verið vinsælar hjá yngstu kynslóðinni og eiga sinn sess á meðal sígildra barnabókmennta. Nú hefur Forlagið endurprentað fjórar þeirra, sem hafa ekki verið fáanlegar í langan tíma.




Bækurnar sem um ræðir eru: Emmu finnst gaman á leikskólanum, þar sem fylgst er með ævintýrum Emmu og vina hennar í leikskólanum; Emma fer til tannlæknis, þar sem Emma heimsækir tannlækninn þar sem það er brúnn blettur á einni tönninni; Tumi bakar, sem fjallar um afrek Tuma í eldhúsinu þegar hann bakar köku, og loks Tumi fer til læknis, þar sem Tumi fer í læknisskoðun, er vigtaður og mældur og fær svo sprautu. **- hhs**






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 27. janúar 2012**

### Sýningar

**18.00** Fyrsta listasýning ársins, sem í sjálfri sér er tvær sýningar, opnar í Artíma gallerí Smiðjustíg 10, Reykjavík. Alexander Jean Edvard Le Sage de Fontenay stýrir sýningu á tíu verkum tíu mismunandi listamanna og Oddný Björk Daníelsdóttir stýrir yfirlitssýningu með verkum eftir listakonuna Heiðu Rún Steinsdóttur. Allir eru velkomnir.

### Uppákomur

**23.30** Skemmtistaðurinn SPOT í Kópavogi heldur ball fyrir einhleypa. DJ Mikkólfur spilar. Allir einhleypir velkomnir og aðgangur er ókeypis.



### Tónlist

**09.30** **Tónskáldastofa Sinfóníuhljómsveitar Íslands fer fram í Eldborg í Hörpu**, en hún er hluti af Myrkum músíkdögum. Danska tónskáldið Hans Abrahamsen valdi tónverkin og hljómsveitarstjóri er Ilan Volkov. Aðgangur er ókeypis.

**12.15** Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran og Francisco Javier Jáuregui gítarleikari koma fram á Myrkum músíkdögum í Hörpu. Tónleikarnir fara fram í salnum Kaldalón.

**15.00** Í sal Kaldalóns í Hörpu leikur Duo Landon fiðludúettinn lög eftir íslensk tónskáld. Er þetta hluti af tónlistarhátíðinni Myrkir músíkdagar.

**17.00** Myrkir Músíkdagar halda áfram í sal Hörpu, Kaldalóni. Nordic Affect stíga á stokk og spila nútímatónlist á barokkhljóðfæri.

**18.00** Tónleikar til heiðurs Mozart verða haldnir á Kjarvalsstöðum í tilefni fæðingardags hans í dag. Aðgangur er ókeypis.



**20.00** Í sal Norðurljósa í Hörpu verða flutt verk eftir **Önnu Þorvaldsdóttur**, sem hluti af Myrkum músíkdögum. Guðni Franzson stjórnar.

**21.00** Vetrartónleikaröðin heldur áfram á Bar 11, í samstarfi við Tuborg. Söngkonan **Myrra Rós** treður upp að þessu sinni og DJ mætir í búrið að tónleikum loknum. Aðgangur er ókeypis.



# Fá 50 þúsund fyrir Airwaves

Forsvarsmenn tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves hafa ákveðið að greiða 70 til 75 íslenskum flytjendum fimmtíu þúsund krónur fyrir að koma þar fram. Þessu var greint frá á kynningarfundi í Norræna húsinu.

Hingað til hefur mun færri íslenskum hljómsveitum verið greitt fyrir að spila á hátíðinni. Aðeins tvær fengu greitt í fyrra en tuttugu árið 2010. „Þetta eru áherslubreytingar og vonandi finnst fólki betra að spila á hátíðinni núna,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves.

Hljómsveitum og tónlistarmönnum á hátíðinni verður fækkað um 20% frá síðasta ári. Samtals koma fram 180 flytjendur á Airwaves í haust, þar af verða 125 til 130 íslenskir. Til samanburðar stigu um 200 flytjendur á svið í fyrra, þar af um 180 íslenskir. „Þetta er fyrst og fremst útflutningshátíð íslenskrar tónlistar. En við þurfum alltaf erlend atriði sem selja fleiri miða,“ segir Grímur. Hann bætir við að til þess að laða fleira fólk að hátíðinni sé einnig eytt peningum í að fá hingað erlenda blaðamenn og fólk úr tónlistarbransanum.

Gert er ráð fyrir að fá hingað íslenska listamenn sem eru með aðsetur erlendis og verður hálf milljón króna lögð í það verkefni. Einnig verður íslenskum flytjendum í auknum mæli leyft að spila tvívegis á hátíðinni. Allir listamenn fá jafnframt eitt armband á hátíðina, eina máltíð og þrjá drykki.

- fb



**ICELAND AIRWAVES** Fleiri íslenskar hljómsveitir fá greitt fyrir spilamennsku sína á Airwaves í haust en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**21.00** **Ólöf Arnalds** og Skúli Sverrisson halda tónleika á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.

**22.00** Dj Gunnar þeytir skífum á Glaumbar. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Myrkir músíkdagar bjóða upp á flaututónleika í sal Kaldalóns í Hörpu. Fjöldi flautuleikara kemur fram, auk Íslenska flautukórsins.





**22.00** Hljómsveitirnar **Náttfari** og Hellvar halda tónleika í galleríinu Populus Tremula á Akureyri. Aðgangur er ókeypis.

**22.30** Hljómsveitin Úlfarnir leikur á sveitaballi á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.59** Duo Harpverk flytur ný verk eftir nemendur Listaháskóla Íslands og fleiri í sal Norðurljósa í Hörpu. Eru tónleikarnir hluti af tónlistahátíðinni Myrkir músíkdagar.

## → Fyrirlestrar

**12.00** Bandaríska tríóið Poetica Musica heldur hádegisfyrirlestur við tónlistardeild LHÍ í Sölvhóli, Sölvhólsgötu 13. Fyrirlesturinn er í tengslum við tónleika þeirra á Myrkum músíkdögum. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**12.00** Fundaröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, Evrópa: Samræður við ræðimenn - stjórna stóru aðildarríkin öllu? heldur áfram í Lögbergi, stofu 101. Simon Bulmer fjallar um stöðu Þýskalands sem stórveldis innan Evrópusambandsins og þær breytingar sem orðið hafa á hlutverki þess í Evrópusamstarfinu. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



lifsstill@frettabladid.is



**67 milljónir** spjaldtölva seldust í heiminum árið 2011, sem er aukning upp á 260 prósent frá árinu áður, samkvæmt tölum frá markaðsrannsóknarfyrirtækinu Strategy Analytics. iPad frá Apple er ennþá vinsælasta spjaldtölvan, en þær sem keyra á Android-stýrikerfinu fylgja fast á eftir.

## Slæmt kvef eins varasamt og nokkrir ískaldir

**HEILSA** Fáum myndi detta í hug að setjast undir stýri eftir að hafa svolgrað í sig fjórum tvöföldum skotum af viskí, en líklegast eru þeir enn færri sem myndu sleppa því að keyra sökum þess að þeir væru með kvef.

Samkvæmt nýrri rannsókn á vegum bresks tryggingafélags hefur þó komið í ljós að mjög slæmt kvef getur haft álíka mikil áhrif á aksturshæfnina og það áfengismagn sem fylgir fjórum tvöföldum viskískotum. Rannsóknin sýndi að slæmt kvef dregur mjög úr viðbragðsflýti og athyglisgáfu og getur þannig bugað færustu ökumenn. Þetta var mælt með þartilgerðu tæki, sem sett er í bílana og mælir meðal annars aksturshraða, bremsuhraða og beygjufimi.

Í ofanálag fylgja hnerrar oft kvefpestum og þeir geta verið stórhættulegir þegar um ökumann bifreiðar er að ræða. Bæði lokar fólk augunum þegar það hnerrar, sem gæti reynst hættulegt þó aðeins sé í örfáar sekúndur, og einnig geta þeir haft það í för með sér að fólk kippist til og getur við það misst stjórn á bílnum.

Það er því augljóslega vit í að halda sig heima í rúminu þegar kvefpestin heltekur mann, heilsunnar vegna, samstarfsfélaganna og umferðarinnar. - trs



**KVEF EÐA ÁFENGI** Getur haft slæm áhrif á akstursfærnina.

**HEILSA**
**Spírulína**
Inniheldur yfir 100 lífræn næringarefni, 13 vítamín,16 steinefni o.fl.

## TÆKNI



**DRAGA ÚR HITA Í TÖLVUM** Indverskir vísindamenn hafa fundið upp leið til að draga úr hita í tölvum, iPodum og farsímum. Sífellt er verið að fjölga örflögum í slíkum tækjum til að auka virkni þeirra en fyrir vikið verður hitinn meiri og það fer illa með tækin. Samkvæmt Deccan Herald er hugmyndin sú að koma fyrir örsmáum hitapípum í tækin sem soga til sín hitann frá þeim. Efnið sem notað yrði til verknaðarins kallast á ensku „graphene“ og er það þynnsta sem til er í heiminum.



**LÆRA AÐ GERA „ÖPP“ Í SKÓLUM** „Öppin“ sem notuð eru í farsímunum verða sífellt vinsælli. Til marks um það geta nemendur í Apex-menntaskólanum í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum lært að hanna og markaðssetja „öpp“ fyrir snjallsíma. Um tólf vikna tilraunanám er að ræða sem tölvuframleiðandinn Lenovo og samtökin National Academy Foundation standa fyrir. Sautján milljónum „appa“ var hlaðið niður í Bandaríkjunum í fyrra. Búist er við að sú tala eigi eftir að hækka til muna á næstu árum.






# Skilur ekki fólk sem pirrar sig á færðinni og snjónum

**Landsmenn keppast nú við að blóta færðinni á vegum úti enda hefur óvenjumikil snjókoma síðustu daga sett strik í reikninginn hjá mörgum. Sigvaldi Kaldalóns, eða Svali, er hins vegar í þeim minnihlutahópi sem fagnar versnandi færð enda vel búinn til að takast á við skaflana.**



**ÓHRÆDDUR VIÐ SKAFLANA** Sigvaldi Kaldalóns, eða Svali, fagnar versnandi færð og mikilli snjókomu síðustu daga enda brunar hvert sem hann vill á jeppanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**BÍLAR** „Ég frelsaðist þegar ég skipti yfir í jeppa árið 2001,“ segir Sigvaldi Kaldalóns, útvarpsmaður en hann keyrir óhræddur um götur bæjarins á breyttum Nissan Patrol jeppa, óhræddur við snjóskafla og vonda færð sem einkenna vegina þessa dagana.

„Ég skil ekki þá sem eru að pirra sig á færðinni og snjónum. Það er svo skemmtilegt og það birtir yfir öllu,“ segir Sigvaldi, betur þekktur sem Svali, og bætir við að hann hlakki til á hverjum vetri að fá snjóinn til að geta spreytt sig á jeppanum.

„Þegar óveðrið var sem mest fyrr í vikunni, græjaði ég mig upp í kuldagalla og fór út að keyra með spotta. Bæði til að hjálpa bílum sem eru fastir og svo keyra aðeins í sköflunum og komast í smá fjör. Ekki skemmdi fyrir að festa sig og þurfa að moka smá. Það er bara gaman.“

Svali fullyrðir að mikill munur sé á jeppaeiganda og jeppakarli en að hann sjálfur sé í síðarnefnda flokknum. „Fyrir mér er þetta fjölskylduvænt áhugamál sem við félagarnir deilum saman. Jeppinn er ferðatæki sem gerir mér kleift að komast hvert á land sem er, hvernig sem viðrar.“

Svali viðurkennir að dýrt sé að eiga jeppa en hann á sem betur fer góða að sem aðstoða hann í viðhaldi bílsins en samhliða jeppanum á fjölskyldan lítinn Póló sem er notaður í innanbæjarakstur.

„Ég fer helst ekki á jeppanum í Kringluna en ég var á litla bílnum um daginn í snjónum og þurfti að moka og moka og mér fannst það alveg jafn mikið sport.“

Spurður hvort hann verði var við öfund frá öðrum bílstjórum í snjónum svarar Svali: „Já, maður hefur alveg heyrt fólk sem tuðar „Þið þarna jeppakarlar“ en þetta er lífsstíll og ég er duglegur að koma öðrum til hjálpar í þessu veðri. Stundum fer ég gagngert út til að hjálpa bílstjórum í neyð.“

alfrun@frettabladid.is

### KOSTIR OG GALLAR VIÐ JEPPANN AÐ MATI SVALA

**KOSTIR**
- „Maður kemst allt sama hvernig viðrar.“
- „Frábært og fjölskylduvænt áhugamál að fara reglulega í jeppaferðir. Maður uppgötvar fallega staði á landinu.“
- „Það er eitthvað við það að sitja svona hátt uppi og hafa gott útsýni.“

**GALLAR**
- „Maður þarf að fylgjast vel með því jeppar slitna frekar en fólksbílar og því dýrt reglulegt viðhald.“
- „Dýrt bensín- og dísilverð hefur áhrif á jepparekstur því þeir eyða að sjálfsögðu meira.“
- „Maður er ekkert að fara að skjótast milli staða innanbæjar á jeppanum. Oft erfitt að finna stæði, til dæmis í Kringlunni.“

# Lækningamáttur beikons viðurkenndur

**HEILSA** Hingað til hefur beikon ekki verið talið til upp þegar rætt er um heilsusamlegt fæði, nema þá í því samhengi að það beri að varast sem heitan eldinn.

Nú hafa fjórir læknar við læknamiðstöðina í Detroit þó fundið út að beikon hefur í raun læknandi mátt. Það hefur í tvígang verið notað til að ná tökum á óstöðvandi blóðnasir ungrar stúlku sem er með sjaldgæfan og lífshættulegan erfðafræðilegan sjúkdóm sem lýsir sér í óstöðvandi blóðnösum. Árangurslausar tilraunir læknanna við að stöðva blóðnasir stúlkunnar, sem er fjögurra ára gömul, voru farnar að valda þeim áhyggjum eftir að blóðnasirnar höfðu staðið yfir í rúma viku. Það var þá sem einn þeirra, Dr. Walter Belenky, mundi eftir ráðleggingum sem hann hafði lesið þegar hann starfaði sem læknir í hernum, en þar var talað um að stöðva blæðingu með svínakjöti.

Dr. Belenky segir aðferðina ekki hafa verið vel útskýrða og að ekki hafa legið nein meiri háttar vísindi á bak við hana. Það var þó ákveðið að láta á þetta reyna og upprúllað svínakjöt var sett í nasir stúlkunnar. Árangurinn leyndi sér ekki og gat stúlkan farið heim 72 tímum síðar. Nokkrum mánuðum síðar datt stúlkan á andlitið og fékk blóðnasir aftur. Hún var flutt á spítalann þar sem var strax brugðið á það ráð að stinga svínakjöti í nefið á henni. Hún var útskrifuð 48 tímum síðar.

Það er því ljóst að beikon stíflar fleira en kransæðarnar. - trs



**ÞARFAÞING** Beikonið á þessari mynd gæti bjargað lífi þínu.



**ÓSÝNILEGT EN SATT** Vísindamönnum hefur tekist að gera hlut ósýnilegan.

## Bjuggu til ósýnilegan hlut

**VÍSINDI Vísindamönnum hefur í fyrsta sinn tekist að fela þrívíðan hlut og gera hann þannig ósýnilegan frá öllum sjónarhornum.**

**Þetta virkar reyndar aðeins þegar um svokallaðar örbylgjuöldur á rafsegulsviði er að ræða, samkvæmt tímaritinu New Journal of Physics.**

**Frekari rannsóknir á þessari uppgötvun og hvernig hægt er að nýta sér hana eru fyrirhugaðar á næstunni.**

# Ofurdagur




# 7 kr.

## afsláttur af lítranum í dag*




Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

ENNEMM / SÍA / NM49890

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.

Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

*Þegar greitt er með lyklum og kortum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**


**KLÆDDI SIG UPP** Tryggvi Sigfússon og Schott Roud sem klæddi sig upp á í tilefni hátíðarinnar.


**GÓÐIR GESTIR** Helga Kristín Auðunsdóttir og Auður Berta Einarsdóttir nutu ljúfra tóna á Kexi. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# SKOTAPILS Á KEXI

**Gestir Kex Hostels létu snjó og ofankomu ekki á sig fá og fjölmenntu á sérstaka skoska hátíð þar sem skosk tónlist, þjóðarrétturinn haggis og viskí voru á boðstólnum. Hátíðin er haldin í tengslum við fæðingardag skoska skáldsins Robert Burns og eins konar þjóðhátíð í Skotlandi. Dagskráin stendur fram á laugardag á Kex Hosteli. Benni Hemm Hemm tróð upp sem og skoski trúbadúrinn Dan Wilson sem kemur fram undir nafninu Withered Hands.**


**SKOSK TÓNLIST** Tónlist fyrir viðstadda.


**VIÐ BARINN** Brynjólfur Þór Hilmarsson og Viðar Þór Guðmundsson skemmtu sér.


**GLAÐAR** Sigurbjörg Birgisdóttir og Hildur Steinþórsdóttir létu fara vel um sig.

# Dóttir Jims Carrey syngur í Idolinu

**Jane, dóttir gamanleikarans og gúmmíandlitsins Jims Carrey, fór nýlega í áheyrnarprufu fyrir sjónvarpsþættina American Idol.**

**Jane er 24 ára einstæð móðir og starfar sem þjónustustúlka. Hún hefur mikinn áhuga á að leggja sönginn fyrir sig og ákvað því að taka þátt í áheyrnarprófinu. Þar söng hún lagið hressa Something to Talk About eftir Bonnie Raitt. „Ég vann einu sinni með Jim. Ég man þegar þú varst lítil. Manstu eftir mér,“ sagði dómarinn, Jennifer Lopez, sem vann með Carrey í sjónvarpsþáttunum In Living Color.**


**SÖNG Í IDOL** Dóttir leikarans Jims Carrey söng í áheyrnarprufu fyrir American Idol.

# Þáttur um plötusnúða

Simon Cowell ætlar að leita að besta plötusnúði heims, í nýjum hæfileikaþætti. Framleiðslufyrirtæki Cowells, Syco Entertainment, hefur undirbúið þáttinn í rúmt ár. Einnig aðstoðar fyrirtæki í eigu Will Smith og Jada Pinkett-Smith, við framleiðsluna.

„Plötusnúðar eru nýju rokkstjörnurnar. Núna er rétti tíminn til að setja þennan þátt í loftið,“ sagði Cowell, sem síðast sást í sjónvarpinu sem dómari í X-Factor.




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is

LIAM NEESON THE GREY ÞEGAR FLUGVÉLIN HRAPAÐI VAR FERÐALAGIÐ RÉTT AÐ BYRJA. 16 ★★★★★ - VJV, SVARTHÖFÐI

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG! MARK WAHLBERG CONTRABAND LEIKSTJÓRI BALTASAR KORMÁKUR 16 LÚXUS

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í HÁSKÓLABÍÓI THE ARTIST 10 ÓSKARSTILNEFNINGAR L

STRÍÐSYFIRLÝSING L

UNDERWORLD 16 TOPPMYNDIN Í USA

THE DESCENDANTS ★★★★½ SÉÐ OG HEYRT/KVIKMYNDIR.IS L ★★★★★ FBL.

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GREY | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| CONTRABAND | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| CONTRABAND LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | L |
| UNDERWORLD / AWAKENING | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE SITTER | KL. 6 | 14 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |
| STÍGVÉLAÐIKÖTTURINN 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| STRÍÐSYFIRLÝSING | KL. 8 | L |
| ÖLD MYRKURSINS | KL. 6 | L |
| BARNSFAÐIRINN | KL. 10 | L |
| SAMAN ER EINUM OF | KL. 10 | L |
| ATHVARFIÐ | KL. 8 | L |
| THE DESCENDANTS | KL. 10 | L |
| IRON LADY | KL. 5.40 | L |
| MY WEEK WITH MARILYN | KL. 5.40 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE ARTIST | KL. 6 | 16 |
| THE GREY | KL. 8 - 10.10 | L |
| THE DESCENDANTS | KL. 6 | L |
| CONTRABAND | KL. 8 - 10.10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE GREY | 5.50, 8, 10.25 |
| CONTRABAND | 5.50, 8, 10.15 |
| THE IRON LADY | 5.50, 8 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | 3.30(750 kr) |
| TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY | 10.15 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 3 | 4(750 kr) |
| PUSS IN BOOTS 3D | 4(950 kr) |

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

SAMBÍÓIN SAMbio.is

MAN ON A LEDGE MÖGNUÐ SPENNUMYND!

6 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA M.A. BESTA MYNDIN STEVEN SPIELBERG WAR HORSE

BALTASAR KORMÁKUR CONTRABAND ★★★★ FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA!

LEONARDO DICAPRIO CLINT EASTWOOD J. EDGAR

UNDERWORLD

PRÚÐULEIKARARNIR SÝND MEÐ ENSKU TALI OG ÍSLENSKUM TEXTA

SHERLOCK HOLMES

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CONTRABAND Luxus VIP | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| 50/50 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 3:20 - 5:40 - 8 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | 2D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 3:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 8 | 2D | L |
| WAR HORSE | kl. 5 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD 4 | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 6 - 8 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| CONTRABAND | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| PUSS IN BOOTS M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 | 12 |
| JACK AND JILL | kl. 10:30 | 7 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 8 – 10:20 | 2D | 12 |
| WARHORSE | kl. 6 – 9 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD | kl. 8 – 10:10 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| 50/50 | kl. 5:20 | 2D | 12 |
| J. EDGAR | kl. 7:20 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| WAR HORSE | kl. 5 - 8 - 10:50 | 2D | L |
| J. EDGAR | kl. 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 | 2D | 16 |
| 50/50 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| THE MUPPETS MOVIE | kl. 5:40 | 2D | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |

The Help TAKMARKAÐAR SÝNINGAR 4 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA M.A. BESTA MYNDIN

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó

ATH 750 KR SÝND KL.3.30 RÚÐULEIKARARNIR

ATH 750 KR SÝND KL.4 ALVIN OG ÍKORNARNIR

SÝND KL.4 950 KR. Í 3D STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D

LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FÖSTUDAGUR: SKUGGARNIR Í FJÖLLUNUM 17:45, 20:00, 22:15 ■ SUBMARINE 18:00, 20:00, 22:00 ■ THIS MUST BE THE PLACE 17:50, 22:00 ■ Á ANNAN VEG (ENGL. SUBS) 18:00 ■ SUPERCLASICO 20:00, 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00

ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

Bíó Paradís er nú hluti af EUROPA CINEMAS

SKUGGARNIR Í FJÖLLUNUM GRÆNLENSK HROLLVEKJA!

SUBMARINE FRÁBÆR BRESKUR HÚMOR!

FJÓRAR ÓSKARSTILNEFNINGAR




# OPIÐ HÚS Á MORGUN

Fashion Academy Reykjavík opnar innan skamms og verður miðstöð náms í greinum tengdum tísku, heilsu og fegurð. Skólinn er í glæsilegum húsakynnum og býður upp á frábæra aðstöðu.

Margar skemmtilegar námsleiðir eru í boði hjá Fashion Academy Reykjavík og er rík áhersla lögð á samvinnu milli deilda. Leiðbeinendur og kennarar verða á staðnum til að spjalla og svara spurningum um námið.



**BEAUTY ACADEMY**
nám í snyrtifræði
Skólastjóri Stefanía Marta Katarínusardóttir, snyrtifræðimeistari með framhaldskóla kennsluréttindi



**MÓDEL ACADEMY**
framkomu og fyrirsætunámskeið
Leiðbeinandi Bryndís Bjarnadóttir, heimspekingur og fyrrverandi elite fyrirsæta



**STÍLISTA ACADEMY**
stílistanámskeið
Leiðbeinandi Agnieszka Baranowska stílisti og hönnuður



**MAKE UP ACADEMY**
nám í förðun í samvinnu við MAKE UP STORE
Leiðbeinandi Margrét R. Jónasar förðunarmeistari og eigandi MAKE UP STORE á Íslandi



**LJÓSMYNDA ACADEMY**
námskeið í tísku og auglýsingaljósmyndun
Leiðbeinandi Kristinn Magnússon, yfirljósmyndari hjá útgáfufélaginu Birting og formaður blaðaljósmyndarafélags Íslands



**NAGLA ACADEMY**
nám í naglafræði með MAGNETIC NAILS
Skólastjóri Hjördís Lilja Reynisdóttir snyrtifræðingur og naglameistari

**Opið hús laugardaginn 28. janúar frá 14:00 – 17:00 að Ármúla 21, Reykjavík.**

FASHION ACADEMY
REYKJAVÍK

www.fashionacademy.is    facebook.com/fashionacademyreykjavik    Sími 571 51 51

**sport**
sport@frettabladid.is

EM í handbolta 2012

**UNDANÚRSLITIN** fara fram í dag og dagurinn byrjar klukkan 14.15 á leik Slóvena og Makedóníumanna um fimmta sætið sem gefur jafnframt öruggt sæti í umspil Ólympíuleikanna. Fyrri undanúrslitaleikurinn er á milli Dana og Spánverja (kl. 16.45) en seinni undanúrslitaleikurinn er síðan á milli Króata og Serba og hefst hann klukkan 19.15. Það er búist við miklum látum í seinni leiknum endar er ekki falleg saga á milli Króatíu og Serbíu.



**ÁTÖK** Úr leik FH og Hauka.

Dregið í Eimskipsbikarnum:

## Tveir Hafnarfjarðarslagir á þremur dögum

**HANDBOLTI** Karlalið Hauka og FH drógust saman í undanúrslitum Eimskipsbikarsins en drátturinn fór fram í hádeginu í gær. Leikurinn fer fram í Schenkerhöllinni á Ásvöllum.

HK og Fram munu eigast við í hinni viðureigninni. Í kvennaflokki fékk Valur, sem sló út bikarmeistara Fram í gær, heimaleik gegn Stjörnunni og þá heimsækja FH-stúlkur ÍBV út í Eyjar.

Haukar og FH hafa þegar mæst tvisvar á þessu tímabili og hafa Haukamenn unnið báða leiki með fimm marka mun en þar á meðal var úrslitaleikur liðanna í deildarbikarnum sem fram fór í Strandgötu í Hafnarfirði.

Undanúrslitaleikir karla eiga að fara fram 12. eða 13. febrúar sem þýðir að Hafnarfjarðarliðin gætu mæst tvisvar á þremur dögum. Deildarleikur liðanna fer fram á sama stað 9. febrúar. - óój

Frakkar mæta Íslandi 27.maí:

## Spila við Ísland rétt fyrir EM

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusambönd Íslands og Frakklands hafa samið um vináttulandsleik á milli þjóðanna sem fer fram á Stade du Hainut-vellinum í Valenciennes 27. maí næstkomandi.

Þessi leikur er hluti af lokaundirbúningi Frakka fyrir úrslitakeppni EM sem hefst 8. júní. Frakkar leika þar í riðli með Englandi, Svíþjóð og Úkraínu og byrja gegn Rooney-lausum Englendingum 11. júní.

Þetta verður þriðji leikurinn undir stjórn Svíans Lars Lagerbäck en liðið spilar við Japan 24. febrúar og Svartfjallaland 29. febrúar. - óój

# Enginn kraftaverkamaður

**Frá því að Bárður Eyþórsson sneri til baka í körfuna og settist í brúna á Tindastóls-bátnum hefur gengi liðsins gjörbreyst. Liðið hefur nú unnið tíu af síðustu tólf leikjum sínum og er komið í undanúrslit bikarsins.**

**KÖRFUBOLTI** Tindastóll byrjaði tímabilið ekki vel og stjórnarmenn körfuknattleiksdeildarinnar urðu síðan að hafa snör handtök þegar þjálfarinn Borce Ilievski hætti með liðið eftir þrjú töp í fyrstu þremur leikjunum.

Tindastóll hafði hins vegar heppnina með sér þegar félagið datt niður á Bárð Eyþórsson, ferskan eftir góðan tíma á sjónum og tilbúinn í slaginn á ný. Bárður hafði ekki þjálfað síðan hann hætti með Fjölni vorið 2010 en var fljótur að rífa Stólana upp og nú eru þeir orðnir eitt heitasta liðið í karlakörfunni.

„Ég byrjaði ekkert að vinna hérna þó að það hafi síðan gerst fljótlega," segir Bárður en fjórir fyrstu leikirnir töpuðust þar af tveir þeirra á móti tveimur heitustu liðum deildarinnar. Tindastóll vann fyrsta leikinn á móti Val 10. nóvember og síðan þá hefur liðið varla tapað leik. Tindastóll sló Njarðvík út úr átta liða úrslitum bikarsins á sunnudagskvöldið sem var tíundi sigurinn í síðustu tólf leikjum.

### Allir vissu hvað bjó í liðinu

„Ég held að allir hafi vitað að það bjó mikið í þessu liði og þess vegna tók ég þetta að mér," sagði Bárður og hann mun fylgjast vel með í dag þegar dregið verður í undanúrslit bikarsins. „Þegar þú ert kominn svona langt þá skiptir ekki alltaf máli hvar þú spilar en það er aldrei verra að fá heimaleik," segir Bárður og Tindastóll gæti dregist á móti Keflvíkingum sem mæta í Síkið í Iceland Express-deildinni í kvöld. Í pottinum eru líka KR og KFÍ.

„Ég finn mig mjög vel á Króknum og finnst mjög gott að vera hérna.Þeim finnst greinilega ágætt að h afa mig því þeir eru að spila svona vel. Það var fínt að hvíla sig aðeins á þjálfuninni. Ég fór á sjóinn á meðan, á frystitogara, og mér fannst það mjög góður tími. Ég er enn þá í góðu sambandi við strákana á Hrafni Sveinbjarnarsyni," segir Bárður sem segist hafa þurft að taka þessa pásu út af persónulegum ástæðum.

„Maður er vonandi alltaf að læra allt sitt líf og maður er aldrei fullnuma í þessum fræðum. Ég veit ekki hvort ég kem eitthvað öðruvísi að þessu. Ætli maður horfi ekki bara öðruvísi á lífið."



**KANN VEL VIÐ SIG Á KRÓKNUM** Bárður Eyþórsson hefur náð frábærum árangri með Tindastólsliðið á þessu tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/XXXX

**Gengi Tindastóls í öllum keppnum eftir mánuðum**

| | |
|---|---|
| **Október** | **0 prósent sigurhlutfall** |
| | 0 sigrar í 6 leikjum |
| **Nóvember** | **57 prósent** |
| | 4 sigrar í 7 leikjum |
| **Desember** | **100 prósent** |
| | 3 sigrar í 3 leikjum |
| **Janúar** | **80 prósent** |
| | 4 sigrar í 5 leikjum |

Bárður telur að strákarnir hans geti gert enn betur. „Mér finnst að við eigum helling inni og við erum ekki búnir að toppa. Við erum ekkert að spila neinn glimrandi bolta þó svo að við skorum nógu mikið. Okkur finnst við eiga nóg inni og það heldur okkur á jörðinni. Það er mikill metnaður í strákunum og þeir mæta á hverja einustu æfingu til þess að leggja sig fram. Þar er slegist og allt sem því fylgir, til þess að halda uppi góðri æfingu," segir Bárður.

„Við erum alltaf að vinna í okkar hlutum á hverjum degi. Varnarleikurinn okkar hefur styrkst leik frá leik og mistökunum okkar þar fækkar alltaf. Það er ekkert nýtt hjá mér að vera með sterkan varnarleik en það tekur misfljótt að koma honum á," segir Bárður sem hrósar þó strákunum fyrir að taka vel í hans varnarboðskap.

### Snýst um strákana sjálfa

„Þetta eru bara það góðir strákar að þetta er einmitt það sem þeir eiga að vera að gera, að vinna. Það er það sem ég upplifi og þetta gengi kemur mér ekkert á óvart. Ég held að ég hafi ekki verið að gera nein kraftaverk hérna og þetta snýst aðallega um þá sjálfa. Kannski hefur manni tekist að snúa við hugarfarinu og koma einhverjum aga í spilamennskuna. Þetta eru gríðarlega reyndir strákar og það er hungur í þeim. Það verður gaman að sjá hvernig þetta þróast en gengið er allavega gott núna," segir Bárður kátur.

ooj@frettabladid.is

## ÚRSLIT Í GÆR

*Iceland Express deild karla*

**KR-Snæfell 93-94 (53-42)**

**KR:** Joshua Brown 23, Robert Ferguson 17 (14 frák.), Finnur Atli Magnusson 16, Dejan Sencanski 14, Hreggviður Magnússon 11, Martin Hermannsson 7, Ólafur Már Ægisson 3, Skarphéðinn Freyr Ingason 2.

**Snæfell:** Quincy Hankins-Cole 27, Jón Ólafur Jónsson 22 (9 frák./5 stoðs.), Marquis Hall 17, Hafþór Ingi Gunnarsson 9, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 6, Sveinn Arnar Davidsson 6, Ólafur Torfason 4, Óskar Hjartarson 3.

**Haukar-Njarðvík 75-85 (40-40)**

**Haukar:** Christopher Smith 29 (19 frák./6 varin), Hayward Fain 17 (7 frák./7 stoðs.), Emil Barja 8, Marel Örn Guðlaugsson 6, Helgi Björn Einarsson 6, Davíð Hermannsson 5, Alik Joseph-Pauline 4.

**Njarðvík:** Cameron Echols 26 (20 frák.), Travis Holmes 24, Ólafur Helgi Jónsson 11, Hjörtur Hrafn Einarsson 8, Elvar Már Friðriksson 6 (9 stoðs.), Maciej Baginski 5, Rúnar Ingi Erlingsson 3, Óli Ragnar Alexandersson 1, Páll Kristinsson 1.

**Þór Þorlákshöfn-ÍR 88-76 (49-46)**

**Þór Þorlákshöfn:** Blagoj Janev 27, Darri Hilmars-son 19, Matthew Hairston 16 (16 frák.), Darrin Govens 12, Baldur Þór Ragnarsson 8, Guðmundur Jónsson 3, Emil Karel Einarsson 2, Þorsteinn Már Ragnarsson 1.

**ÍR:** Nemanja Sovic 19, James Bartolotta 15, Hjalti Friðriksson 12 (12 frák.), Þorvaldur Hauksson 8, Ellert Arnarson 7, Kristinn Jónasson 7 Níels Dungal 4, Eiríkur Önundars. 2, Húni Húnfjörð 2.



**JÓN ÓLAFUR JÓNSSON** Lék vel með Snæfelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

KR tapaði í fyrsta sinn á árinu:

## Sætur sigur Snæfellinga

**KÖRFUBOLTI** Snæfellingar unnu sætan sigur á KR-ingum í Vesturbænum í gærkvöld 94-93. Sigurinn var sérstaklega kærkominn eftir dramatískan leik liðanna í bikarnum fyrr í vikunni þar sem KR-ingar höfðu sigur eftir tvíframlengdan leik.

„Leikurinn á mánudaginn var hrikalega svekkjandi og við vorum alveg ákveðnir að borga fyrir það," sagði Jón Ólafur Jónsson sem átti frábæran leik í liði gestanna.

KR-ingar leiddu með ellefu stigum í hálfleik en Snæfellingar mættu ákveðnir til leiks í síðari hálfleik og tryggðu sér eins stigs sigur. „Við ákváðum að spila vörnina af miklu meiri krafti í síðari hálfleik. Pressa þá stífar og láta þá hafa fyrir hlutunum," sagði Jón Ólafur. -ktd




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2 2 BÍÓ 2 BÍÓ 2 EXTRA 2 EXTRA AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Boddýhlutir





Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

> **Stöð 2 kl. 20.15**

## Spurningabomban

***Logi Bergmann er mættur aftur og verður með bráðfjöruga Spurningabombu í kvöld. Liðin eru skipuð fólki sem þekkir vel til spurningaþátta. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir, stjórnendur Útsvars á RÚV, mæta Jóhanni G. Jóhannssyni og Sólmundi Hólm Sólmundarsyni úr spurningaþættinum HA? á Skjá einum.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR VERÐUR SVÖNG**

## *Vondu kallarnir klára matinn*



Frá barnæsku hefur mér verið innrætt að fara vel með mat. Í skólamötuneytinu var regla að klára allt af diskinum og var samviskubiti gagnvart svöngu börnunum í Afríku miskunnarlaust þröngvað upp á mína kynslóð. Ég klára allt af diskinum mínum enn þann dag í dag. Ég á því erfitt með að horfa upp á hvernig farið er með mat í bíómyndum en það heyrir til undantekninga ef fólk tekur fleiri en einn bita þegar matur er á borðum. Þetta er eins með drykki. Ég hef oftar séð drykkjum skvett framan í fólk en að þeir séu teygaðir. Nú gætu margir sagt að samtöl persónanna á milli væru það sem ég ætti að fylgjast með en ég get bara ekki að þessu gert. Ég dauðsé eftir kræsingunum sem augljóslega enda í ruslinu.

Þeir einu sem borða af innlifun eru mjög vondir menn, eins og mafíósar. Þeir virðast einmitt oft nota matartímann sinn til að ógna einhverjum eða láta drepa einhvern. Þeir láta það þó ekki trufla sig við matinn og brytja steikurnar af innlifun ofan í sig og tyggja lengi. Ég kann að meta það og hef ekki nokkra samúð með fórnarlambi mafíósans. Maturinn fór allavega ekki til spillis.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Vinnustofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Samsöngur úr norðri **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**15.10 Leiðarljós (Guiding Light) (e)**

**15.50 Leiðarljós (Guiding Light) (e)**

**16.35 EM í handbolta** BEINT frá leik í undanúrslitum á EM í handbolta karla.

**17.55 Táknmálsfréttir**

**18.05 Óskabarnið** (3:13) (Good Luck Charlie)

**18.25 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** (3:8) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.15 Veðurfréttir**

**19.20 EM í handbolta** BEINT frá leik í undanúrslitum á EM í handbolta karla.

**20.45 EM-kvöld** Í þættinum er farið yfir leiki dagsins á EM í handbolta.

**21.10 Útsvar** (Akureyri - Reykjavík)

**22.20 Örugglega, kannski** (Definitely, Maybe) Stjórnmálaráðgjafi reynir að útskýra yfirvofandi skilnað sinn og eldri ástarsambönd fyrir tíu ára dóttur sinni.. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.15 Flugdrekahlauparinn** (The Kite Runner) Bandarísk bíómynd frá 2007 byggð á þekktri sögu eftir Khaled Hosseini. Eftir langa dvöl í Kaliforníu snýr Amir heim til Afganistans að hjálpa frænda sínum þegar sonur hans er í vanda staddur. Meðal leikenda eru Khalid Abdalla, Atossa Leoni, Shaun Toub, Zekeria Ebrahimi og Ahmad Khan Mahmoodzada. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**02.20 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012 - Lögin í úrslitum** (2:4) (e) Leikin verða lögin tvö sem komust áfram í keppninni laugardaginn var.

**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Uptown Girl**

**10.00 Marley & Me**

**12.00 Búi og Símon**

**14.00 Uptown Girl**

**16.00 Marley & Me**

**18.00 Búi og Símon**

**20.00 Back-Up Plan**

**22.00 Precious**

**00.00 The Condemned**

**02.00 Even Money**

**04.00 Precious**

**06.00 10 Items of Less**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (33:175)

**10.15 Off the Map** (11:13)

**11.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (4:4)

**11.50 Glee** (4:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Step Brothers** Frábær gamanmynd með Will Ferrell og John C. Reilly í hlutverkum óborganlegra stjúpbræðra.

**14.50 Friends** (17:24)

**15.15 Sorry I've Got No Head**

**15.45 Tricky TV** (4:23)

**16.10 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (11:23)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (17:23)

**19.45 Týnda kynslóðin** (20:40)

**20.15 Spurningabomban** (1:5)

**21.05 American Idol** (3:39)

**21.50 Run Fatboy Run** Bráðskemmtileg gamanmynd með Simon Pegg, Thandie Newton og Hank Azaria í aðalhlutverkum. Fyrir fimm árum ætlaði Dennis að kvænast unnustu sinni, Libby, þegar hann guggnaði á síðustu stundu, bókstaflega. Nú þegar hann kemst að því að hún er að fara gifta sig í dag ákveður hann að reyna ganga í augun á henni með því að skrá sig í maraþon, svona til að sýna að hann hefur nú þá staðfestu sem til þarf í alvörusamband.

**23.30 Frágiles** Magnaður tryllir með Calistu Flockhart í hlutverki hjúkrunarkonu sem sér að það er ekki allt með felldu á barnaspítalanum þar sem hún hefur nýhafið störf. Bein barnanna fara að brotna við minnsta rask og fleiri óhugnanlegir atburðir eiga sér stað.

**01.10 Step Brothers**

**02.55 First Born**

**04.30 Funny Money**

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**16.35 Enski deildarbikarinn: Cardiff - Crystal Palace** Útsending frá seinni leik liðanna í undanúrslitum enska deildarbikarsins.

**19.05 FA Cup - Preview Show** Hitað upp fyrir leikina fram undan í FA-bikarnum.

**19.35 Watford - Tottenham** BEINT frá leikliðanna í 4. umferð ensku FA-bikarkeppninnar.

**21.40 La Liga Report**

**22.10 UFC 119**

**00.50 Watford - Tottenham** Útsending frá leik liðanna í 4. umferð ensku FA-bikarkeppninnar.

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Sunnudagsmessan**

**16.50 Fulham - Newcastle**

**18.40 Sunderland - Swansea**

**20.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

**21.00 PL Classic Matches. Liverpool – Newcastle, 1995**

**21.30 Premier League World**

**22.00 PL Classic Matches: Arsenal – Man United, 1998**

**22.30 QPR - Wigan**

### STÖÐ 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** (36:175)

**20.10 Friends** (2:24)

**20.35 Modern Family** (2:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 American Idol** (4:39) Vinsælasti skemmtiþáttur veraldar snýr aftur í ellefta skiptið.

**22.35 American Idol** (5:39)

**23.15 Human Target** (12:13)

**00.00 NCIS: Los Angeles** (6:24)

**00.45 Breaking Bad** (11:13)

**01.35 Týnda kynslóðin** (20:40)

**02.00 The Doctors** (36:175)

**02.40 Friends** (2:24)

**03.05 Modern Family** (2:24)

**03.30 Fréttir Stöðvar 2**

**04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Game Tíví** (1:14) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Game Tíví** (1:14) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**15.50 America's Next Top Model** (7:13) (e)

**16.40 Rachael Ray**

**17.25 Dr. Phil**

**18.15 Being Erica**.

**19.05 AFHV (e)**

**19.30 Live to Dance** (4:8) Það er söng- og dansdívan Paula Abdul sem er potturinn og pannan í þessum skemmtilega dansþætti þar sem 18 atriði keppa um hylli dómaranna og 500.000 dala verðlaun.

**20.20 Minute to Win it** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Matt Marr úr síðasta þætti og Samantha Gomez leggja allt undir í þætti kvöldsins.

**21.05 Minute to Win it**

**21.50 Ha?**

**22.40 Jonathan Ross**

**23.25 30 Rock** (22:23) (e)

**23.50 Flashpoint** (4:13) (e)

**00.40 Saturday Night Live** (5:22) (e)

**01.30 Jimmy Kimmel** (e)

**03.00 Whose Line is it Anyway?** (e)

**03.25 Real Hustle** (8:10) (e)

**03.50 Smash Cuts** (14:52) (e)

**04.15 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Golfing World **09.00** Abu Dhabi Golf Championship (2:4) **13.00** Farmers Insurance Open 2012 (1:4) **16.00** Abu Dhabi Golf Championship (2:4) **20.00** Farmers Insurance Open 2012 (2:4) **23.00** PGA Tour - Highlights (3:45) **23.55** ESPN America

### N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

### BBC entertainment

**06.30** The Vicar of Dibley **08.50** Jane Eyre **09.45** Come Dine With Me **11.25** Dara O'Briain Talks Funny... **12.15** Top Gear **13.10** The Vicar of Dibley **15.30** QI **16.30** Top Gear **17.25** Dara O'Briain Talks Funny... **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.10** Top Gear **21.00** Lee Evans Live from the West End **21.50** Peep Show **22.20** Live at the Apollo **23.10** QI **00.15** Lee Evans Live from the West End **01.05** Peep Show **01.40** The Graham Norton Show **02.25** The Weakest Link **03.15** Jane Eyre **04.05** Lee Evans Live from the West End

### DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Lægeambulancen **12.35** Aftenshowet **13.30** Hjælp, vi skal føde **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Downton Abbey **15.00** Postmand Per. Specialposttjenesten **15.15** Timmy-tid **15.25** Det kongelige spektakel **15.40** Bamses Lillebitte Billedbog **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hammerslag **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** Blondinens hævn **22.00** Who Am I?

### NRK 1

**11.45** NM på ski **13.45** Nordsjøens livsnerve **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Herskapelig redningsaksjon **16.00** NRK nyheter **16.10** Solgt! **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** NM på ski **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** Popstokk **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Sporløst forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** Game of Thrones **23.15** Tungrockens historie **00.00** Redd menig Osen

### SVT 1

**09.00** Min stad **09.20** Alpint **10.45** Debatt **11.30** Bästa frisören **12.20** Alpint **13.35** Kvinnliga designers **13.45** Livet på Laerkevej **14.30** Simons kök **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Din plats i historien **16.00** Bröderna Reyes **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Solisten **22.55** Tears of the Sun **00.50** Rapport **00.55** Äkta människor **02.55** Rapport **03.00** Så ska det låta

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




Engin transfita
100% WHOLE GRAIN
Orville Redenbacher's
Natural
NO ARTIFICIAL INGREDIENTS
SIMPLY
SALTED
6
BAGS
MICROWAVE
6-3.3 OZ (93.3g) BAGS
NET WT 1 LB 4 OZ (560g)
Í Orville örbylgjupoppi eru engar transfitusýrur!
Það verður að vera Orville...

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Það er ansi erfitt að velja eitt lag sem kemur mér í gott skap, ég er einstaklega hrifinn af allskyns stúlknaböndum frá sjöunda áratugnum og frönskum söngkonum. Ein plata sem ég hef spilað mikið síðustu vikurnar kemur samt frá Svíþjóð og er frá 1968 og syngja þar The Sunnygirls lagið From a Distance. Annars hlusta ég mikið á Broadcast sem er mín uppáhaldshljómsveit.“*

Sævar Markús fatahönnuður.

# Löngu smitaður af leiklistarbakteríunni

„Þetta er mikið spennufall enda búið að vera langt og strangt ferli,“ segir Baltasar Breki Samper sem komst inn í hið eftirsótta leikaranám hjá Listaháskóla Íslands og hefur nám næstkomandi haust.

Tíu manna hópur upprennandi leikara var valinn í byrjun vikunnar eftir inntökuferli sem hefur staðið yfir síðan í byrjun janúar en yfir 170 umsóknir bárust skólanum. Baltasar segir inntökuprófin miklu skemmtilegri en hann bjóst við. „Þarna voru margir hæfileikaríkir krakkar og það hlýtur að hafa verið ansi erfitt að velja á milli enda fannst mér allir eiga fullt erindi í þetta nám,“ segir Baltasar en ásamt honum komust þau Albert Halldórsson, Dominique Gyða Sigrúnardóttir, Eysteinn Sigurðarson, Kjartan Darri Kristjánsson, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Kristín Pétursdóttir, Ólafur Ásgeirsson, Vala Kristín Eiríksdóttir og Þuríður Blær Jóhannsdóttir inn.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Baltasar var hann í matarhléi í vinnunni en hann vinnur sem sviðsmaður hjá Þjóðleikhúsinu. „Ég byrjaði að vinna í haust í Þjóðleikhúsinu og núna erum við að æfa Vesalingana sem er risa uppsetning og mikið fjör.“

Baltasar Breki er sonur leikstjórans og leikarans Baltasars Kormáks og viðurkennir að hann hafi þegið ráðleggingar frá föður sínum fyrir prufurnar.

„Ég er löngu smitaður af leiklistarbakteríunni og get ekki valið á milli hvíta tjaldsins eða leikhússins. Hvort tveggja er jafn spennandi en ég hef unnið mikið með pabba þegar hann hefur verið að taka upp myndir hérna heima og það er heillandi heimur,“ segir Baltasar og bætir við að hann hafi aldrei hlakkað jafn mikið til að byrja í skólanum eins og núna. „Þetta er skrýtin tilfinning sem ég hef ekki upplifað áður, get hreinlega ekki beðið eftir haustinu.“ **- áp**



**HLAKKAR MIKIÐ TIL** Baltasar Breki Samper hefur aldrei hlakkað jafn mikið til að byrja í skólanum en hann er einn af tíu sem komust inn í hið eftirsótta leikaranám hjá Listaháskólanum í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG






## GUNNAR ATLI CAUTHERY: FRÁBÆRT AÐ VINNA MEÐ STEVEN SPIELBERG

# Leikur þýskan hermann í nýjustu mynd Spielbergs

„Hann var alveg frábær,“ segir Gunnar Atli Cauthery um sjálfan Steven Spielberg sem leikstýrði honum í kvikmyndinni War Horse sem var nýlega tilnefnd til sex Óskarsverðlauna.

Myndin fjallar um ungan mann sem skráir sig í herinn meðan á fyrri heimsstyrjöldinni stendur eftir að hesturinn hans kemst í vörslu breska hersins. Gunnar Atli fer með lítið hlutverk í myndinni sem þýskur hermaður og segir nokkrar línur. Hann starfaði með Spielberg í tvo daga í bænum Wisley á Englandi og viðurkennir að hafa verið spenntur að leika fyrir þennan mikla snilling.

„Hann var mjög almennilegur en einnig ákafur og metnaðarfullur. Hann hagaði sér ekki eins og hann væri búinn að fá nóg af þessum bransa,“ segir Gunnar Atli um Spielberg sem hefur á ferilskránni stórvirki á borð við E.T., Saving Private Ryan og Schindler´s List. „Hann var mjög skapandi á tökustaðnum og opinn fyrir öllum nýjungum. Hann prófaði að láta okkur fá nýja texta og einnig að skipta um sjónarhorn fyrir tökuvélarnar.“

Aðspurður segist Gunnar Atli hafa verið aðdáandi Spielbergs síðan í æsku og því hafi það verið óraunverulegt að standa allt í einu fyrir framan hann og leika. „Ég var varla að trúa því að hann væri þarna,“ segir hann.



**Á TÖKUSTAÐ** Gunnar Atli, vígalegur sem þýskur hermaður á tökustað kvikmyndarinnar War Horse.

Gunnar Atli er þrítugur og hefur búið í Bretlandi alla sína ævi. Móðir hans er Björg Árnadóttir sem eitt sinn lék í Þjóðleikhúsinu en faðir hans er breskur. Ungur að aldri fékk Gunnar Atli leiklistarbakteríuna og eftir að hafa leikið hinn hálfbreska Roland í kvikmyndinni Benjamín dúfu. Árið 2008 útskrifaðist hann úr hinum virta leiklistarskóla Royal Academy of Dramatic Arts. Eftir það fékk hann eftirsótt starf í útvarpsleikritum hjá BBC og lék meðal annars á móti Ian McKellen. „Það var engin smá upplifun svona snemma á ferlinum,“ segir hann um samstarfið við þennan þekkta leikara.

Einnig fór hann með lítið hlutverk í sjónvarpsþættinum The Tudors. Mest hefur Gunnar Atli samt leikið á sviði og undanfarna mánuði hefur hann ferðast um Bretland með leikhópnum Propeller sem flytur verk Shakespeares, Hinrik V. Fram undan eru ferðalög til Ástralíu, Nýja-Sjálands og Kína með leikhópnum. **freyr@frettabladid.is**


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

**Heimsljós** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 28.1. Kl. 19:30 10. sýn. U | Lau 11.2. Kl. 19:30 1. Aukas. | Lau 25.2. Kl. 19:30 16. sýn. |
| Sun 29.1. Kl. 19:30 11. sýn. U | Sun 12.2. Kl. 19:30 2. Aukas. | Sun 26.2. Kl. 19:30 17. sýn. |
| Lau 4.2. Kl. 19:30 12. sýn. Ö | Lau 18.2. Kl. 19:30 14. sýn. | |
| Sun 5.2. Kl. 19:30 13. sýn. Ö | Sun 19.2. Kl. 19:30 15. sýn. | |

**Les Misérables – Vesalingarnir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 2.3. Kl. 19:30 Frums. U | Sun 18.3. Kl. 19:30 7. sýn. U | Sun 1.4. Kl. 19:30 13. sýn. U |
| Fös 9.3. Kl. 19:30 2. sýn. U | Fös 23.3. Kl. 19:30 8. sýn. U | Lau 14.4. Kl. 19:30 14. sýn. U |
| Lau 10.3. Kl. 19:30 3. sýn. U | Lau 24.3. Kl. 19:30 9. sýn. U | Sun 15.4. Kl. 19:30 15. sýn. Ö |
| Sun 11.3. Kl. 19:30 4. sýn. U | Sun 25.3. Kl. 19:30 10. sýn. U | Lau 21.4. Kl. 19:30 16. sýn. Ö |
| Fös 16.3. Kl. 19:30 5. sýn. U | Fös 30.3. Kl. 19:30 11. sýn. U | Sun 22.4. Kl. 19:30 17. sýn. |
| Lau 17.3. Kl. 19:30 6. sýn. U | Lau 31.3. Kl. 19:30 12. sýn. U | |

**Svartur hundur prestsins** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 27.1. Kl. 19:30 AUKAS. | Lau 28.1. Kl. 19:30 AUKAS. | |

**Dagleiðin langa** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 24.2. Kl. 19:30 Frums. U | Sun 11.3. Kl. 19:30 5. sýn. U | Lau 24.3. Kl. 19:30 9. sýn. U |
| Fim 1.3. Kl. 19:30 2. sýn. U | Lau 17.3. Kl. 19:30 6. sýn. Ö | Fös 30.3. Kl. 19:30 10. sýn. Ö |
| Lau 3.3. Kl. 19:30 3. sýn. U | Sun 18.3. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Lau 31.3. Kl. 19:30 11. sýn. Ö |
| Lau 10.3. Kl. 19:30 4. sýn. U | Fös 23.3. Kl. 19:30 8. sýn. Ö | Fös 13.4. Kl. 19:30 12. sýn. Ö |

**Litla skrímslið og stóra skrímslið í leikhúsinu** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 28.1. Kl. 15:00 AUKAS. U | Sun 5.2. Kl. 13:30 U | Sun 12.2. Kl. 15:00 Ö |
| Sun 29.1. Kl. 13:30 12. sýn. U | Sun 5.2. Kl. 15:00 Ö | |
| Sun 29.1. Kl. 15:00 13. sýn. U | Sun 12.2. Kl. 13:30 Ö | |

**Uppnám** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 3.2. Kl. 21:00 AUKAS. | | |

**Uppistand – Mið-Ísland** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 10.2. Kl. 20:00 AUKAS. | | |

Allar kvöldsýningar hefjast kl. 19.30

Sími í miðasölu 551 1200


# Náði efsta sætinu hjá Amazon

„Ég bara skil þetta ekki,“ segir rithöfundurinn Hallgrímur Helgason.

Bók hans, The Hitman‘s Guide to Housecleaning, eða 10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp, náði efsta sætinu á vinsældalista Amazon yfir spennubækur í Kindle-rafbókarformi.

Bókin er gefin út af Amazon bæði í Kindle- og kiljuformi og kom inn á sölusíðuna á þriðjudaginn. Strax á fyrsta degi fór bókin inn á topp tíu í Kindle-búð Amazon í Englandi og um stund náði hún toppsætinu í spennusagnaflokki af Stieg Larsson, höfundi Millennium-þríleiksins. Í gær var bók Hallgríms komin niður í annað sætið.

„Þetta er eitthvað furðulegt, líka af því að bókin er í „þriller“-deild. Ég vona bara að fólk verði ekki fyrir vonbrigðum því þetta var ekki beint „þriller“ þegar ég var að skrifa hana,“ segir Hallgrímur. Eini „þrillerinn“ sem ég þekki er með Michael Jackson. Ég las einhvern tímann textann við það lag og það er eini þrillerinn sem ég hef lesið.“

Að sögn Hallgríms var búið að reyna að gefa bókina út á ensku, tungumálinu sem hún var fyrst skrifuð á, í fjögur ár eða þangað til Amazon kom inn í myndina. „Maður var með hnút í maganum yfir því hvort enskumælandi fólk myndi sætta sig við að lesa ensku sem væri ekki eftir mann með ensku að móðurmáli.“

Bókin hefur komið út á tíu tungumálum, nú síðast á kóresku. Kvikmyndarréttur hennar hefur einnig verið seldur til Danmerkur og hefur leikstjórinn Kasper Barfoed verið ráðinn af því tilefni. **- fb**



**FYRIR OFAN LARSSON** Hallgrímur Helgason hrifsaði toppsætið af Stieg Larsson hjá Amazon.



Krassandi ævintýraleikrit
Gulleyjan
Byggt á sígildri sögu eftir Robert Louis Stevenson
Frumsýning á Akureyri í kvöld!
Fös. 27/1 kl.20 UPPSELT
Lau. 28/1 kl. 19 UPPSELT
Sun. 29/1 kl. 19 örfá sæti
Fim. 2/2 kl. 19 UPPSELT
Fös. 3/2 kl. 19 örfá sæti
Lau. 4/2 kl. 19 UPPSELT
Sun. 5/2 kl. 19 Aukasýn.
Fim. 9/2 kl. 19 UPPSELT
Fös. 10/2 kl. 19
Lau. 11/2 kl. 19
Fös. 17/2 kl. 19 UPPSELT
Lau. 18/2 kl. 16 UPPSELT
Leikstjórn: Sigurður Sigurjónsson | Handrit: Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson
Leikmynd: Snorri Freyr Hilmarsson | Búningar: Agnieszka Baranowska og Júlíanna L. Steingrímsdóttir | Tónskáld: Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson | Hljóðstjórn: Gunnar Sigurbjörnsson | Gervahönnun: Ragna Fossberg | Sviðshreyfingar: Katrín Ingvadóttir
Leikarar: Björn Jörundur Friðbjörnsson, Einar Aðalsteinsson, Guðmundur Ólafsson, Ívar Helgason, Kjartan Guðjónsson, Þóra Karítas Árnadóttir, Þórunn Erna Clausen, Örn Haraldsson
Samstarfsverkefni Leikfélags Akureyrar og Borgarleikhússins, sýnt á Akureyri janúar-mars 2012
Miðasala | 4 600 200 | www.leikfelag.is
VALITOR
Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fluttur heim til Íslands

**Snorri Helgason**, fyrrum meðlimur Sprengjuhallarinnar, er fluttur heim til Íslands eftir ársdvöl í London þar sem hann einbeitti sér að tónlistarferlinum. Hann er þó ekki fluttur heim til að slaka á því í lok febrúar leggur hann af stað í tveggja vikna tónleikaferð um Pólland. Spilamennska víðar um Evrópu er einnig fyrirhuguð á næstu mánuðum. Snorri hefur jafnframt gefið út nýtt myndband við lagið Mockingbird sem hin ítalska Elisa Vendramin leikstýrði.



### Áhugi á gamla Bakkusi

Nokkrir aðilar hafa sýnt húsnæðinu við Tryggvagötu þar sem skemmtistaðurinn Bakkus var áður til húsa áhuga. Bakkus, sem **Jón Pálmar Sigurðsson** rekur, flutti yfir í smærra húsnæði að Laugavegi 22 um síðustu helgi eftir tveggja og hálfs árs dvöl við Tryggvagötuna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru aðilar frá Gauki á Stöng, sem er á efri hæð hússins, og Players í Kópavogi á meðal þeirra sem hafa sýnt áhuga á að leigja húsnæðið, sem er í eigu Eikar, fasteignafélags.

- fb



## Mest lesið vísir

1. Rautt þýðir ófært
2. Hamagangur á Reykjanesbrautinni…
3. Hélt að bílnum hefði verið stolið - fann hann svo…
4. Ógnaði björgunarsveitarmanni sem þurfti að…
5. Stúdentar kvarta til umboðsmanns Alþingis…








COLUMBIA DASKA GÖNGUSKÓR
Dömu- og herrastærðir 36–48
23.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 37.990 KR.

DEVOLD EXPEDITION ULLARFATNAÐUR
KK og KVK, margir litir
Bolur
7.592 KR.
FULLT VERÐ 9.490 KR.
Buxur
7.592 KR.
FULLT VERÐ 9.490 KR.

ALLAR VÖRUR FRÁ DEVOLD Á 20% AFSLÆTTI

47% AFSLÁTTUR
COLUMBIA NEWTON RIDGE
Stærðir 36–46
14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 27.990 KR.

CONWAY KULDASKÓR
Vatnsheldir, einnig til í svörtu
Stærðir 25–35
4.490 KR.
FULLT VERÐ 6.799 KR.

DIDRIKSONS JORDAN BARNAÚLPA
Stærðir 130–170
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.

MOUNTAIN HARDWEAR MICROSTRETCH FLÍSPEYSA
Stærðir S–XXL
12.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.

DIDRIKSONS BARNAREGNGALLI
Vind- og vatnsheldur
4.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 6.990 KR.

NIKE MRT DÚNÚLPA
Stærðir S–XXL
26.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 44.990 KR.

COLUMBIA PEARL PUSH FLÍSPEYSA
Stærðir S–XL
Einnig til í svörtu
13.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 21.990 KR.

33% AFSLÁTTUR
DIDRIKSONS EXPEDITION ÚLPA
Hvít, stærðir 36–44
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.

50% AFSLÁTTUR
COLUMBIA HEXABREAKER ÚLPA
Stærðir XS–XL
29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 59.990 KR.

36% AFSLÁTTUR
COLUMBIA SNOW BARNADÚNÚLPA
Stærðir S–XL
15.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.

COLUMBIA SOFT SHELL
Stærðir S–XXL
18.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 27.990 KR.

SCOTT LAMBHÚSHETTA
Stærðir S–XL, góð öndun
4.490 KR.
VERÐ ÁÐUR 5.490 KR.

DIDRIKSONS ZETA REGNBUXUR
Stærðir S–XXL
7.990 KR.
FULLT VERÐ 10.990 KR.

PIPAR\TBWA • SÍA • 120046

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA